

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 14. janúar, var haldinn 177. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30. Fundinn sátu Alexandra Briem varaformaður (P), Geir Finnsson (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sara Björg Sigurðardóttir (S), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjóri; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir staðgengill sviðsstjóra, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram áfangaskýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík, dags. í desember 2019. SFS2019100023

Guðlaug Gísladóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.40 taka Magnús Þór Jónsson og Embla María Möller Atladóttir sæti á fundinum.
- Kl. 13.17 vikur Anna Metta Norðdahl af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar þakka stýrihópnum fyrir góða og áhugaverða áfangaskýrslu, en sú vinna sem unnin er í hópnum og þær upplýsingar sem þar hefur verið safnað saman eru bæði góðar og gagnlegar fyrir alla sem starfa að málefnum leikskóla. Sérstaklega er því fagnað að nú sé verið að skoða starfsemi leikskólanna og þá ólíku þætti sem hafa áhrif á gæði starfsins heildrænt og verður mjög fróðlegt að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt reglum um leikskólaþjónustu og jafnréttisskimun, dags. 9. janúar 2020:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gerð verði breyting á 1. mgr. í gr. 1.b í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu. Ákvæðið er nú svohljóðandi:

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálf klukkustund að hámarki á dag.

Eftir breytingu orðast ákvæði svo:

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í níu klukkustundir að hámarki á dag.

Samþykkt er að sett verði eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða í reglur um leikskólaþjónustu: Ekki eru gerðir nýir dvalarsamningar né heldur lenging á gildandi dvalarsamningum fram yfir kl. 16:30.

Frá 1. apríl 2020 verða dvalarsamningar, sem nú þegar eru í gildi og ná til lengri tíma en 16:30, að hámarki til kl. 16:30.

Foreldrum og forsjáraðilum með gildandi dvalarsamninga til kl. 16:45 eða 17:00 er heimilt að sækja um aðlögunarfrest til 1. ágúst 2020 vegna sérstakra aðstæðna.

Breyting taki gildi frá og með samþykkt borgarráðs.

Greinargerð fylgir. SFS2019100023

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar áréttu að níu og hálfur tími er mjög langur viðverutími fyrir barn í leikskóla. Mikilvægt er að vinnuveitendur sýni barnafólki líka skilning þegar kemur að högun vinnutíma, en hvorki er heilsusamlegt né fýsilegt að dvalartími á leikskólum sé eins langur að staðaldri og hingað til hefur verið heimild fyrir. Hér er lagt til að hámarksvistunartími verði stytur um hálf tíma til að draga úr álagi á börn og starfsfólk og er það til samræmis við það sem gert hefur verið í ýmsum stærri sveitarfélögum að undanfögnu, s.s. Akureyri, Reykjanesbæ og nú síðast Kópavogi auk þess sem heimild til að loka kl. 16.30 hefur verið veitt í Hafnarfirði. Þá er rétt að hafa í huga að innan við helmingur foreldra sem kaupir tíma fyrir börn sín eftir kl. 16.30 notar hann í reynd.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Breyttur samningur um leikskólaþjónustu mun hafa í för með sér skerta þjónustu fyrir fjölmargar fjölskyldur í borginni. Ljóst er að flestir foreldrar ráða ekki vinnutíma sínum eða hafa sveigjanlegan vinnutíma. Þá hefur auk þess ferðatími fólks til og frá vinnu aukist umtalsvert undanfarin ár þannig að erfitt getur reynst fyrir marga foreldra að ná að sækja börn sín fyrir kl. 16:30. Mikilvægt er að þörfum þessara foreldra sé mætt með sveigjanlegum opnunartíma leikskólanna í stað þess að taka miðlæga ákvörðun um opnunartíma fyrir alla leikskóla borgarinnar. Hverjum og einum leikskóla yrði falið að skipuleggja lengd leikskóladagsins miðað við þarfir barnanna og fjölskyldna þeirra. Slík ráðstöfun myndi auka sjálfstæði leikskólanna enn frekar og opna á sveigjanlegri vinnudag starfsfólks leikskólanna.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra leggur fram svohljóðandi bókun:

Leikskólastjórar fagna breytingu um opnunartíma leikskóla úr 07:30-17:00 í 07:30 til 16:30 og að hámarksdvalartími barns verði 9 tímar. Þessi aðgerð mun jafna stöðu skóla í borginni og auka gæði í þjónustu við börn og skref í áttina til móts við styttri vinnuviku.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. nóvember 2019, um staðfestingu starfsáætlana leikskóla í Reykjavík starfsárið 2019-2020 ásamt starfsáætlunum leikskóla í Reykjavík. SFS2019040204

Samþykkt.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. desember 2019, um staðfestingu starfsáætlana grunnskóla í Reykjavík skólaárið 2019-2020 ásamt starfsáætlunum grunnskóla í Reykjavík. SFS2018020107

Samþykkt.

5. Lagt fram nýtt rekstrarleyfi fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. janúar 2020, varðandi rekstrarleyfi fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi ásamt rekstrarleyfi fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi og bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 4. desember 2019. SFS2020010018

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í borgarráði 31. október 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. janúar 2020:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið ráðist í eftirfarandi aðgerðir til að koma til móts við fjölskyldufólk í Reykjavík: 1. Skipulags- og starfsdagar kennara í leik- og grunnskólum verði betur samræmdir innan borgarhverfa þvert á skólastig. 2. Skólasetning grunnskóla hefjist á mánudegi og fyrsti skóladagur hefjist samdægurs í beinu framhaldi. 3. Skólaslit grunnskóla verði á föstudegi og eigi sér stað að loknum síðasta skóladegi. 4. Börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla bjóðist frístund samkvæmt gjaldskrá þá daga sem foreldraviðtöl eiga sér stað.

Greinargerð fylgir. SFS2019110047

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar þakka fulltrúum Sjálfstæðisflokksins fyrir auðsýndan áhuga á breytingum á skólastarfi til að falla betur að vinnutíma foreldra, sem séu að sögn ætlaðar til hagsbóta fyrir fjölskyldufólk, fremur en vinnuveitenda þeirra. Eins þakka fulltrúarnir skóla- og frístundasviði minnisblað þar sem ekki er annað að sjá en að allar þær tillögur sem hér um ræðir séu annað hvort nú þegar í framkvæmd að einhverju eða öllu leyti, eða að innleiðing þeirra myndi skarast á við ákvæði kjarasamninga eða faglegt sjálfstæði skólaeininga. Þó er rétt að áréttu að þau tilmæli sviðsins til skólanna að reynt sé að samræma starfsdaga eftir því sem mögulegt er, eru nú þegar í gildi.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 14. nóvember 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. nóvember 2019:

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg gefi öllum grunnskólabörnum í Reykjavík endurskinsmerki. Með slíkri gjöf er borgin að stuðla að auknu öryggi barna í umferðinni. Barn sést fimm sinnum fyrr þegar það lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Kostnaður við að gefa grunnskólabörnum borgarinnar endurskinsmerki gæti verið um 25 milljónir og má taka það fjármagn af liðnum „ófyrriséd.“ Öryggi barnanna í umferðinni í borginni ætti að vera efst á forgangslista okkar allra. Öll viljum við leggja okkar að mörkum til að börnin séu sem öruggust nú þegar skammdegi er mest. Skemmtilegt væri ef börn fengju það verkefni að hanna endurskinsmerkið.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. SFS2019110136

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir ágæta tillögu og tekur undir þá áherslu sem þar kemur fram á notkun endurskinsmerkja í umferðinni. Þó er tekið undir þau sjónarmið skóla- og frístundasviðs að ósennilegt sé að takmarkaður aðgangur að slíkum endurskinsmerkjum, eða að kostnaður við þau sé fjölskyldum íþyngjandi og standi notkun þeirra fyrir þrífum. Tekið er undir þau rök að leita þurfi betur leiða til að hvetja til aukinnar notkunar þeirra og auka fræðslu til að tryggja umferðaröryggi barna og mikilvægi notkunar endurskinsmerkja.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. janúar 2020, um stöðu innleiðingar vegna breytinga á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi ásamt drögum að erindisbréfum innleiðingarhópa. SFS2019020105

- Kl. 14.30 vikur Geir Finnsson af fundinum og Aron Leví Beck tekur þar sæti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata þakka fyrir skýrar og góðar upplýsingar um stöðu mála í norðanverðum Grafarvogi. Mikilvægt er að áfram sé haldið vel á málum og innleiðingarhóparnir geti tekið til starfa sem fyrst, til þess að hægt sé að hefjast handa við samráð og útfærslu breytinganna sem fyrst, svo að eftirstandandi óvissu sé eytt og möguleg neikvæð áhrif hennar á líðan og störf starfsfólks og nemenda verði með minnsta móti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja ítreka þá afstöðu sína að þeir eru mótfallnir þeim sameiningum sem verið er að fara í í Grafarvogi. Þeir telja það ekki góðs viti að vinna starfshópa sé ekki farin af stað þar sem stuttur tími er til stefnu til þess að fara í þessar viðamiklu breytingar.

9. Lagt fram fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs, tímabilið janúar – september 2019. SFS2019060141
10. Fram fer kynning á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2020. SFS2019020034

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Í kynningu á fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er enn fluttur sá boðskapur að enn verði ekki unnið að því að verðbæta almennan rekstrarkostnað eða horfa til raunkostnaðar við sérkennslu í grunnskólum borgarinnar. Auk þess virðist ekki horft raunþæjum augum á þann kostnað sem hlýst af langtíma- og skammtímaforföllum starfsfólks. Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara skora á skóla- og frístundaráð að ganga óhikað og tafarlaust til þeirra verka að uppfæra fjárhagsáætlun grunnskólahluta skóla- og frístundasviðs að raunkostnaði og taka þá umræðu upp á vettvangi borgarstjórnar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði þakka góða kynningu á fjárhagsáætlun og fjárhagsuppgjöri sviðsins. Ljóst er að skólarnir eru alvarlega vanfjármagnaðir og enn er vinnu við reiknilíkan skólanna ekki lokið. Yfirlitið ber með sér að ábendingar Innri endurskoðunar um að rekstur skóla- og frístundastarfs Reykjavíkur væri vanfjármagnaður síðustu árin, áttu fullan rétt á sér og kallar á viðbrögð án tafa. Athugasemdir og ábendingar sem koma fram í meðfylgjandi yfirliti eru þær sömu og komið hafa fram árlega síðustu árin án þess að meirihluti borgarstjórnar hafi brugðist við. Þessi vanfjármögnun veldur stjórnendum skóla borgarinnar erfiðleikum sem bitna á skólastarfi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gera alvarlegar athugasemdir við vinnulagið og kalla enn og aftur eftir breyttum vinnubrögðum í fjárhagsáætlanagerð skóla- og frístundasviðs, núverandi ástand er algjörlega óviðunandi og til skaða fyrir skólastarf í borginni. Sem dæmi má nefna að í dag geta margir skólar ekki lengur fjármagnað forfallakennslu og þurfa því að senda nemendur heim. Það er gert þó lögboðin sé sú skylda grunnskólanna og fræðsluyfirvalda í borginni að sjá til þess að nemendur fái forfallakennslu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata þakka fyrir skýra og góða kynningu á fjárhagsáætlun sviðsins fyrir 2020 og uppgjöri ársins 2019. Töluvert áhyggjuefni er að sjá að kostnaður vegna veikinda er enn vanáætlaður milli ára og jafnframt kostnaður vegna sérkennslu, en með vísun í úttekt Innri endurskoðunar á fjárhagslegu umhverfi grunnskóla Reykjavíkur er ljóst að liúka þarf sem fyrst yfirstandandi endurskoðun á úthlutunarlíkani vegna grunnskóla til að kostnaður vegna veikinda, sérkennslu, kennslu barna með annað móðurmál en íslensku og annarra verkefna endurspegli umhverfi starfsemi þeirra með raunsæri hætti. Eins er þörf á endurskoðun bókhaldsumhverfis og bókhaldslykla grunnskóla, með gegnsæi

og rekjanleika að leiðarljósi. Líóst er að endurskoðun af þessu tagi er nauðsynleg forsenda þess að skólastarf borgarinnar geti haldið áfram að dafna.

Lögð er fram bókun skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata sem skráð var í trúnaðarbók skóla- og frístundaráðs 24. september 2019:

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir komandi ár sýnir áframhaldandi hækkun framlaga til málaflokksins og stefnir í að hækkunin nemi tæpum 2 milljörðum króna milli ára þrátt fyrir 1% hagræðingarkröfu. Engu að síður er ljóst að þörf er á auknum framlögum í einstaka liði til að mæta raunkostnaði, einkum vegna sérkennslu, langtímaveikinda starfsfólks og annars rekstrarkostnaðar starfsstöðva en því sem tengist launum og húsnæði. Meðal helstu breytinga má nefna aukin framlög til íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku, móttökustöðvar fyrir börn innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og fjölgun starfsfólks á elstu deildum leikskóla í tengslum við aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi starfsfólks.

- Kl. 15.39 vikur Valgerður Sigurðardóttir af fundinum.
  - Kl. 15.47 vikur Guðrún Kaldal af fundinum.
11. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr. tímabilið júlí – september 2019. SFS2019060142
  12. Lagt fram yfirlit yfir ferðir starfsmanna skóla- og frístundasviðs og kjörinna fulltrúa, tímabilið júlí til september 2019, dags. 2. desember 2019. SFS2019060143
  13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. nóvember 2019, um ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Garðaborg. SFS2019120028

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Garðaborgar Elínu Björk Einaradóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Gunni Árnadóttur fyrir vel unnin störf.

14. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. nóvember 2019, um ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Klettaborg. SFS2019100064

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Klettaborgar Júlíönu S. Hilmisdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Lilju Eyþórsdóttur fyrir vel unnin störf.

15. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. nóvember 2019, um ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Fífuborg. SFS2019120029

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Fífuborgar Helgu Sigurðardóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Sænni Elfu Pedersen fyrir vel unnin störf.

16. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. janúar 2020, um ráðningu í stöðu skólastjóra í Ártúnsskóla. SFS2020010019

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Ártúnsskóla, Ellen Gísladóttur, til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi skólastjóra, Rannveigu Andrésdóttur fyrir vel unnin störf.

17. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. desember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 167. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi dreifingu námsgagna haustið 2019. SFS2019080135

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata þakka skóla og frístundasviði fyrir greinagott svar og fagna því jafnframt hversu vel þessi aðgerð hefur gengið og hve miklu hagræði hún hefur skilað í bæði tíma og fjármunum foreldra og barna sem annars hefðu farið í innkaup á námsgögnum.

18. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. desember 2019, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi umferðaröryggi barna við grunnskóla Reykjavíkurborgar. SFS2019090289

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata þakka skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði fyrir greinagóð svör, og taka undir að fjöldi gangbrauta, gönguljosa og undirganga er ekki endilega mælikvarði á öryggi barna á leið í og úr skóla, en það mikilvægasta sem við getum gert til að auka öryggi barna og annarra gangandi í umferðinni er að draga úr umferð nálægt skólum og stuðla að því að gönguleiðir séu öruggar og setji gangandi í forgang.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Umferðaröryggi barna við grunnskóla borgarinnar er víða ábótavant. Athygli vekur að ekki eru gangbrautir við 9 grunnskóla og ekki gangbrautarljós nema við 7 skóla. Margítrekað hefur verið bent á að bæta þurfi umferðaröryggi við þá skóla þar sem því er ábótavant. Brynt er að hafist verði handa sem fyrst við að tryggja umferðaröryggi við þá skóla þar sem ekki eru sérmerktar upplýstar gangbrautir í samræmi við umferðarlög.

- Kl. 16.27 víkja Embla María Möller Atladóttir, Magnús Þór Jónsson, Kristján Gunnarsson, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Soffía Vagnsdóttir og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir af fundinum.
- Kl. 16.40 víkja Jón Ingi Gíslason, Guðrún Gunnarsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir af fundinum.

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Mikið uppsafnað viðhaldsleysi hefur verið svo árum skiptir á skólahúsnæði Melaskóla með þeim afleiðingum að ástandið var komið á grafalvarlegt stig í vetur þegar nemendur og kennarar þurftu að hirsta í köldum skólastofum þar sem ofnar og ofnakerfi skólans voru komnir á tíma og rafmagnskerfi í ólestri. Það var ekki fyrr en í óefni var komið að brugðist var við þessu ástandi. Enn er ekkert loftræsikerfi í gamla skólanum, hljóðvist í ólagi þannig að sumir hverjir nemendur þurfa að matast með eyrnahlífar og ennfremur eru aðgengismál fyrir fatlaða í ólestri þar sem engin lyfta er til staðar í gamla skólahúsnæðinu. Lagt er til að gerð verði áætlun um endurbætur og viðhald á skólanum hið fyrsta.

Frestað. SFS2020010086

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að opnunartími leikskóla Reykjavíkur verði sveigjanlegur og hverjum og einum leikskóla verði boðið að skipuleggja lengd leikskóladagsins með þarfir þeirra foreldra í huga sem eru ekki með sveigjanlegan vinnutíma, sem og hagsmunum barna og starfsfólks. Slík ráðstöfun myndi gera leikskólana sjálfstæðari og á sama tíma myndi skapast tækifæri til að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma í leikskólunum.

Frestað. SFS2019100023

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja mikilvægt að vinnu við reiknilíkan skólanna ljúki sem allra fyrst. Þar sem fulltrúar skólastjórnenda sitja ekki í starfshópnum við vinnu við nýtt reiknilíkan er lagt til að þeim verði boðið að skipa fulltrúa í hópinn þannig að þeir hafi tækifæri til að koma að sjónarmiðum skólastjórnenda áður en vinnu við reiknilíkanið lýkur.

Frestað. SFS2020010087

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að ekki tókst að fullmanna allar stöður í leik- og grunnskólum ásamt frístundaheimilum fyrir áramót er óskað eftir að fá stöðu ráðninga inn á næsta fund ráðsins.

SFS2018080035

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ítrekuð er fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks frá því í nóvember um stöðu biðlista eftir sérfræðipjónustu. Í ljósi þeirrar staðreyndar og fyrirbyggjandi upplýsinga um fjölda barna í Reykjavík sem eru á biðlista eftir sérfræðiaðstoð er óskað eftir að fá sundurliðaðar upplýsingar eftir hverfum um stöðu biðlistanna.

SFS2019110080

24. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um fjölda leikskólakennara eftir skiptingu niður í hverfi. Nú er skólunum skipt niður á 10 hverfi og óskað er eftir þessum upplýsingum per hverfi miða við fjölda starfandi leikskólakennara í nóvember 2019.

SFS2020010088

25. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hvort að skólaakstur úr Staðahverfi í Grafarvogi verði endurskoðaður vegna fjölda kvartana frá foreldrum og þeirri staðreynd að skólaaksturinn hafi verið að bregðast hvað eftir annað.

SFS2019100041

26. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir skilgreiningu á því hvað sé nýsköpunarskóli. Eins óska þeir eftir því hvort að hægt verði að opna nýsköpunarskóla á unglíngastigi í Kelduskóla Vík haustið 2020 líkt og stefnt er að, þrátt fyrir að stuttur tími sé til stefnu. Eins hvort að foreldrar verði ekki fljótlega upplýstir um gang mála og hvernig skólustarfi nýsköpunarskóla sé háttáð.

SFS2020010089

**Fundi slitið kl. 16:48**

Aron Leví Beck  
Sara Björg Sigurðardóttir  
Örn Þórðarson

Alexandra Briem

Marta Guðjónsdóttir  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 28. janúar, var haldinn 178. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.32. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórnarfrístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum, Magnús Þór Jónsson, skólastjórnarfrístundamiðstöðva, Stefán Geir Hermannsson, Reykjavíkurráð ungmenna og Þórunn Steindórsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Menntastefna Reykjavíkur til 2030, staða innleiðingar, dags. í desember 2019. SFS2017010019

Fríða Bjarney Jónsdóttir og Guðrún Hjartardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.40 taka Linda Ósk Sigurðardóttir og Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir innihaldsríka og fræðandi kynningu á innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Menntastefnan sameinar helstu markmið borgarinnar í skóla- og frístundastarfi um fjölbreytta menntun við hæfi hvers og eins, velferð nemenda, góðan aðbúnað og bætt vinnuumhverfi barna og starfsfólks og fjölþætta starfsþróun fagfólks og annarra starfsmanna leikskóla, grunnskóla og frístundar. Afar ánægjulegt er að fylgjast með markvissri innleiðingu menntastefnunnar undir dyggri forystu Fríðu Bjarneyjar Jónsdóttur og félag hennar á Nýsköpunarsmiðju menntamála.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. janúar 2020:

Lagt er til að niðurstöður reykviskra grunnskóla í PISA-könnuninni verði gerðar opinberar. Sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í einstökum greinum; lesskilningi, náttúruvísindum og stærðfræði verði sendar viðkomandi skólastjórnendum, skólaráði og stjórn foreldrafélags í því skyni að hvetja til upplýstra umræðna um kennsluhætti og námsárangur.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur og Arnar Þórðarsonar. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Valgerður Sigurðardóttir, situr hjá. SFS2019120070

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

PISA könnunin er eina alþjóðlega samanburðarmælingin sem gerð er hér á landi á skólakerfinu. Hún gefur veigamiklar og samræmdar upplýsingar um þróun skólastarfs frá einum tíma til annars. Mörg erlend skólakerfi nota niðurstöður PISA-prófa til að láta skóla fá endurgjöf á starf sitt. Íslenska menntakerfið er í kjörstöðu að því leyti að hér þreyta allir 10. bekkingar PISA-prófið og því ættu niðurstöður þess að nýtast betur en í öðrum OECD-ríkjum þar sem einungis er um úrtak að ræða. Árið 2012 tók Námsmatsstofnun (forveri

Menntamálastofnunar) saman greinargóðar upplýsingar um frammistöðu hvers skóla fyrir sig. Margir skólastjórnendur fögnuðu því að fá slíka endurgjöf á starfsemi sína, nýttu niðurstöðurnar til umbóta í skólastarfi og efldu þannig hag nemenda sinna. Þeir gátu þá séð hversu hátt hlutfall nemenda sinna var á hverju hæfnisþrepi og hvar þeir voru í röðinni miðað við aðra skóla í Reykjavík. Til að efla og bæta skólastarf í borginni er mikilvægt að niðurstöður kannanaprófa á borð við samræmdu prófin og PISA prófin séu nýttar til umbóta í skólastarfi en til þess að gera það kleift er nauðsynlegt að sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í borginni í PISA könnuninni liggi fyrir í einstökum greinum og þær sendar skólastjórnendum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

PISA könnunin er samkvæmt skilgreiningu próf sem hefur þann tilgang að bera saman heil menntakerfi milli landa. Könnunin hentar síður til að bera saman smærri einingar og alls ekki til að bera saman árangur nemenda milli einstakra skóla. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins gengur því beinlínis gegn tilgangi PISA könnunarinnar og það sem verra er, gögnin myndu einfaldlega ekki gefa marktækar niðurstöður. Tillagan fellur því um sjálfa sig enda vekur athygli að ekki er einu sinni samstaða um hana í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019:

Lagt er til að umferðaröryggi í Úlfarsárdal verði bætt með áherslu á göngu- og hjólaleiðir barna til og frá skóla. Þá er lagt til að gangbrautir verði sérmerktar og upplýstar í samræmi við umferðarlög.

Samþykkt. SFS2019100042

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Löngu tímabært og brýnt er að bæta umferðaröryggi í Úlfarsárdalnum, sérstaklega við Dalskóla, sem stendur við mikla umferðargötu, þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing slæm. Umferð er mikil á þessu svæði og kemur til með að aukast umtalsvert þegar nýtt íþróttahús, sundlaug og menningarmiðstöð verða tekin í notkun. Því er fagnað að undirbúningur að aðgerðum er hafin til að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi á helstu hættustöðum í hverfinu. Þær umbætur munu hins vegar ekki koma til framkvæmda fyrr en næsta sumar. Með þá staðreynd í huga er nauðsynlegt að farið verði í bráðabirgðaaðgerðir í vetur til að tryggja umferðaröryggi barna við Dalskóla.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. október 2019:

Skóla- og frístundaráð leggur til að Úlfarsárdalurinn verði valinn sem einn af þeim fimm stöðum sem taka þátt í tilraunaverkefni um LED gangbrautir sem felur í sér að tæknibúnaður skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá LED götulýsingu þannig að einungis gangbrautin og sá sem fer yfir verða lýstir upp. Jafnframt kviknar lýsing í gangbrautarmerkinu og viðvörunarljós fyrir akandi umferð.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2019100042

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Úlfarsárdalur er hverfi í virkri uppbyggingu, og þar skiptir máli að raða verkefnum svo heildar uppbygging gangi sem best. Nú þegar eru á áætlun aðgerðir til að bæta umferðaröryggi fyrir gangandi og hjólandi og ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja þá tillögu sem snýr að þeim úrbótum. Öryggi gangandi og hjólandi er mikið forgangsmál og fer vel á því að hnykkja á því. Hvað varðar tilraunaverkefni með upplýstar LED-gangbrautir er það verkefni svo langt á veg komið að ekki verður með góðu móti skipt um gatnamót í þessum hluta verkefnisins. Það færi hins vegar vel á því að sú gangbraut sem hér er til umræðu yrði skoðuð gaumgæfilega þegar og ef tekin er ákvörðun um frekari LED væðingu gangbrauta í kjölfar þess tilraunaverkefnis.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan var lögð fram í október og ekki tekin fyrir í skóla- og frístundaráði fyrr en nú í lok janúar. Brynt hefði verið að koma þeim skilaboðum áleiðis sem fyrst að óskað hefði verið eftir að Úlfarsárdalur væri einn af þeim stöðum sem yrði fyrir valinu sem tilraunahverfi fyrir LED gangbrautir enda hefði það orðið mikill liður í að bæta umferðaröryggi barna við Dalskóla.

5. Fram fer kynning á niðurstöðum könnunar um gönguleiðir grunnskólabarna. SFS2020010155

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata þakka fyrir kynningu á könnun um ferðavenjur og gönguleiðir skólabarna milli heimilis og skóla í Reykjavík. Gífurlega ánægjulegt er að sjá þá lykilniðurstöðu að 75% nemenda ferðast til og frá skóla fótgangandi eða hjólandi. Mikilvægt er að ýta undir þá þróun og halda áfram öflugri hjólastefnu og halda áfram að leggja áherslu á mannvænt borgarumhverfi sem hentar vel til göngu. Um er að ræða stöðuga þróun sem þarf að halda við.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarstjórn 7. maí 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2020:

Flokkur fólksins leggur til að byggt verði við Brúarskóla til þess að hann geti stækkað og tekið við fleiri nemendum. Staðsetning Brúarskóla sem er í Vesturhlíð er afar hentug staðsetning fyrir skóla eins og Brúarskóla þar sem staðsetningin er ótengd m.a íbúðarhverfi og verslunum. Mikil friðsæld er í hverfinu, gott næði til að vinna með börnin en samt stutt í allar áttir. Mikilvægt er að skólinn sé og verði staðsettur á þeim stað sem hann er. Í dag eru 24 börn í skólanum en lagt er til að skólinn verði stækkaður til að geta að minnsta kosti bætt við 6-8 nemendum í viðbót. Núna eru 19 börn á biðlista. Brúarskóli er einn sinnar tegundar. Í honum stunda nám börn sem eiga við djúpstæðan hegðunarvanda að stríða sem rekja má til ólíkra orsaka og raskana. Skólinn er tímabundið úrræði og ávallt er markmiðið að vinna börnin aftur út í heimaskólann. Meðallengd skólavistar er 15-18 mánuðir. Brúarskóli sinnir fleiri hlutverkum og eitt þeirra er ráðgjafahlutverk við aðra skóla. Sérhæft ráðgjafarteymi fer á vettvang í skóla sé þess óskað. Í Brúarskóla eru 2 þátttökubekkir í tengslum við skólann, annar í Húsaskóla og hinn í Ingunnarskóla og eru samtals 10 börn í þessum bekkjum. Brúarskóli sinnir auk þess kennslu á Stuðlum og BUGL. Skólinn er rekinn af Reykjavíkurborg með stuðningi úr Jöfnunarsjóði.

Greinargerð fylgir.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2019050099

- Kl. 15.10 vikur Magnús Þór Jónsson af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar úttektar Evrópumíðstöðvarinnar á menntastefnunni skóla án aðgreiningar hefur menntamálaráðuneytið í samvinnu við Samband sveitarfélaga unnið að því að breyta áherslum í þá veru að fækka greiningum en fjölga inngrípum í þágu barna með sérstakar þarfir út frá hugmyndafræði snemmtækrar iðlutunar. Á sama tíma hefur borgin aukið þjónustu við þennan hóp með fjölgun fagfólks á borð við hegðunarráðgjafa, talmeinafræðinga, stofnun fartheyma o.s.frv. Síðast en ekki síst er hafin innleiðing menntastefnu borgarinnar þar sem er að finna mikla áherslu á forvarnarstarf í hegðunarmálum með það að markmiði að auka félagsfærni barna. Þá hefur sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs það hlutverk með höndum að skoða heildstætt allt stuðningskerfi borgarinnar við börn með sérþarfir. Við þessar aðstæður er ekki tímabært að taka ákvörðun um stækkun sérskóla á borð við Brúarskóla.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 2. maí 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2020:

Eftirfarandi tillaga Flokks fólksins snýr að nemendum sem eru með ýmis konar geðraskanir en eins og vitað er er mjög erfitt fyrir þessi börn að fá aðstoð í "venjulegum skóla". 1. Lagt er til fyrst og síðast að farið sé að lögum. Það er lögbrot að reka börn úr skólaskyldu vegna frávika. Það verður að setja meira fjármagn með hverju barni til að ráða faglegan stuðningsfulltrúa t.d. iðjuþjálfara eða sálfræðing sem hefur eitthvað vægi inn í skólafundum. 2. Lagt er til að fjármagn sé merkt barni en ekki skóla þannig að það fylgi barninu skipti það um skóla. 3. Lagt er til að unnið verði markvisst að því að fækka nemendum í bekkjum. 4. Lagt er til að í miðjum tíma fái börn tækifæri til að standa upp og fá hreyfingu. 5. Lagt er til að láta af því að afsérþarfavæða börnin til að það aðlagist kerfinu, hinum svo kallaða „skóla án aðgreiningar“. Skóla- og frístundaráð hefur gengið allt of langt að reyna að þagga niður vanda barna til að láta þau passa inn í skólakerfi sem er ekki útbúið til að taka á þörfum allra barna. Erlendis má sjá að í stað þess að reyna sífelld að slökkva elda er börnum leyft að nota stóra bolta í stað stóla, heyrnartól með tónlist til að þau geti haldið athyglinni og þeim leyft að nýta öll þau verkfæri sem virka til að vinna og efla kosti barnanna. Sveigjanleiki og margbreytileiki þarf að koma sterkar inn í hugmyndafræði skólafundanna. 6. Lagt er til að skóla- og frístundaráð auki vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólanum. Eins og vitað er eru styrkleikar barna alls konar. 7. Lagt er til að skóla- og frístundaráð fari nú að alvöru að eyða endalausum biðlistum í þjónustu s.s. greiningar. Borgarstjóri hefur nýlega sagt á opinberum vettvangi að verið sé að setja meira fjármagn í skólana. Hvernig væri að sýna að hér eru ekki einungis orðin tóm? 8. Lagt er til að aðgengi barna að sálfræðingum og iðjuþjálfurum verði stórbætt og að foreldrar hafi ávallt gott aðgengi að þessum sérfræðingum.

Tillagan er felld. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. SFS2019050046

8. Lagt fram verklag vegna stuðnings við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs, dags. 17. maí 2018 og samantekt um stuðning við verkefni fyrir ungmenni í Reykjavík, ódags. SFS2017030073

Samþykkt.

9. Lögð fram dagskrá ráðstefnu fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar sem fram fer 7. febrúar 2020. SFS2020010154

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundaráðs, dags. 22. janúar 2020, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði 15.-17. janúar 2020. SFS2018080035

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Góður árangur hefur náðst í ráðningarmálum á undanförunum vikum ekki síst í leikskólum og vekur athygli að þar á nú aðeins eftir að fylla 17 stöðugildi í 63 leikskólum, eða um 0,25 stöðugildi að jafnaði í hverjum leikskóla. Það er betri staða en sést hefur í mörg ár.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 177. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi ráðninga á skóla- og frístundasviði. SFS2018080035
12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi skráningar atvika er varða öryggi barna í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum. SFS2019090288
13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 162. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi tónmenntakennslu í grunnskólum. SFS2019060109

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tónlistarkennslu er augljóslega víða ábótavant í grunnskólum borgarinnar þar sem ekki er kennt tónmennt í einhverjum árgöngum í 14 skólum og þá aðallega á unglíngastigi. Þá vekur athygli að af tíu skólum með 1. – 6. eða 7. bekk eru tónmenntakennarar með kennsluréttindi og sem kenna tónmennt í sex skólum. Í tveimur af þessum skólum er tónmennt aðeins kennt í 1. – 3. eða 4. bekk. Þá er engin tónmennt kennt í einum af þremur unglíngaskólunum. Jafnframt er athugavert að ekki liggja fyrir upplýsingar hvað varðar stöðu kennslu samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár í einstaka skólum en nám nemenda í öllum námsgreinum er metið skv. hæfniviðmiðum aðalnámskrár í hverri námsgrein eða námssviði. Samkvæmt þessu er ljóst að fjöldi nemenda fer á mis við tónmenntakennslu í grunnskólum borgarinnar. Við þeirri stöðu þarf að bregðast þannig að nemendur fái þá kennslu sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá.

14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 174. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi aðsókn reykvískra barna í Arnarskóla. SFS2019110081

- Kl. 16.06 vikur Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundinum.

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samkvæmt svari sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði varðandi tónlistarkennslu í grunnskólum borgarinnar kemur í ljós að tónlistarkennslu er víða ábótavant. Óskað er ítarlegri upplýsinga en fram kemur í svarinu um hvaða skóla er að ræða

SFS2019060109

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska upplýsinga vegna leka í Fossvogsskóla, ábendingar hafa komið frá foreldrum um að upplýsingagjöf hafi verið verulega ábótavant til þeirra. Af því tilefni er óskað eftir því að nauðsynlegar upplýsingar varðandi framkvæmdina og ástand skólans verði veittar á næsta fundi (meðal annars eftirtaldir upplýsingar).

- 1) Fá að sjá eftirlitsdagbók af viðhaldi á Fossvogsskóla í sumar og haust. Eins þá með hvaða hætti mygluprófið sem gaf grænt ljós á að opna skólann aftur var framkvæmt, hver framkvæmdi það, hvort ítrasta próf hafi verið framkvæmt eða ekki. Ef ekki, hverju það sæti og hver tók ákvörðun um að framkvæma ekki ítrasta og nákvæmasta prófið? Með hvaða hætti var hreinsun myglu háttað?
- 2) Fá að sjá samskipti milli skólastjórnenda, foreldra og skóla- og frístundasviðs frá september og fram í janúar vegna leka sem aftur kom upp í Fossvogsskóla.
- 3) Fá upplýsingar um það hversu margir starfsmenn Fossvogsskóla hafa verið fjarverandi vegna veikinda síðustu 5 ár? Hvernig mælast fjarvistir frá vinnu í samanburði við aðra skóla?
- 4) Fá upplýsingar um það hvenær skóla- og frístundasvið var upplýst um leka í endurnýjuðu þaki Fossvogsskóla og aðrar raka- og mygluskemmdir á skólanum eftir endurbætur?
- 5) Fá upplýsingar um það hvernig sviðið ætlar að bregðast við þeim aðstæðum sem núna hafa komið upp í Fossvogsskóla.
- 6) Fá upplýsingar um það hversu hár kostnaður var við framkvæmdir við Fossvogsskóla.

SFS2020010179

### Fundi slitið kl. 16:18

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Örn Þórðarson

Marta Guðjónsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 11. febrúar, var haldinn 179. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Embla María Möller Atladóttir, Reykjavíkurráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2020, dags. 5. febrúar 2020, yfirlit yfir umsóknir um almenna styrki skóla- og frístundaráðs árið 2020 og reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs. Lögð er fram svohljóðandi tillaga úthlutunarnefndar um almenna styrki skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki skóla- og frístundaráðs 2020, í þeim tilfellum þar sem lagt er til veittur að verði styrkur að hluta er skilyrt að styrkuppþæð verði varið í tilgreinda þætti sem fram koma í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 5. febrúar 2020:
  - 1) Umsækjandi: ADHD samtökin. Heiti verkefnis: Nám og tómsundur með ADHD. Kr. 600.000.
  - 2) Umsækjandi: Alexía Björg Jóhannsdóttir. Heiti verkefnis: Kynfræðsla Þörupilta. Kr. 500.000.
  - 3) Umsækjandi: Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Heiti verkefnis: Stelpur filma. Kr. 500.000.
  - 4) Umsækjandi: Félag Horizon. Heiti verkefnis: Pangea stærðfræðikeppni. Kr. 250.000.
  - 5) Umsækjandi: Laila Margrét Arnþórsdóttir. Heiti verkefnis: Tilfinningadrekin minn. Kr. 300.000.
  - 6) Umsækjandi: Landssamband slökkviliðsmanna. Heiti verkefnis: Eldvarnarátak 2019. Kr. 300.000.
  - 7) Umsækjandi: Markús Már Efráim. Heiti verkefnis: Rithöfundaskólinn í Gerðubergi. Kr. 350.000.
  - 8) Umsækjandi: Móðurmál – samtök um tvítýngi. Heiti verkefnis: Hýsing gagna í Gegni. Kr. 200.000.
  - 9) Umsækjandi: Móðurmál – samtök um tvítýngi. Heiti verkefnis: Innkaup skólagaagna. Kr. 100.000.
  - 10) Umsækjandi: Rauði krossinn. Heiti verkefnis: Krakkanám. Kr. 250.000.
  - 11) Umsækjandi: Rithöfundasamband Íslands. Heiti verkefnis: Skáld í skólum. Kr. 600.000.
  - 12) Umsækjandi: SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna. Heiti verkefnis: Mánuður myndlistar. Kr. 250.000.
  - 13) Umsækjandi: Tónskóli Sigursveins. Heiti verkefnis: Lögin hans Aðalsteins Ásbergs. Kr. 500.000.

Samþykkt. SFS2019100191

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur valnefndar að styrkjum, en áréttar að ástæða er til að ræða nánara samstarf milli sviða borgarinnar um fyrirkomulag almennra styrkja og þykir ástæða til að endurskoða úthlutunarferlið og samræma viðmið og yfirsýn. Ráðið vísar því samþykktinni til forsætisnefndar með ósk um að hún hafi frumkvæði að endurskoðun á þessu ferli.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt áfangaskýrslu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík, dags. í desember 2019:

Lagt er til að laus rými í leikskólum borgarinnar verði kynnt og boðin foreldrum laus til umsóknar. Jafnframt verði innleiðingu áður samþykkrar ákvörðunar um 7% heildarlækkun á rekstrarleyfum leikskóla flýtt með þeim hætti að síðari áfangi breytingarinnar taki gildi 1. mars 2020 í stað 1. ágúst 2020.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2019100023

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í tengslum við Brúum bilið aðgerðaáætlunina hefur tekist að fjölga talsvert leikskólarýmum í borginni og bjóða yngri börnum í leikskóla. Jákvæð afleiðing af þeirri stöðu er að tekist hefur að útrýma biðlistum á allmörgum leikskólum borgarinnar og þar eru nú laus pláss sem hægt er að bjóða nýjum börnum. Alls er um að ræða rúmlega 200 rými og er hér lagt til að athygli foreldra í borginni verði vakin á þessum lausu plássum og þeim gefinn kostur á að sækja um fyrir börn sín. Samhliða er stigið skref í að ljúka innleiðingu á ákvörðun frá 2018 um að stækka leikrými barnanna með því að skilgreina færri börn á hverri deild.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 10. janúar 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins vill enn og aftur leggja það til að borgarmeirihlutinn setji málaflokk sérskóla í forgang og veiti í hann meira fé. Nú hefur fjárhagsáætlun nýlega verið samþykkt og var ekkert í henni sem liðkar til í þessum efnum. Lagt er til að fjármálaskrifstofan leggist yfir þetta í samvinnu við fjármálastjóra skóla- og frístundarsviðs og komi með tillögur til borgarráðs hvar taka megi fjármagn til að fjölga rýmum í skóla eins og Klettaskóla og mögulega í Arnarskóla. Arnarskóli er að öllu leyti til fyrirmyndar og einmitt sá skóli sem Reykjavík ætti að horfa til þegar stofna skal nýjan sérskóla í Reykjavík.

Samþykkt að vísa tillögunni til stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustufarir. SFS2018080155

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 18. júlí 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. febrúar 2020:

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundaráð kalli markvisst og kerfisbundið eftir upplýsingum frá foreldrum sem telja að börn þeirra fái ekki náms-, félags, og/eða tilfinningalegum þörfum sínum mætt í hinum „almenna skóla“ byggðan á stefnu borgarinnar sem kallast Skóli án aðgreiningar. Eins og Flokkur fólksins hefur margítrekað þá er verið að taka áhættu með andlega heilsu barna ef þau eru sett í aðstæður til langs tíma þar sem þau fá ekki notið sín í. Barn sem upplifir sig ekki vera meðal jafningja og finnur sig einangrað er í áhættu með að þróa með sér depurð og kvíða. Eins og fram hefur komið m.a. í könnun Velferðarvaktarinnar er hópur barna sem neitar að fara í skólann vegna vanlíðan sem þau tengja skólanum. Hópurinn hefur farið stækkandi undanfarin ár. Þessi börn geta verið alla ævi að byggja sig upp eftir áralanga veru í skólaaðstæðum sem ekki hentar þeim.

Greinargerð fylgir.



Tillöggunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2019070105

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 22. október 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. janúar 2020:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að sendur verði upplýsingapóstur á alla dagforeldra í Reykjavík þar sem kemur fram hver sé tengiliður þeirra hjá Reykjavíkurborg. Þar verði gefið upp nafn, netfang og símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi tengilið á vinnutíma.

Samþykkt. SFS2019100141

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að brugðist hafi verið við tillöggunni og búið sé að gera bragarbót á upplýsingaflæði til dagforeldra.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2020, um börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2019-2020 ásamt yfirlit yfir nemendafjölda eftir skólum og árgöngum 1. október 2019. SFS2020020023

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla og frístundaráð þakkar fyrir upplýsingar um börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Sérstaka athygli vekur að af 15.385 börnum á þessum aldri með lögheimili í Reykjavík þá eru 179 börn þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hvar og hvort þau stunda nám í grunnskóla hérlendis eða erlendis. Ráðið beinir þeim tilmælum til sviðsins að vekja athygli mennta- og menningarmálaráðuneytis og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar á þessari staðreynd með það í huga að komið verði á fót samræmdu verklagi til að tryggja að engin börn fari á mis við skólagöngu á Íslandi.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2019, um ráðningu í stöðu skólastjóra í Engjaskóla. SFS2020020016

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Engjaskóla Álfheiði Einarsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar.

8. Lagt fram yfirlit yfir starfshópa skóla- og frístundasviðs í janúar 2020. SFS2019100018
9. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið október 2019 – janúar 2020. SFS2019100020
10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. febrúar 2020, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 5572. fundi borgarráðs, varðandi jafnréttismat á breyttum opnunartíma leikskóla. SFS2020010202

Freyja Barkardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúum Sjálfstæðisflokks þætti betri bragur á því að fleiri kæmu að úttekt á jafnréttismati vegna fyrirhugaðra breytinga á opnunartíma leikskóla. Um er að ræða umdeilt verkefni

sem mikilvægt er að hafið verði yfir allan vafa og sátt skapist um það. Samhliða úttektinni yrði utanaðkomandi aðili fenginn til ráðgjafar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikil umræða hefur skapast um tillögu ráðsins um breyttan opnunartíma leikskóla og er eðlilegt að skoðanir séu skiptar þó nauðsynlegt sé að minna á að tillagan er lögð fram til að minnka álag í leikskólum og standa vörð um það mikilvæga starf sem fram fer í leikskólum borgarinnar. Brýnt er að greina vandlega áhrif breytinganna á mismunandi hópa foreldra og kalla eftir viðhorfum þeirra og þess vegna er mikilvæg sú vandaða vinna sem stendur yfir við að undirbúa jafnréttismat á áhrifum tillögunnar. Matið er unnið samkvæmt leiðbeiningum fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarinnar og sérfræðingar í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun frá fjármála- og áhættustýringarsviði og skóla- og frístundasviði stýra vinnunni við gerð matsins.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 174. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi fjölda barna á biðlistum eftir sérfræðiþjónustu. SFS2019110080

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Biðlistar eftir sérfræðiþjónustu lengjast stöðugt og fjölgun tilvísana í skólaþjónustu hefur aukist um 23% milli árána 2017-2019. Alls bíða 759 börn eftir fyrstu þjónustu og frekari þjónustu. Þá er biðlistinn misjafn eftir hverfum og er lengstur í þremur þjónustumiðstöðvum, Laugardal/Háleiti, Breiðholti og í Grafarvogi og Kjalarnesi. Taka þarf á þessum biðlistavanda með raunhæfum úrræðum í samræmi við ábendingar í skýrslu Innri endurskoðunar frá júlí 2019:., Á fundum með skólastjórnendum kom ítrekað fram að þeir telja að inn í skólana vanti sérfræðinga til að fást við vandamál nemenda, svo sem sálfræðinga og félagsráðgjafa. Þjónusta við skólana væri vissulega í boði á þjónustumiðstöðvunum en talað var um að það þyrfti oft að bíða lengi eftir henni og hún væri fyrst og fremst greining á vanda nemandans en ekki meðferð, að skólastjórnendur telja að inn í skólana vanti sérfræðinga til að fást við vandamál nemenda, svo sem sálfræðinga og félagsráðgjafa. Þjónusta við skólana væri vissulega í boði á þjónustumiðstöðvum en það þyrfti oft að bíða lengi eftir henni." Þessar ábendingar eru í samræmi við skýrslu starfshóps um Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara um að þjónustu skólasálfræðinga og annarra fagaðila verði í auknum mæli beint inn í skólana í samræmi við ákvæði grunnskólalaga. Hér er bent á lausnir á biðlistavandanum sem ber að taka alvarlega.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt að fram komi að bið eftir fyrstu þjónustu þýðir hér að skólaþjónustan hefur sett sig í samband við skólann en ekki foreldrana, en það þarf ekki að þýða að fjölskyldan hafi ekki fengið neina þjónustu eða námskeið á vegum þjónustumiðstöðvarinnar. Mikil aukning hefur orðið á fjölda umsókna um sérfræðiþjónustu síðustu ár, og þó svo lenging biðlista sé áhyggjumál, er rétt að halda til haga að þeim börnum sem þiggja þjónustu hefur fjölgað úr 1.243 árið 2017 í 1.481 árið 2019. Þó er lenging biðlista til marks um að enn frekari viðbragða sé þörf og það er mikilvægt verkefni bæði skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs. Í því skyni hefur verið stofnaður sameiginlegur stýrihópur ráðanna og tilraunaverkefnið 'Betri borg fyrir börn' hefur verið sett í gang í Breiðholti, með það að markmiði að útfæra skólaþjónustuna betur. Einnig er starfandi starfshópur um endurskoðun úthlutunarlíkans til grunnskólanna og mikilvægt að þeirri vinnu verði lokið fljótt og vel.

- Kl. 15.10 vikur Guðrún Kaldal af fundinum.

12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 175. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi hækkun niðurgreiðslna til dagforeldra. SFS2019110146
13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi viðbrögð við viðhorfskönnun starfsmanna. SFS2019090291
14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 175. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum. SFS2019110143

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Víða er góð og metnaðarfull umferðarfræðsla í leik- og grunnskólum borgarinnar og til fyrirmyndar er samstarf leikskólanna við Samgöngustofu. Í svarinu er ekki um tæmandi upplýsingar að ræða. Minna virðist vera um umferðarfræðslu á miðstigi og unglingastigi en á yngri stigum. Mikilvægt er að þessir árgangar fái þessa fræðslu einnig, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að notkun fisfarartækja hefur aukist á borð við rafhlaupahjól og vespur en mikilvægt er að kenna unglingum umgengni við þessi farartæki. Brýnt er að allir leik- og grunnskólar séu hvattir til að bjóða upp á markvissa umferðarfræðslu.

15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. febrúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 177. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi fjölda leikskólakennara eftir hverfum. SFS2020010088

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks vekja athvölg á því að Reykjavíkurborg rekur 63 leikskóla. Í lögum um leikskóla kemur fram að hann sé fyrsta skólastigið en þar er kveðið á um að tveir af hverjum þrem starfsmönnum skulu vera menntaðir leikskólakennarar. Leikskólar gegna mikilvægu hlutverki í menntun barnanna okkar. Í nóvember 2019 voru starfandi í borgarreknum leikskólum Reykjavíkurborgar 351 leikskólakennari í 301 stöðugildi en heildarfjöldi stöðugilda er um 1400.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Leikskólastjórar hafa áhyggjur af lágu starfshlutfalli og af fámennum hópi leikskólakennara og annarra háskólamenntaðra í störfum með börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar, miðað við aðra starfsmenn. Ef öll háskólamenntun er borin saman við heildina, þá eru: 62 leikskólastjórar 4%, 303,8 leikskólakennarar 19,55%, 224,1 uppeldismenntaðir starfsmenn, 14,42% og 158,2 starfsmenn með aðra háskólamenntun 10,%, 721,5 aðrar starfsstéttir 46,4% og 83,6 í mótuneyti og ræsting 5%. Öll háskólamenntun er innan við helmingur af heildinni. Samkvæmt lögum ættu 66% eða 2/3 hluti starfsmanna að vera með leikskólakennaramenntun, sem segir okkur að það ættu að vera 1025 stöðugild mönnuð leikskólakennurum en eru í dag 303 eða 365,8 ef leikskólastjórar eru taldir með sem gerir 23,5%. Það vantar 659 leikskólakennara miðað við heildarstöðugildi leikskólanna í dag til að uppfylla lög um leikskóla. Skortur á leikskólakennurum og annarri fagmenntun, ásamt mikilli starfsmannaveltu sem er vel yfir 30%, veldur miklu álagi, bæði á börn og starfsmenn sem hefur mikil áhrif á starfsumhverfi leikskóla. Endurskoða þarf launakjör og efla tækifæri starfsmanna til námsleyfa, til að styðja betur við leikskóla til að uppfylla markmið laga. Hér þarf að gera stóratök og ná sátt hjá öllum flokkum til að takast á við vandann.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Metnaður borgarinnar stendur til þess að standa vörð um og bæta enn frekar það gæðastarf sem fram fer í leikskólum borgarinnar. Stærsta áskorun leikskólastigsins á landinu öllu er skortur á menntuðum leikskólakennurum til að fylla störf þeirra sem fara á eftirlaun. Mikið hefur verið gert til að bæta starfsumhverfi starfsfólks leikskóla og fleira er í burðarliðnum. Viðræður um betri kjör starfsfólks standa vfir í kjarasamningum þessa dagana og ríki, háskólar og borgin vinna saman að því að hvetja ungt fólk til að leggja stund á kennaranám. Þar hefur nemendum fjölgað nokkuð á allra síðustu árum og er nauðsynlegt að allir leggi sitt af mörkum til að sú þróun haldi áfram.

16. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um embættisafgreiðslu sviðsstjóra, dags. 5. febrúar 2020, eitt mál. SFS2019020033

- Kl. 15.35 víkja Embla María Möller Atladóttir og Kristján Gunnarsson af fundinum.
- Kl. 15.40 vikur Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir af fundinum.

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í úrbætur á aðstöðu fyrir félagsmiðstöð við Sæmundarskóla en bæði foreldrar og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar hafa ítrekað kallað eftir því að aðstaðan verði bætt. Gert var ráð fyrir við hönnun skólans að aðstaða væri fyrir félagsmiðstöð innan hans en sú aðstaða hefur nánast frá upphafi verði nýtt í skólastofur. Bent hefur verið á að ákjósanlegast sé að koma upp varanlegri aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina austan megin við Sæmundarskóla til framtíðar. Á meðan slíkri aðstöðu hefur ekki verið komið upp er mikilvægt að farið verði í bráðabirgðaaðgerðir til að mynda með færanlegum kennslustofum.

Frestað. SFS2020020040

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði strax í bráðabirgðaaðgerðir til að tryggja umferðaröryggi við Dalskóla í ljósi þess að ekki verður farið í framkvæmdir fyrr en í sumar til að bæta umferðaröryggi á helstu göngu- og hjólaleiðum barna til og frá skóla. Dalskóli stendur við mikla umferðargötu, þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing slæm og því brýnt að gripið verði til bráðbirgðaráðstafana hið allra fyrsta.

Frestað. SFS2019100042

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvenær mötuneyti í Dalskóla verði tekið í gagnið.

SFS2019060106

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvenær nýjar Chrome tölvur verða afhentar Seljaskóla í stað véla sem skemmdust í bruna sem varð í skólanum.

SFS2020020041

21. Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

SAMFOK hefur lengi fengið þau skilaboð frá foreldrum að töluvert vanti upp á að starfsemi skólaráða sé samkvæmt lögum og reglum. Við teljum það mjög alvarlegt þegar ráðin eru ekki rétt skipuð og starfsemi þeirra ekki samkvæmt lögum og reglum. Enda er þá ekki um sannarlegt samstarf að ræða.

1. Hefur skóla- og frístundasvið gert sér grein fyrir þessari stöðu og hversu alvarleg hún er?
2. Er einhver starfsmaður skóla- og frístundasviðs sem ber ábyrgð á því að fylgjast með því hvort skólaráðin starfi eftir lögum og reglum? Ef ekki teljið þið það nauðsynlegt?
3. Eru einhver viðurlög við því þegar skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?
4. Er til einhver áætlun um inn grip ef skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?
5. Nú þegar ljóst er hversu slæm staðan er verður eitthvað gert í því?
6. Í reglugerðinni kemur fram að fundargerðir skuli birtar á vef skólans en við hönnun vefsíðnanna var ekki gert ráð fyrir skólaráðunum og vantar þau ennþá á allmargar heimasíður. Hvers vegna var ekki gert ráð fyrir þeim í hönnunarferlinu?

Greinargerð fylgir. SFS2020020042

### Fundi slitið kl. 15:53

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Marta Guðjónsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Örn Þórðarson



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 25. febrúar, var haldinn 180. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.37. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Kolbrún Baldursdóttir (F), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Linda Heiðarsdóttir, skólasiórnar í grunnskólum; Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Stefán Geir Hermannsson, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefninu Betri borg fyrir börn. SFS2019090153

Óskar Dýrmondur Ólafsson, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Helgi Eiríksson og Hulda Sólrún Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Betri borg fyrir börn er tímamótaverkefni þar sem bætt þjónusta við börn og foreldra, skilvirkni og dreifstýring eru lykilorðin. Heildrænt samstarf eininga sem þjónusta börn og fjölskyldur þeirra er skref í því að bæta þjónustu og nýta tíma, aðstöðu og fjármagn betur, stytta boðleiðir og efla möguleika með grenndarþjónustu til að bregðast hratt við málum sem upp koma. Sérstaklega er mikilvægt að samstarfið geri það kleift að grípa þau mál sem ekki tilheyrja einni rekstrareiningu sérstaklega og gætu fallið milli stafs og byggju annars. Markviss stoðþjónusta í nærumhverfi barna er leiðarljósið og greinilegt er að verkefnið fer vel af stað. Það er mikilvægt því ef vel gengur mun þessi aðferðafræði verða innleidd í öllum borgarhlutum innan fárra missera.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Betri borg verkefninu er ætlað stórt hlutverk. Flokkur fólksins leggur áherslu á að Betri borg skoði vel árangursmælingar og samstarf. Stundum er nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðila til að mæla árangur til að gæta hlutleysis. Árangursmælingar skipta miklu máli fyrir öll verkefni og má í þessu sambandi nefna mælingar á sérkennslu, stuðningi og skólaþjónustu til að auka gæði og virkni þjónustunnar fyrir börnin. Skóla- og frístundasvið hefur alla tíð rennt blint í sjóinn með það hvernig fjármagn, um 5 milljarðar, sem veitt er í sérkennslu nýtist börnunum þar sem litlar samræmdar árangursmælingar hafa verið gerðar. Þetta tengist niðurstöðum PISA sem sýna að íslensk börn standa illa að vígi í lesskilningi samanborið við önnur lönd og 30% drengja og um 12% stúlkna geti hvorki lesið sér til gagns né til gamans við lok grunnskóla. Flokkur fólksins leggur áherslu á að samstarf sé aukið við heilsugæsluna í formi ráðgjafar frá læknum og sálfræðingum Þroska- og hegðunarmiðstöðvar með það að markmiði að saxa á biðlistana. Hér þarf skóla- og frístundaráð að eiga frumkvæði en Betri borg verkefnið getur leikið stórt hlutverk. Minna má á í þessu sambandi að mörg hundruð börn bíða eftir fyrstu og frekari þjónustu hjá sérfræðingum skólaþjónustu.

2. Fram fer kynning á viðbrögðum og áhrifum vegna verkfalla félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg. SFS2020020015

- Kl. 13.27 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Verkfall félagsmanna Eflingar hefur mikil áhrif á skólastarf í Reykjavík og þó enginn deili um verkfallsrétt starfsfólks þá er ljóst að nauðsyn þess að samningar takist vex dag frá degi. Báðir aðilar við samningaborðið hafa mikið til síns máls og góð samstaða er um það grundvallarmarkmið að bæta sérstaklega kjör þeirra sem minnst hafa borið úr bítum. Á þeim grundvelli hefur borgin kynnt sitt tilboð sem gengur lengra en ákvæði lífskjarasamningsins á síðastliðnu ári og vonandi skapar það grundvöll til lausnar við samningaborðið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það verkfall sem nú er í gangi er með öllu óviðunandi og getur borgarstjóri farið í að leysa það umsvifalaust sé til þess vilji. Verkfallið hefur áhrif á rúmlega 3.500 leikskólabörn og 1.650 notendur velferðarþjónustu. Fram hefur komið að samninganefnd borgarinnar hefur ítrekað slegið á sáttartilboð frá Eflingu. Borgin verður að fara að koma betur til móts við Eflingarfélag. Flokkur fólksins telur að skóla- og frístundaráð eigi að beita sér með ríkari hætti t.d. með því að taka stöðu með þeim sem berjast fyrir að fá mannsæmandi laun. Leggjast þarf á eitt til að höggva á hnútinn enda kominn tími til að lyfta þessum láglaunabotni með séraðgerð. Allir vita að útilokað er að lifa með mannsæmandi hætti á þeim launum sem Eflingarfólki er boðið. Allt tal um lífskjör og lífskjarasamninga hlýtur að hljóma eins og öskur í eyru þeirra sem fátt geta veitt sér eftir að hafa greitt leigu, lán og reikninga. Hér er um að ræða hópa fólks sem á kannski eftir örfáa þúsundkalla til að lifa af þegar bíúð er að greiða leigu og reikninga. Verkfall kemur illa niður á börnunum sem bíða í óvissu um hvenær rútína kemst aftur á líf þeirra.

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Láglaunastefna Reykjavíkurborgar hefur haft í för með sér mikla starfsmannaveltu í leikskólum borgarinnar sem óneitanlega hefur haft í för með sér neikvæð áhrif á menntun leikskólabarna og starfsumhverfi þeirra sem starfa og nema í leikskólum. Staðan í Reykjavík er grafalvarleg. Verkfall Eflingar hefur haft mjög mikil áhrif á fjölskyldur í Reykjavík og leikskólakennarar eru farnir að finna fyrir álaginu og pressunni sem því fylgir. Leikskólakennarar í Reykjavík styðja kjarabaráttu samstarfsmanna sinna í Eflingu heilshugar og skora því á samninganefndir að ganga að samningsborðinu og leysa deiluna farsælega.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. febrúar 2020, um staðfestingu skóladagatala grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2021-2022. SFS2020020096

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður þá skoðun sem fram hefur komið á fundi skóla- og frístundaráðs í umræðunni um staðfestingu á skóladagatali þar sem fram kemur að um sé að ræða of mikla miðstýringu. Sjálfsagt er að setja ramma en innan þess ramma eigi skólum að vera treyst til að skipulegga dagatal sitt eins og hentar, og í samráði við kennara og jafnvel foreldra.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú er vinna við starfsáætlanir og skóladagatöl í gangi fyrir skólaárið 2020-2021. Samkvæmt 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal í hverjum grunnskóla gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Í árlegri starfsáætlun skal m.a. gera grein fyrir skóladagatali þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.



Sérstaklega er tekið fram í þeirri lagagrein að hún skuli unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalahlds. Fari starfsáætlun gegn kjarasamningum fara þær því jafnframt gegn lögum og eru því ólögmætar. Skóladagatöl eru í stuttu máli lýðræðislegt ferli innan skóla en ekki miðstýrt valdboð. Samráðsvinna kennara og stjórnenda innan hvers skóla mótar innihald skóladagatala sem síðan er lagt fyrir skólaráð skólans til samþykktar. Þaðan eru þau send viðkomandi skólanefnd (skóla- og frístundaráð) til staðfestingar. Vinna við skóladagatal starfsárið 2021-2022 er eðli málsins samkvæmt ekki tímabær. Kjarasamningar eru ókláraðir og hafa veruleg áhrif á skóladagatal.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um enn eina miðlæga ákvörðunina að ræða sem tekin er fyrir alla skóla borgarinnar þannig að skólarnir hafa hvorki tillögurétt né ákvörðunarvald um hvernig vetrarfrí skólanna er skipulagt næstu tvö árin. Mikilvægt er að sjálfstæði skólanna sé virt og að skólarnir hafi möguleika á sveigjanleika í að skipuleggja vetrarfríin í samráði við kennara, starfsfólk og foreldra skólanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt fram skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022 til kynningar, en afgreiðsla þess er frestað. Vilji meirihlutans í ráðinu er ekki að miðstýra eða taka fram fyrir hendur skólastjórnenda, og því leggjum við áherslu á að eiga nánara samtal við skólasamfélagið áður en málið verður tekið til afgreiðslu.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 12. september 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2019:

Tillaga Flokks fólksins um að skóla- og frístundaráð styrki tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur og almennt starfsfólk í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðunar um úthlutun fjárhagsgramma til skóla. Lagt er til af Flokki fólksins að skóla- og frístundaráð fundi með skólastjórnendum í Reykjavík. Markmiðið er að skóla- og frístundaráð komist í betri tengsl við skólastjórnendur og fólkið á gólfinu og fái að heyra frá fyrstu hendi óskir þeirra og ábendingar um hvað betur má fara. Skýrsla Innri endurskoðunar gefur sterkar vísendingar um að skóla- og frístundaráð sé ekki og hafi ekki verið lengi í tengslum við skólanna. Of margir milliliðir eru milli skólastjórnenda, kennara, foreldra og barnanna annars vegar og stjórnvalds borgarinnar í skólamállum hins vegar. Brúa þarf þetta bil og verður það aðeins gert ef skóla- og frístundaráð fer í skólana með opnum huga og ræðir beint við stjórnendur, kennara og nemendur. Enda þótt fulltrúar allra skólahópa sitji fundi ráðsins er það ekki það sama og þau tengsl og tengingar sem hér eru lagðar til.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata:

Skóla- og frístundaráð leggur til að efnt verði til árlegra samráðsfunda skóla- og frístundaráðs og skólastjórnenda í grunnskólum borgarinnar þar sem fjallað verði um þau mál sem helst brenna á skólastjórnendum hverju sinni. Miðað er við að slíkir fundir verði tvisvar á ári, einn í ágúst og annar í janúar. Þessir fundir munu koma í staðinn fyrir aðkomu kjörinna fulltrúa skóla- og frístundaráðs að hefðbundnum fundum fagskrifstofu grunnskóla með skólastjórnendum tvisvar á ári.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2019090180

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að stuðla að góðum samskiptum kiörinna fulltrúa skóla- og frístundaráðs við stjórnendur og með þessari breytingatillögu meirihlutans er stuðlað að markvissari samskiptum þessara aðila. Tvisvar á ári munu þessir aðilar funda um þau mál sem helst brenna á stjórnendum grunnskóla og setja í skýran lausnarfarveg þau mál sem kalla á nánari vinnu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að skóla- og frístundaráð styrki sérstaklega tengsl sín og samskipti við skólastjórnendur í ljósi nýútkominnar skýrslu Innri endurskoðanda um úthlutun fjárhagsramma til skóla. Í minnisblaði sviðsstjóra er lögð fram breytingartillaga um að í staðinn fyrir að bjóða kjörnum fulltrúum á fundi fagskrifstofu grunnskóla með skólastjórnendum þá sé efnt til árlegra samráðsfunda skóla- og frístundaráðs og skólastjórnenda í grunnskólum til að fjalla um það sem brennur á hverju sinni. Það er tvennt í þessu sem fulltrúa Flokks fólksins finnst skipta máli og það er að á þessum samráðsfundum sé frjálst samtal en ekki skipulögð dagskrá. Kjörnir fulltrúar kunna að vilja spyrja skólastjórnendur um skoðun og afstöðu þeirra til mála. Flokki fólksins finnst engin ástæða til að falla frá hinum fundunum en þar er skipulögð dagskrá. Hafa má báða þessa möguleika fyrir þá kjörnu fulltrúa sem þess óska. Mikilvægast er að skólastjórnendur hafi gott aðgengi að kjörnum fulltrúum og skólaráðinu og sviðinu og að tekið sé mark á hvað skólastjórnendur segja. Eins og lýst er í skýrslu Innri endurskoðunar þá upplifa skólastjórnendur sig ekki vera með í ráðum og ekki boðið að borðinu þegar verið er að ákveða fjárhagsrammann. Þetta sýnir og segir að tengsl hafa rofnað hafi þau verið til staðar þ.e.a.s.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. september 2018 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2019:

Flokkur fólksins vill leggja til að inntökureglur í svokallaðan þátttökubekk verði rýmkaðar til muna. Til stóð að bekkirnir yrðu 4 í borginni. Fjölgi umsóknum í „þátttökubekk“ er lagt til að þeim verði fjölgað eftir þörfum. Eins og staðan er í dag eru inntökuskilyrði í þátttökubekkina þau sömu og í Klettaskóla. Þetta eru of ströng og stíf skilyrði að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins og fælir mögulega foreldra frá að sækja um fyrir börn sín sem gætu notið góðs af því að stunda nám í þátttökubekk. Fram hefur komið að nú fyrst er sá eini þátttökubekkur sem er rekinn fullur en lengi vel var aðsókn ekki mikil. Ástæðan gæti verið sú að inntökuskilyrðin eru of ströng og að foreldrar barna sem ekki ná þessum viðmiðunum sækja þar að leiðandi ekki um. Vitað er að hópur barna (ekki vitað hve mörg) eru að berjast í bökkum í almennum bekk með eða án stuðnings eða sérkennslu. Það er skylda okkar að gera allt sem við getum til að sjá til þess að hverju einasta barni líði vel í skólanum og finni sig meðal jafningja. Að rýmka inntökuskilyrðin í þátttökubekk og fjölga þeim eftir þörfum gæti verið byrjun á að mæta enn frekar ólíkum náms- og félagslegum þörfum barna.

Samþykkt að vísa tillögunni til stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir. SFS2018080157

- Kl. 14.35 vikur Linda Heiðarsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði til að inntökureglur í þátttökubekk(j) verði rýmkaðar og standi börnum með væga þroskahömlun þar með einnig til boða. Í minnisblaði er talað um að nauðsynlegt er að endurskoða reglurnar og er tillögunni vísað í starfshóp. Í minnisblaði frá

sviðstjóra finnst fulltrúa Flokks fólksins það liggja í augum uppi að of ströng viðmið hafa staðið í vegi fyrir umsóknum og þátttökubekkurinn því ekki fullsetinn. Þess utan furðar Flokkur fólksins sig á því að þátttökubekkurinn skuli staðsettur í skóla þar sem ekki er hægt að taka við nemendum með fjölþættar fatlanir. Slíkt er ekki viðunandi. Allir vita að þörfin fyrir sérúrræði er mikil en með því að hafa of stíf viðmið er verið að fæla foreldra barna sem gætu notið úrræðisins frá því að sækja um. Mikilvægt er að til sé þátttökubekkur fyrir yngri börnin enda ekki hægt að hafa dreift aldursbil í einn bekk. Sú hugmynd að hefja nám í sérúrræði við upphaf grunnskólagöngu eins og nefnt er í minnisblaði þá hlýtur slíkt mat að vera einstaklingsbundið og í samráði við foreldra. Flokkur fólksins hvetur skóla- og frístundaráð til að berjast fyrir að fá viðbótarfjármagn til að fjölga þátttökubekkjum og rýmka reglurnar um viðmið til að foreldrar barna með væga þroskahömlun geti sótt um. Fjölga þarf þátttökubekkjum síðan í samræmi við þörf og nauðsyn.

6. Fram fer kynning á stöðu húsnæðismála Fossvogsskóla. SFS2018120034

Agnar Guðlaugsson og Kristján Sigurgeirsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir góða kynningu á stöðu húsnæðismála í Fossvogsskóla. Mikil vinna hefur verið lögð í að bregðast við þeim leka- og loftgæðavanda sem kom upp í skólanum á síðasta ári og hefur verið skipt um byggingaefni með tilliti til loftgæða og fleiri þátta á þeim stöðum sem sýnataka hefur leitt í ljós að aðgerða væri þörf. Mikilvægt er að kynna jafnóðum stöðu mála fyrir foreldrum og starfsfólki Fossvogsskóla og liggur fyrir skýr vilji skóla- og frístundasviðs að skerpa enn frekar á upplýsingamiðlun til skólasamfélagsins. Skólastjórnendum Fossvogsskóla og starfsfólki skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs eru færðar kærar þakkir fyrir fumlauð og góð vinnubrögð varðandi framkvæmdirnar undanfarna mánuði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins þakkar kynningu á stöðu húsnæðismála í Fossvogsskóla. Miklar framkvæmdir eru að baki en engu að síður eru vísbendingar um að vandinn kraumi enn. Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið þær upplýsingar að í nóvember hafi aftur komið upp leki þar sem yngstu börnin eru og aftur séu komin upp veikindi. Óskað hefur verið eftir frekari mælingum. Margir foreldrar eru uggandi og finnst þeir ekki fá nægja hlustun á málið núna. Mygluvandi í Fossvogsskóla á sér langa sögu og hefur verið fyrir skólastjórnendum, foreldra og börn mikil þrautarganga. Flokkur fólksins hefur lagt fram tillögu um að gerð verði ítarlegri úttekt á loftgæðum í Fossvogsskóla. Flokkur fólksins hefur einnig lagt til að borgin komi sér upp verkferlum þegar myglumál koma upp í skólum. Fleiri myglumál eiga örugglega eftir að koma fram í dagsljósið næstu árin og þá þarf að vera til faglegra samþykkt verklag sem allir sem að málinu koma geti verið sáttir við. Í einhverjum tilfellum gæti þurft að að leita til utanaðkomandi fagaðila sem eru e.t.v með fullkomnari tækni til að mæla myglu en Heilbrigðiseftirlitið hefur yfir að ráða.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks.

Frestað.

- Kl. 15.09 vikur Kolbrún Baldursdóttir af fundinum.
- 7. Lögð fram skýrslan Gott samstarf – betra fyrir börnin, skýrsla starfshóps um markvissara samstarf frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla í Reykjavík. SFS2018110153

Guðrún Edda Bentsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 15.45 vikur Guðrún Gunnarsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir góða skýrslu. Mikil vinna hefur verið lögð í að fá glögga mynd af því hvernig samstarfinu er háttað í öllum hverfum borgarinnar. Það er greinilega mikill vilji hjá stjórnendum að bæta úr því sem er ábótavant í samstarfinu til að gera umhverfi barnsins sem best hvort sem það er í skólanum eða frístundastarfi. Aðgerðaáætlunin er skýr og verið að taka á þeim báttum sem er ábótavant s.s. eins og virðing fyrir störfum hvors annars, afnot af húsnæði og nýting á þeim mannauði sem er í hverju skóla- og frístundastarfi. Tilkoma frístundaráðgjafa í fullu starfi er mikið framfaraskref sem m.a. hefur dregið verulega úr starfsmannaveltu og hafa þeir greinilega aukið samvinnu og tengingar á milli grunnskóla og frístundastarfsins með sinni vinnu og aukið fagmennsku út frá sjónarmiði barnsins og þörfum þess.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að gott samstarf og samvinna sé milli grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem eru innan sama hverfis til að geta veitt börnum og unglingum heildstæða þjónustu. Tillögum starfshópsins um sameiginlega starfs/fræðsludaga, samstarf um óhefðbundna daga, meðferð og miðlun upplýsinga og samnýtingu á húsnæði eru mikilvægir þættir í að efla samstarfið milli þessara stofnana, bæta starfsumhverfi, fagstarfið og uppeldisumhverfi barna og ungmenna. Samþykkt var í borgarráði 17. maí 2018 að ráða fagmenntaða starfsmenn í fullt starf á frístundaheimili skóla- og frístundasviðs sem hefðu vinnuskyldu að hluta með börnum í 1. – 4. bekk á skólatíma m.a. til að vinna með börn sem þurfa sérstaka hvatningu og vinna gegn félagslegri einangrun og neikvæðri hegðun og efla sjálfsmýnd þeirra. Eingöngu átta til tólf tólmstunda- og félagsfræðingar sinntu þessum störfum sem gefur til kynna að ekki allir skólar eða öll hverfi hafi notið þessarar þjónustu og er mikilvægt að fleiri skólar fái notið hennar og standi til boða í öllum grunnskólum.

- 8. Lögð fram umsögn skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2019-2030 ásamt Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2019-2023, dags. í október 2019. SFS2019100159

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata fagna aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd. Það er gífurlega mikilvægt að efla Barnavernd Reykjavíkur og skýra umboð og hlutverk. Mjög gott er að sjá þann mikla samhlóm sem er milli framkvæmdaáætlunarinnar og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Auk þess að verkefni á borð við Opinskátt um ofbeldi og Betri borg fyrir börn efla enn frekar þær aðgerðir sem áætlunin leggur áherslu á. Fulltrúarnir leggja áherslu á að aðgerðaáætlunin verði innleidd markvisst í nánú samstarfi velferðarsviðs við skóla- og frístundasvið, og að samstarf í þessum mikilvæga málaflokki milli borgarinnar og annarra aðila, Barnaverndarstofu, heilbrigðiskerfisins og annarra, sé markvisst og samráð reglulegt. Mikilvægt er að verkferlar séu skýrir og hlutverk hvers og eins sviðs séu skýr til að samskonar þjónusta sé eins í öllum hverfum borgarinnar.

9. Lagt fram svar skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds á umhverfis- og skipulagssviði, dags. 18. febrúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 179. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi opnun á mötuneyti Dalskóla. SFS2019060106

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Óskað var upplýsinga um mötuneyti Dalskóla, hvenær það kemst í notkun. Fram kemur að það verði nú í mars. Þetta er því miður eitt af þeim verkum sem hefur tafist mikið. Í maí í fyrra bókaði Flokkur fólksins að mikilvægt væri að finna lausn á þessum málum fyrir skólabyrjun haustið 2019. Fram til þessa hefur Dalskóli því ekki getað uppfyllt þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til skóla um sbr. einkum 1. mgr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 þar sem segir að í grunnskóla skuli nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

- Kl. 15.55 vikja Kristján Gunnarsson og Ragnheiður Davíðsdóttir af fundinum.

10. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með þrifum í leik- og grunnskólum verði aukið í ljósi yfirstandandi verkfalls Eflingar. Þá er enn fremur mikilvægt að fylgst sé vel með þrifum ef sá heimsfaraldur sem kórónaveiran er, berst til landsins og breiðist út.

Frestað. SFS2020020122

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Víða er aðstaða í frístundamiðstöðvum og frístundaheimilum slæm sem kemur niður á faglegu starfi þannig að erfitt getur reynst að starfa í samræmi við stefnu í frístundamálum sem gerir auknar kröfur um aukið hlutverk þessara starfsstaða. Að auki er viðhaldi víða ábótavant. Lagt er til að gerð verði sérstök úttekt á aðstöðu frístundamiðstöðva og frístundaheimila og viðhaldsþörf þessara starfsstaða. Í framhaldinu er lagt til að gerð verði áætlun um úrbætur.

Frestað. SFS2020020123

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að ráðið fái kynningu frá Heilbrigðiseftirlitinu á síðustu úttekt á öryggi á og við leikskóla- og grunnskólalóðir. Jafnframt er óskað eftir að ráðið fái yfirlit yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið til að bæta öryggi leiksvæða skólanna.

Frestað SFS2020020124

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar og hvort skólarnir séu að uppfylla viðmið aðalnámskrár varðandi kennslu í þessu fagi. Óskað er svara við því hvernig kennslunni sé háttað, hvort fjármálalæsi sé sér námsgrein, hluti af stærðfræðikennslu, lífsleikni eða öðrum greinum og hversu mörgum kennslustundum sé varið í kennsluna á skólaárinu. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvaða námsefni er aðallega stuðst við og hvort námsárangur í fjármálalæsi sé metinn.

SFS2020020125

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu innleiðingar þeirra 11 tillagna sem sneru að innleiðingu frístundastefnunnar og bættu fagumhverfi frístundamiðstöðva og frístundastarfs sem samþykkt var í borgarráði 18. maí 2018.

SFS2020020126

**Fundi slitið kl. 16:11**

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 10. mars, var haldinn 181. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.33. Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Diljá Amundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Rannveig Ernudóttir (P), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Embla María Möller Atladóttir, Reykjavíkurráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Þórunn Steindórsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jóhanna H. Marteinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagðar fram skýrslurnar Brákarborg, mat á leikskólastarfi, dags. í október 2019; Brekkuborg, mat á leikskólastarfi, dags. í júní 2019; Jörfi, mat á leikskólastarfi, dags. í nóvember 2019; Rauðhóll, mat á leikskólastarfi, dags. í janúar 2020; Grandaskóli, ytra mat á grunnskólastarfi, dags. í nóvember 2019; Melaskóli, ytra mat á grunnskólastarfi, dags. í september 2019 og Frístundaheimilið Vinasel, ytra mat á frístundastarfi, dags. í nóvember 2019.

Auður Ævarsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. mars 2020, um tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla sumarið 2020. SFS2018090095

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata í skóla- og frístundaráði fagna því að borgin sé að bjóða fjölskyldum borgarinnar upp á aukna þjónustu og sveigjanleika þegar það kemur að því að skipuleggja sumarleyfin sín. Það er ánægjulegt að sjá að í ár hefur verið tekið mið af þeim tillögum um úrbætur, sem fram komu í matsskýrslu sem var tekin saman eftir sumaropnunina 2019, við undirbúning fyrir sumarið 2020. Hér verður þó að taka inn í myndina að í ljósi aðstæðna, bæði vegna nýafstaðinna verkfalla og Covid19 faraldsins er mikilvægt að taka mið af ólíkum þörfum íbúa borgarinnar.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020, um reykvíska nemendur í Arnarskóla, umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. mars 2020 og þjónustusamningi Arnarskóla og skóla- og frístundasviðs fyrir skólaárið 2019-2020:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera samning við Arnarskóla um framlag vegna fjögurra reykvískra nemenda sem nú þegar eru í Arnarskóla um skólavist þeirra skólaárið 2020-2021. Framangreint er háð því að foreldrar þeirra óski eftir skólavist og uppfyllt séu skilyrði til samræmis við það sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020. Ekki verði opnað fyrir umsóknir vegna fleiri nemenda fyrr en mat á starfsemi skólans liggur fyrir. Þjónustusamningur vegna skólaársins 2019-2020 er samþykktur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2018110109

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði óska eftir því að borgarráð taki málefni reykvískra nemenda í Arnarskóla til heildstæðrar umræðu í samhengi við bá tillögu sem hér er lögð fram. Líkt og fram kemur í greinargerðinni með tillögunni hefur ekki verið framkvæmt ytra mat á starfsemi Arnarskóla en faglegar forsendur til fjölgunar reykvískra nemenda liggja ekki fyrir fyrr en það hefur verið gert. Skóla- og frístundaráð hvetur til þess að Menntamálastofnun vinni þetta mat á starfi Arnarskóla hið fyrsta, með þarfir reykvískra nemenda í huga.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. mars 2020, um tillöguna:

Víða er aðstaða í frístundamiðstöðvum og frístundaheimilum slæm sem kemur niður á faglegu starfi þannig að erfitt getur reynst að starfa í samræmi við stefnu í frístundamálum sem gerir auknar kröfur um aukið hlutverk þessara starfsstaða. Að auki er viðhaldi víða ábótavant. Lagt er til að gerð verði sérstök úttekt á aðstöðu frístundamiðstöðva og frístundaheimila og viðhaldsþörf þessara starfsstaða. Í framhaldinu er lagt til að gerð verði áætlun um úrbætur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að gerð verði heildarúttekt á húsnæði og aðstöðu frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila þar sem mat verði lagt á viðhaldsþörf umræddra starfsstaða. Niðurstöður úttektarinnar verði nýttar til að vinna áætlun með forgangsröðun um úrbætur.

Frestað. SFS2020020123

5. Lagt fram minnisblað stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms, dags. 6. mars 2020, um tillögur stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að koma í farveg úthlutun til tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg á þeim 1200 stundum sem heimild er fyrir á sviðinu til tónlistarnáms vegna innritunar haustið 2020. Um er að ræða viðbót sem færi inn í samninga vegna skólaársins 2020-2021. Lögð verði áhersla á að kennslumagnnið nýtist einkum börnum á þeim svæðum borgarinnar þar sem minni þátttaka er í tónlistarnámi. Í ljósi þess er lagt til að 1200 stundum verði dreift á samningsbundna tónlistarskóla með fastar starfsstöðvar austan Elliðaána. Þeir nemendur hafi forgang sem koma frá skólahverfum þar sem hlutfall barna í tónlistarnámi er lægst.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að skipaður verði verkefnahópur sem er falið að koma með tillögur að úrlausnum á húsnæðismálum skólahljómsveita til langs tíma, ásamt tillögum að úrbótum til skemmri tíma til að taka á aðkallandi vanda. Í verkefnahópnum sitji tveir fulltrúar fyrir hönd stýrihóps um framtíðarskipan tónlistarnáms, en einnig sitji í honum fulltrúi stjórnenda skólahljómsveita og fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs sem hafi þekkingu á húsnæðismálum skóla og skipulagsmálum. Hópurinn fái stuðning verkefnastjóra fasteigna- og búnaðarmála á skóla- og frístundasviði. Verkefnahópurinn skili til stýrihópsins tveimur



eða fleiri sviðsmyndum með tillögum sem fengið hafa frumkostnaðarmat umhverfis- og skipulagssviðs eigi síðar en 1. maí 2020.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2018120032

Sigfríður Björnsdóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sköpun er einn af forgangsbáttum nýrrar menntastefnu og í því samhengi er unnið að því að efla tónlistarnám í borginni. Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í borginni leggur hér til að fjölgað verði tækifærum barna til tónlistarnáms einkum í þeim borgarhlutum þar sem þátttakan hefur verið hvað lægst. 1200 kennslustundum verður nú varið til fimm tónlistarskóla í Breiðholti, Árbæ og Grafarvogi með það að markmiði að auka aðgengi og jafna tækifæri barna til tónlistarnáms. Jafnframt verður sett í gang vinna við að bæta húsnæðisaðstöðu skólahljómsveita í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hingað til hefur ekki verið jafnræði milli borgarhluta er varða tækifæri barna til tónlistarnáms. Niðurstöður starfshóps staðfesta það. Það er því jákvætt að tekin séu skref í rétta átt að jafnræði milli borgarhluta hvað varðar stuðning við tónlistarnám barna. Mikilvægt er að leggja áherslu á að auka tækifæri barna til að stunda tónlistarnám í þeim hverfum þar sem þátttaka barna í tónlistarnámi er einna minnst. Öll börn í borginni eiga að hafa sömu tækifæri til tónlistarnáms óháð því hvar þau búa innan borgarmarkanna.

6. Fram fer umræða um viðbrögð vegna kórónaveiru Covid-19. SFS2020010206

- Kl. 15.15 vikur Valgerður Sigurðardóttir af fundinum.
- Kl. 15.28 vikja Egill Þór Jónsson og Guðrún Kaldal af fundinum.

7. Fram fer umræða um verkföll félagsmanna Eflingar og Sameykis hjá Reykjavíkurborg og undirritun kjarasamninga. SFS2020020015

- Kl. 15.30 vikur Skúli Helgason af fundinum og Diljá Ámundadóttir Zoëga tekur við fundarstjórn.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Eftir langar kjaraviðræður og krefjandi verkföll hefur nú tekist að undirrita kjarasamninga við Eflingu og Sameyki - samninga sem að mörgu leyti marka tímamót. Samningarnir fela í sér mikilvægar og tímabærar kjarabætur fyrir þá sem hafa lægstu launin og hækka þau í einstökum tilvikum umfram lífskjarasamninginn þó byggt sé á þeim mikilvæga grunni. Þá eru mikilvæg ákvæði um starfsþróun sem metin er til launa og síðast en ekki síst er tryggð stytting vinnuvikunnar sem hefur verið sérstakt áhersluatriði borgarinnar undanfarin misseri. Foreldrar, börn og starfsfólk ekki síst í leikskólum borgarinnar hafa sýnt mikið langlundargeð við erfiðar aðstæður að undanfögnu og er full ástæða til að þakka þeim fyrir þolinmæðina um leið og samningsaðilum er óskað til hamingju með mikilvæga samninga sem styrkja launajöfnuð í landinu ekki síst í þágu mikilvægra kvennastétta.

**Fundi slitið kl. 15:38**

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Sigfríður Arndís Jóhannsdóttir

Rannveig Ernudóttir  
Örn Þórðarson



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 28. apríl, var haldinn 182. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.43. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P); Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Embla María Möller Atladóttir, Reykjavíkurráð ungmenna; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórari; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Eygló Traustadóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga borgarstjórnar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 24. mars 2020 um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi ásamt verklagsreglum vegna fjarfunda ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. SFS2020040074
2. Fram fer umræða um skóla- og frístundastarf á tímum Covid-19. SFS2020010206
3. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja sérstaka áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Þar verði sérstaklega hugað að nemendum með annað móðurmál en íslensku, nemendum í skólaforðun og unglingum í áhættuhegðun. Skóla- og frístundaráð samþykkir að beina því til sviðsstjóra að mótað verði verklag sem tryggir að a.m.k. út þetta skólaár verði fylgst vel með börnum í viðkvæmri stöðu í starfi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Verklagið verði unnið í samráði við þjónustumiðstöðvarnar. Í verklaginu sé meðal annars lögð áhersla á að undirstrika skólaskyldu í grunnskóla. Sett verði á fót viðbragðsteymi í hverjum borgarhluta sem samhæfi vinnu skóla, skólaþjónustu og frístundamiðstöðvar í málefnum einstakra barna og hópa í viðkomandi borgarhluta. Því til viðbótar verði sett á fót samhæfingarteymi sem hafi yfirsýn yfir málefni barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar sem metin eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu vegna áhrifa COVID-19. Í þessu samhæfingarteymi sitji fulltrúar skóla- og frístundasviðs, skólaþjónustu, frístundamiðstöðva, skólastjórnenda og kennara auk fulltrúa skóla- og frístundaráðs og fundi hópurinn vikulega fram til 15. júní 2020. Að þeim tíma loknum verði metið hvort þörf er á framhaldi þeirrar vinnu.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020040080

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Helgi Eiríksson og Elísabet Helga Pálmadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Það hefur gengið í öllum meginatriðum afburða vel að halda uppi skóla- og frístundastarfi í takt við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda og almannavarna frá því samkomubann tók gildi um miðjan mars. Engu að síður er ástæða til að hafa áhyggjur af börnum í viðkvæmri stöðu og gera allt sem unnt er til að standa vörð um þann hóp hvort sem um er að ræða nemendur af erlendum uppruna, börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður, nemendur í skólaforðun eða ungmenn í áhættuhegðun. Tillagan felur í sér að allt verði gert til að vernda börn í viðkvæmri stöðu, tryggja að þau fari ekki á mis við þá menntun sem þau eiga rétt á og dragist ekki aftur úr jafnöldrum sínum.

4. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til aðgerðaáætlunar nýrrar menntastefnu, stefnu ráðsins um notkun á upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi og jákvæðrar reynslu af fjarkennslu og fjarnámi á tímum COVID-19 faraldursins að hraða innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Lögð verði áhersla á uppfærslu búnaðar, starfsþróun með áherslu á stuðning við lærdómssamfélag í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, þjónustu, markvissa notkun og framsækni með það að markmiði að nemendur fái nám og kennslu við hæfi og starfsfólk þær bjargir og aðbúnað sem duga til að virkja hæfileika og sköpunarkraft barna, ýta undir og þroska frumkvöðlahugsun og nýsköpun í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi. Sviðsstjóra verði falið að leggja fram áætlun með áfangaskiptingu og forgangsröðun um hraðari innleiðingu stafrænnar tækni eigi síðar en 15. júní 2020.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020040081

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, Hildur Rudolfsdóttir, Bjarndís Fjöla Jónsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Þrátt fyrir þau miklu og neikvæðu áhrif sem samfélagið allt verður fyrir af völdum COVID-19 faraldursins er þó mögulegt að finna tækifæri í slíkum aðstæðum. Eitt slíkt tækifæri felst í því að margir starfsstaðir hafa stigið stór skref í þá átt að hagnýta stafræna tækni með auknu fjarnámi og fjarkennslu, stafrænu félagsmiðstöðvastarfi o.s.frv. Aukin hagnýting stafrænnar tækni er hluti af aðgerðaáætlun nýrrar menntastefnu og í samræmi við stefnu um nýtingu upplýsingatækni í skóla og frístundastarfi sem samþykkt var í apríl 2018. Með tillögunni lýsir skóla- og frístundaráð vilja sínum til að setja þessi mál á oddinn á komandi mánuðum og misserum og sviðsstjóra falið að vinna forgangsröðun um hvernig megi hrinda í framkvæmd markvissum aðgerðum frá og með næsta skólaári til að tryggja nemendum og kennurum þeirra fullnægjandi búnað, kennslu, þjónustu og starfsþróun í takt við nútímalega kennsluhætti og aukið tæknilæsi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um metnaðarfulla og framsýna tillögu að ræða sem rímar vel við þá tillögu sem við Sjálfstæðismenn lögðum fram á síðasta borgarstjórnarfund. Það hefði hins vegar verið betri bragur á því að skóla- og frístundaráð hefði sameinast um að leggja tillöguna fram sem hefði þá verið í anda þeirrar samstöðu sem allir flokkar í borgarstjórn sammæltust um varðandi aðgerðir í tengslum við Covid-19 faraldurinn. Dýrmæt reynsla hefur skapast í notkun snjalltækni í skólastarfi á tímum skerts skólahalds vegna Covid-19 og samkomubannsins sem fylgdi í kjölfarið. Mikil sóknarfæri felast í að nýta tæknina enn betur til að auka fjölbreytni og sveigjanleika í skólastarfi og innleiða nýjungar í

kennsluháttum. Nýta þarf þessi sóknarfæri til að flýta fyrir innleiðingu snjalltækninnar í skólastarfi til framtíðar.

5. Fram fer umræða um sumarstörf ungmenna árið 2020. Jafnframt lagt fram bréf framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, dags. 21. apríl 2020, um leitarstarf og virkniþópa félagsmiðstöðva sumarið 2020. SFS2020040073

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata þakka góða kynningu á þeim úrræðum sem hægt er að grípa til að auka virkni unglinga í sumar. Það er mjög gott að sjá allt það fagfólk sem starfar á frístundasviði sem er tilbúið með áætlun til þessa að grípa inn í ef á þarf að halda. Einnig er aðdáunarvert að sjá allar þær fjölbreyttu og faglegu leiðir sem hér er verið að leggja til.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt bréfi skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 20. mars 2020:

Lagt er til að starfseiningar Háaleitisskóla, annarsvegar starfsstöðin í Álftamýri og hinsvegar í Hvassaleiti verði aðgreindar að nýju í tvo grunnskóla frá og með skólaárinu 2020 - 2021. Álftamýrarskóli verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og Hvassaleitisskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendur Hvassaleitisskóla sækja 8. - 10. bekk í Réttarholtsskóla sem verði safnskóli á unglingastigi fyrir þrjá skóla í stað tveggja eins og verið hefur.

Skólahverfamörkum verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2020 - 2021 til samræmis við upplýsingar í fylgiskjali.

Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Hanna Guðbjörg Birgisdóttir sem hefur starfað sem skólastjóri skólans verði skólastjóri Álftamýrarskóla en ný staða skólastjóra Hvassaleitisskóla verði auglýst í vor.

Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna og opnun Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði skólans (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, grunnskólaskrifstofu og fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og er sviðsstjóra falið að ganga frá ráðningarmálum stjórnenda vegna breytinganna eftir því sem við á.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að tillaga sviðsstjóra um að starfseiningar Háaleitisskóla, annarsvegar í Álftamýri og hinsvegar í Hvassaleiti, verði aðgreindar að nýju í tvo grunnskóla, verði send til umsagnar skólaráða og foreldrafélaga Háaleitisskóla og Réttarholtsskóla.

Samþykkt. SFS2018010154

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Á síðasta áratug var ráðist í sameiningar ýmissa starfsstöðva í borginni af faglegum og fjárhagslegum ástæðum m.a. til að bregðast við afleiðingum fjármálahrunsins. Sumar þessara sameininga hafa gengið vel en í öðrum tilvikum hafa sameiningar ekki náð

markmiðum sínum. Það á við um Háaleitisskóla þar sem landfræðileg fjarlægð og lágt stjórnunarhlutfall hefur sett starfseminni verulegar skorður. Á síðasta skólaári var ákveðið að fjölga skólastjórum um einn í tilraunaskyni og hefur það skilað miklum árangri og ánægju starfsfólks og foreldra. Það er skýr lærdómur af þeirri tilraun að stíga nú skrefið til fulls og gera Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla aftur að sjálfstæðum einingum. Við leggjum áherslu á að það er rétt að viðurkenna í verki þegar fyrirætlanir ganga ekki eftir og leiðrétta þá kúrsinn í ljósi reynslunnar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú er komið á daginn að síendurtekin varnaðarorð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menntaráði Reykjavíkur áttu fullan rétt á sér þegar ákvörðun var tekin um sameiningar skóla í borginni árið 2011 þ.á. m. Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Sömu leiðis áttu vonbrigði foreldrafélags Hvassaleitisskóla fullan rétt á sér þegar kröfu þeirra um að fallið yrði frá sameiningu skólanna var hafnað. Í umsögnum skólaráða beggja skólanna var ekki mælt með sameiningu skólanna en engu að síður var hún keyrð í gegn þrátt fyrir hávær mótmæli foreldra, fagfólks og starfsmanna og lítinn fjárhagslegan ávinning. Það hefði farið betur að þeir flokkar sem skipa meirihlutann nú og voru við völd þegar þessi ákvörðun var tekin hefðu séð að sér fyrir en þannig hefðu sparast ómældir fjármunir vegna þessarar sameiningar og óþægindi fyrir nemendur, foreldra, kennara, starfsfólk og skólastjórnendur.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. mars 2020, um reglur um innritun og útskrift nemenda á táknaálssviði Hlíðaskóla ásamt reglum um innritun og útskrift nemenda á táknaálssviði Hlíðaskóla og umsögn skólaráðs Hlíðaskóla um reglurnar, dags. 27. apríl 2020.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020040078

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2020:

Lagt er til að gerður verði samningur vegna vorannar 2020 við Söngskóla Sigurðar Demetz í samræmi við neðangreindar upplýsingar um tímamagn og upphæðir. Þetta er gert í ljósi áherslna á aukna fjölbreytni námstilboða á sviði tónlistar og aukið aðgengi ungmenna að slíku námi þegar þau eru komin á unglingsaldur. Samningur kveði á um 168 stundir vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 31. júlí 2020. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að ganga frá samningnum. Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans vegna þessa nemur 2.167.865 kr. vorið 2020 og rúmast innan fjárheimilda sviðsins vegna tónlistarnáms.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020040077

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að bjóða sem flestum börnum upp á aðgang að tónlistar- og söngnámi, en rannsóknir hafa sýnt að slíkt nám hefur töluverð jákvæð áhrif á þá sem það stunda. Hér er á ferðinni skemmtileg nýbreytni og gleðilegt að sjá aukna fjölbreytni sem unglingum stendur til boða í tónlistar- og söngnámi.

9. Lagt fram fréttabréf til foreldra í norðanverðum Grafarvogi, dags. 1. apríl 2020. SFS2019020105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar þakka fyrir kynningu á því starfi sem unnið hefur verið í þessum breytingum á erfiðum tímum. Um er að ræða ákaflega mikilvægar

breytingar á skólastarfinu og nauðsynlegt að breytingar á samgöngum og umhverfi sem styðja við þær breytingar haldist á áætlun þrátt fyrir aðstæður. Fulltrúarnir þakka öllum sem að máli koma fyrir að halda svona vel á þessu máli til þess að þær áætlanir gangi eftir, mikilvægt er að upplýsingar um framgang málsins séu aðgengilegar og skýrar, og hér er það gert með hætti sem er til fyrirmyndar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins Valgerður Sigurðardóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði Valgerður Sigurðardóttir leggst enn gegn ákvörðun um sameiningar á skólum í Grafarvogi. Á sama fundi og sameining á skólum í Grafarvogi er kynnt liggur fyrir tillaga um aðgreiningu tveggja starfsstöðva Háaleitisskóla til fyrra horfs í tvo aðskilda skóla. Það verður einnig að hafa í huga að álitamál er hvort að þessar sameiningar séu brot á deiliskipulagi er varðar skipulagslög nr. 123/2010. Ef svo reynist vera þá er það mikill álitshnekkir á stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Fulltrúarnir vilja skora á meirihlutann að draga þessa ákvörðun til baka enda er það ekki orðið of seint, sér í lagi þar sem öll vinna við sameiningarnar hefur tafist vegna COVID-19 og því eru foreldrar og kennarar í mikilli óvissu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði, Egill Þór Jónsson og Marta Guðjónsdóttir leggjast gegn ákvörðun um sameiningar á skólum í Grafarvogi. Á sama fundi og fréttabréf til foreldra skólabarna í Grafarvogi er kynnt liggur fyrir tillaga um aðgreiningu tveggja starfsstöðva Háaleitisskóla til fyrra horfs í tvo aðskilda skóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Það er staðreynd að siendurtekin varnaðarorð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menntaráði Reykjavíkur áttu fullan rétt á sér þegar sameiningar skóla í Grafarvogi og þegar Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli voru sameinaðir. Það hefur tekið átta ár fyrir meirihlutann að sjá að sér og aðskilja Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla en á sama tíma loka þeir augunum fyrir þeim háværu mótmælum sem hafa verið vegna sameininga skóla í Grafarvogi, ennfremur er ekki hlustað á raddir foreldra barna og starfsfólk skólanna þegar ákvörðun var tekin. Lofað var miklu og góðu samstarfi við uppbygginu nýsköpunarskóla við foreldra en ekki hefur verið staðið við það enn.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúar meirihlutans áréttu að hér er verið að fjölga sjálfstæðum skólum á svæðinu, hver á sínum stað með sjálfstæðan stjórnanda og því skrítið að það sé innrammað með þeim hætti að um sameiningar sé að ræða. Spurningu um deiliskipulag hefur verið svarað skilmerkilega, en ekki er skylda til að breyta deiliskipulagi reitar fyrir en tekin er ákvörðun um annars konar notkun á umræddri lóð. Fulltrúar meirihlutans halda því jafnframt til haga að hér er um erfiðar aðstæður að ræða en starfsfólk sviðsins hefur gert allt sem mögulegt er til að viðhafa mikið og gott samráð. Nú þegar búið er að ganga frá ráðningum stjórnenda getur samráð við foreldra, íbúa, nemendur og starfsfólk farið á fullt.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. apríl 2020, um umsóknir um sumaropnun leikskóla í Reykjavík sumarið 2020. SFS2020040076

- Kl. 15.48 vikur Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sumaropnun leikskóla í Reykjavík er tilraunaverkefni sem stuðlar að auknum sveigjanleika fyrir foreldra til að taka sumarorlof með börnum sínum. Í stað þess að allir taki orlof á sama tíma í júlí er nú hægt að velja að fara í frí á öðrum tíma yfir sumarið. Í ljósi aðstæðna sem

nú eru uppi vegna Covid-19 og þar áður verkföll starfsmanna Eflingar má búast við því að áform fyrir sumarið 2020 hafi raskast í lífi margra fjölskyldna. Það er því erfitt að meta hvort ásóknin í nýtingu um sumaropnun endurspegli raunverulega eftirspurn á eðlilegum tíma.

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að þeim nemendum sem ljúka grunnskóla nú í vor standi til boða að stunda fjarnámsáfangi í framhaldsskólum í sumar sér að kostnaðarlausu. Í ljósi ástandsins og skerts skólahlálds að undanfögnu vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins er mikilvægt að nemendur eigi þess kost við skólaskilin að spreyta sig á framhaldsskólaáföngum. Þannig munu þeir kynnast framhaldsskólastiginu, geta nýtt tímann og verða betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi nám á framhaldsskólastigi. Þetta gæti orðið hluti af virkniúrræðum fyrir þessa nemendur enda má búast við að erfitt verði fyrir þennan aldurshóp að fá vinnu í sumar. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við ríkið um að greiða kostnað vegna þessara fjarnámsnemenda sem ljúka munu 10. bekk nú í vor. Enda um að ræða áfanga sem ríkið þyrfti hvort eð er að greiða fyrir þegar þessir nemendur hefja nám í framhaldsskóla.

Frestað. SFS2020040151

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Í aðgerðapakka borgarráðs vegna neikvæðra efnahagslegra áhrifa Covid-19 faraldursins er lögð til flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Reykjavíkurborgar til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárfestingar borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja geti samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn meiri árið 2021. Nú liggur fyrir í fjölmörgum skýrslum sem lagðar hafa verið fyrir skóla- og frístundaráð viðhaldspörf skólahúsnæðis í borginni og því lagt til í ljósi þeirra aðgerða sem borgarráð hefur boðað að ráðist verði í enn frekari aðgerðir vegna löngu tímabærra viðhaldsverkefna í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum borgarinnar strax á þessu ári. Á sama tíma og slík ráðstöfun yrði atvinnuskapandi yrði margra ára uppsafnaðri viðhaldspörf skólanna mætt.

Frestað. SFS2020040152

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ítrekuð er neðangreind tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks frá 25. febrúar síðast liðnum. Óskað er eftir að fá þessa kynningu inn á næsta fund ráðsins. Lagt er til að ráðið fái kynningu frá Heilbrigðiseftirlitinu á síðustu úttekt á öryggi á og við leikskóla- og grunnskólalóðir. Jafnframt er óskað eftir að ráðið fái yfirlit yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið til að bæta öryggi leiksvæða skólanna.

Frestað. SFS2020020124

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir. Nokkur reykvísk börn komast ekki inn í Arnarskóla þrátt fyrir það að úrræðið sé talið henta þeim best af þeim úrræðum sem eru í boði á Íslandi. Það er því gríðarlega mikilvægt að skóla- og frístundaráð óski eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir og fleiri börnum boðin þar vist. Í dag eru það fjögur reykvísk börn sem fá að ganga í Arnarskóla. Ekki er búið að taka út starfsemi Arnarskóla enda hefur slík úttekt aldrei farið fram fyrir en í fyrsta lagi á fjórða starfsári nýrra skóla. Mikið eftirlit er þó með starfsemi og full ástæða til þess að treysta þeim fagteymum sem starfa með þessum börnum og foreldrum þeirra.



Frestað. SFS2018110109

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Stendur til að loka leikskólanum Bakka í Staðahverfi? Foreldrar virðast hafa verið að fá misvísandi upplýsingar um það hvort að starfi verði haldið áfram í húsnæðinu.

SFS2020040150

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu margir einstaklingar og félagasamtök eru að nýta húsnæði Kelduskóla Vík/Korpu og Vættaskóla Engi/Borgir? Munu þessir aðilar hafa tök á því áfram að nýta húsnæðið þegar það er ekki nýtt af skólanum ef þeir óska þess líkt og þeir hafa fengið að gera hingað til.

SFS2020040153

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað verður gert við húsnæði Kelduskóla Korpu?

SFS2020040154

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvað skóla- og frístundasvið sé búið að gera til þess að mæta þeim vanda er mörg heimili eru í vegna COVID-19 svo sem eins og með niðurfellingu gjalda. Eins óska fulltrúarnir eftir upplýsingum um það hvaða og hvort farið hafi verið í einhverjar aðgerðir sem miðast að sjálfstætt starfandi skólum.

SFS2020040155

**Fundi slitið kl. 16:54**

Alexandra Briem  
Marta Guðjónsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Skúli Helgason

Egill Þór Jónsson  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 12. maí, var haldinn 183. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.33.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C) og Elín Oddný Sigurðardóttir (V). Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðrún Sigtryggadóttir og Soffía Vagnadóttir.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Aðalbjörg Dísu Guðjónsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggadóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 6. maí 2020, um að Elín Oddný Sigurðardóttir taki sæti í skóla- og frístundaráði og að Sigríður Arndís Jóhannsdóttir taki sæti sem varamaður í ráðinu. SFS2019060216
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 29. apríl 2020, um heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, notkun fjarfundabúnaðar. SFS2020040074
3. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt jafnréttisskimun og umsóknareyðublaði:

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfis daga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfis daga verði eftirfarandi:

- Foreldrar sækja um fækkun sumarleyfis daga fyrir 25. maí 2020.
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfis daga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjáforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.
- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020050026

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Síðustu vikur og mánuðir hafa verið mjög óvenjulegir í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og reyndar um heimsbyggð alla. Slíkt ástand kallar á að beitt sé óvenjulegum leiðum til að mæta þörfum foreldra og annarra aðstandenda barna í viðkvæmri stöðu. Þessi tillaga felur í sér að vegna þeirrar röskunar sem COVID-19 hefur valdið verði foreldrum gefinn kostur á að sækja um styttingu á sumarorlofstíma barna sinna í leikskólum. Utfærslan verður með þeim hætti að nýtt verða þau tæplega 500 rými sem eru laus til ráðstöfunar á þeim sex leikskólum sem taka þátt í verkefninu um sumaropnun leikskóla. Málið verður nú sent til borgarráðs í flýtimeðferð þar sem stefnt er að afgreiðslu n.k. fimmtudag svo opna megi fyrir umsóknir foreldra fram til 24. maí næstkomandi.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt bréfi skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 20. mars 2020; umsögn skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 30. apríl 2020; umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 30. apríl 2020 og umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 5. maí 2020:

Lagt er til að starfseiningar Háaleitisskóla, annarsvegar starfsstöðin í Álftamýri og hinsvegar í Hvassaleiti verði aðgreindar að nýju í tvo grunnskóla frá og með skólaárinu 2020 - 2021. Álftamýrarskóli verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og Hvassaleitisskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendur Hvassaleitisskóla sækja 8. - 10. bekk í Réttarholtsskóla sem verði safnskóli á unglingsstigi fyrir þrjá skóla í stað tveggja eins og verið hefur. Skólahverfamörkum verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2020 - 2021 til samræmis við upplýsingar í fylgiskjali. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Hanna Guðbjörg Birgisdóttir sem hefur starfað sem skólastjóri skólans verði skólastjóri Álftamýrarskóla en ný staða skólastjóra Hvassaleitisskóla verði auglýst í vor. Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna og opnun Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði skólans (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, grunnskólaskrifstofu og fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og er sviðsstjóra falið að ganga frá ráðningarmálum stjórnenda vegna breytinganna eftir því sem við á.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2018010154

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar fjármálahruns og þess samdráttar sem því fylgdi var á síðasta áratug ráðist í sameiningar ýmissa starfsstöðva í borginni, en þar lágu þó einnig faglegar ástæður að baki. Þó svo sumar þessara sameininga hafa gengið vel þá er því miður svo að í einhverjum tilvikum skiluðu sameiningar ekki þeim árangri sem vonast var til. Háaleitisskóli er einn þeirra, en fyrir því liggja til að mynda landfræðileg fjarlægð og lágt stjórnunarhlutfall. Á síðasta skólaári var ákveðið að fjölga skólastjórum um einn í tilraunaskyni. Sú tilraun gekk vel og hefur skilað bættum árangri og aukinni ánægju starfsfólks og foreldra. Það er eðlileg niðurstaða þeirrar tilraunar að stíga nú skrefið til fulls og aðgreina Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla að nýju í sjálfstæðar einingar. Það er bæði rétt og mikilvægt að

viðurkenna í verki þegar fyrirætlanir ganga ekki eftir og leiðrétta þá stefnuna í ljósi fenginnar reynslu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú er komið á daginn að síendurtekin varnaðarorð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menntaráði Reykjavíkur áttu fullan rétt á sér þegar ákvörðun var tekin um sameiningar skóla í borginni árið 2011 þ.á.m. Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Sömuleiðis áttu vonbrigði foreldrafélags Hvassaleitisskóla fullan rétt á sér þegar kröfu þeirra um að fallið yrði frá sameiningu skólanna var hafnað. Í umsögnum skólaráða beggja skólanna var ekki mælt með sameiningu skólanna en engu að síður var hún keyrð í gegn þrátt fyrir hávær mótmæli foreldra, fagfólks og starfsmanna og lítinn fjárhagslegan ávinning. Það hefði farið betur að þeir flokkar sem skipa meirihlutann nú og voru við völd þegar þessi ákvörðun var tekin hefðu séð að sér fyrir en þannig hefðu sparast ómældir fjármunir vegna þessarar sameiningar og óþægindi fyrir nemendur, foreldra, kennara, starfsfólk og skólastjórnendur.

Elín Oddný Sigurðardóttir vikur af fundi undir þessum dagskrárlið vegna vanhæfis.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. apríl 2020, um ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Ægisborg. SFS2020050027

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Ægisborgar Auði Ævarsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Sigrúnu Birgisdóttur fyrir vel unnin störf.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. apríl 2020, um ráðningu í stöðu leikskólastjóra í Árborg. SFS2020050028

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Árborgar Sigríði Valdimarsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Sigríði Þórðardóttur fyrir vel unnin störf.

7. Lögð fram aðgerðaáætlun starfshópsins Vinsamlegt samfélag í kjölfar úttektar á stöðu eineltis á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 16. mars 2020 ásamt úttekt á eineltisferlum hjá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2019. SFS2017050165

Nanna Kristín Christiansen og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið gegn einelti á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs enda er einelti lítið mjög alvarlegum augum hér líkt og víðast annarsstaðar. Benda má á að Samtök um menntarannsóknir í Bandaríkjunum hafa ályktað að einelti sé einn mesti heilsufarsvandi sem steðjar að börnum og ungmennum. Í kjölfar úttektar á stöðu eineltismála á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs leggur starfshópurinn Vinsamlegt samfélag fram þær tillögur sem hér hafa verið kynntar. Tillögurnar hafa það að markmiði að samræma aðgerðir aðila er koma að eineltismálum barna í leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi og skólaþjónustu. Ný menntastefna Reykjavíkur, þar sem rík áhersla er lögð á félagsfærni og sjálfsefningu, styður enn frekar við og veitir skýran ramma í vinnunni gegn einelti. Einelti verður áfram áskorun fyrir starfsstaði skóla- og frístundasviðs en ofangreindar tillögur geta orðið mikilvægur þáttur í að fyrirbyggja og vinna gegn einelti

enn frekar og stuðla að bættu samfélagi á starfsstöðum sviðsins þar sem markmiðið er ávallt að öll börn leiki sér og læri í öruggu umhverfi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að viðvarandi vinna sé í gangi í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi til að efla jákvæð samskipti og skapa góðan skólabrag í þeim tilgangi að koma í veg fyrir einelti og samskiptavanda meðal barna. Stór liður í því að ná árangri í þeim efnum er að til séu skýrir verkferlar og aðgerðáætlun fyrir allar ofangreindar starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs. Ákveðið var árið 2016 að óháð úttekt yrði gerð á verkferlum eineltismála sú úttekt átti að hefjast í maímánuði 2017 og átti að vera lokið í september sama ár. Núna fyrst þremur árum eftir að úttektinni átti að vera lokið er hún loksins að líta dagsins ljós. Það er miður að ekki hafi verið brugðist hraðar við því fram kemur í úttektinni að einungis sex skólar af 47 ná að halda einelti og tíðni eineltis undir meðaltali öll árin 2013-2017 sem úttektin náði yfir. Í kjölfar úttektarinnar hefur verið gerð metnaðarfull heildstæð aðgerðaráætlun í eineltismálum af starfshópi hjá Vinsamlegu samfélagi með tímasettum markmiðum. Bundnar eru vonir við að þær tillögur til úrbóta sem starfshópurinn leggur til skili sér í jákvæðari samskiptum, betri skólabrag og nái þeim markmiðum að draga úr einelti. Brynt er þó að samhliða þeirri vinnu bjóðist þeim skólum, þar sem einelti mælist mest ár eftir ár, sérstakur stuðningur til að ná tökum á vandanum.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði frá 12. september 2019 sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins leggur til að farið verði kerfisbundið yfir viðbrögð grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna a) hvernig skólar sinna forvörnum og b) hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Markmiðið með kerfisbundinni yfirferð sem þessari er einnig að samræma hvorutveggja eftir því sem þurfa þykir þannig að allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis bæði hvað varðar forvarnir, viðbragðsáætlun og úrvinnsluferli. Flokkur fólksins leggur til að athugað verði sérstaklega hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri tiltæk og aðferðir, bæði almenn og sértæk til að geta tekið á móti og unnið með kvörtunarmál um einelti af öllum stærðargráðum með faglegum og skilvirkum hætti. Kanna þarf eftirfarandi sérstaklega: Er tilkynningareyðublað á heimasíðu? Er viðbragðsáætlun á heimasíðu? Er lýsing á úrvinnslu ferli kvörtunarmála aðgengileg á heimasíðu? Er upplýsingar á heimasíðu skólans hverjir sitja í eineltisteymi skólans? Er skýrt á heimasíðu hverjir taka við eineltiskvörtunum?

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð leggur til að farið verði kerfisbundið yfir ferla grunnskóla Reykjavíkur gagnvart einelti með það að markmiði að kanna hvernig skólar sinna forvörnum og hver viðbrögð skólanna eru komi kvörtun um einelti. Markmiðið er að tryggja samræmt verklag svo allir skólar standi nokkurn veginn jafnfætis varðandi forvarnir, viðbragðsáætlun og úrvinnslu. Lagt er til að athugað verði sérstaklega hvort skólar í Reykjavík hafi þau verkfæri og aðferðir til að geta tekið á móti og unnið með eineltismál með faglegum og skilvirkum hætti.

Samþykkt. SFS2019090179

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. nóvember 2019 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2020, um tillöguna:

Lagt er til að gerð verði könnun á því hvort allir grunnskólar borgarinnar nái að fullnægja kröfum aðalnámskrár um kennslutíma í upplýsinga- og tæknimennt og hvort verið sé að vinna að þeim hæfniviðmiðum sem vinna skal að samkvæmt aðalnámskránni.

Samþykkt. SFS2019110140

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Síbreytilegt samfélag og ör tækniþróun kallar á að kennsla í upplýsinga- og tæknimennt skipi veglegan sess í skólastarfinu til að undirbúa nemendur sem best undir störf og nám til framtíðar. Síbreytileg tækni kallar á mikilvægi þekkingar og færni í að flokka, vinna úr og miðla upplýsingum. Í ljósi þess er mikilvægt að allir grunnskólar nái að uppfylla kröfur aðalnámskrár um kennslutíma í upplýsinga- og tæknimennt og að unnið sé að hæfniviðmiðum sem aðalnámskráin gerir ráð fyrir. Það er því ánægjulegt að hafin sé könnun í samræmi við tillögu okkar Sjálfstæðismanna á því hvort skólarnir uppfylli þessi markmið. Mikilvægt er könnunin verði nýtt til efla kennslu á þessu sviði og gera úrbætur þar sem þörf er á.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er góð og brýn. Hún skapar frekari færi til að draga lærdóm af hinu makalaus vori 2020 þar sem skólasamfélagið hefur þurft að innleiða breytt vinnubrögð vegna COVID-19 sem hefur haft þær jákvæðu afleiðingar að margir skólar hafa tekið upplýsingatækni í sína þjónustu í enn ríkari og kröftugri mæli en áður. Full þörf er á könnun á heildarmyndinni af því hversu víðtæk notkun grunnskólanna er á upplýsingatækni, hvort allir grunnskólarnir nái að fullnægja kröfum aðalnámskrár um kennslutíma og vinnu að hæfniviðmiðum í upplýsinga- og tæknimennt.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2020, um ráðningu í stöðu skólastjóra í Ölduselsskóla. SFS2020050029

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Ölduselsskóla Elínros Benediktsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. febrúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 171. fundi skóla- og frístundaráðs, um frímínútnagæslu í grunnskólum. SFS2019090287
12. Fram fer umræða um stöðu mála í Fossvogsskóla. SFS2018120034

- Kl. 15:04 vikur Magnús Þór Jónsson af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Raka- og loftgæðavandamál þ.m.t. mygla í húsnæði getur verið alvarlegt heilbrigðisvandamál og þrálátt en skilningur læknisfræðinnar og heilbrigðissérfræðinga á myglu, hvernig hún dreifist og hvernig megi finna hana er í stöðugri þróun. Ekki er langt síðan litið var á umræðu um myglu sem óstaðfestar fregnir, jafnvel bábilju, en sem betur fer er í dag öldin önnur og Reykjavíkurborg hefur þegar farið í víðtækar aðgerðir til að uppræta rakaskemmdir og myglu þar sem slíkt finnst. Það er ákaflega mikilvægt að gengið sé úr skugga um það að það húsnæði sem Reykjavíkurborg býður starfsfólki, íbúum og sérstaklega börnum upp á sé ekki skaðlegt heilsu þeirra. Varðandi Fossvogsskóla hefur verið gripið til mikilla endurbóta á húsnæðinu en hópur foreldra hefur kallað eftir athugunum með sýnatöku eftir lok framkvæmda til að hægt verði að ganga úr skugga um að komist hafi verið fyrir vandann. Það eru eðlileg sjónarmið og taka fulltrúar meirihlutans undir að mikilvægt sé að tryggja góða upplýsingagjöf og samtal við foreldra og skólasamfélagið um næstu skref í málinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ítrekuð er tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks frá 25. febrúar síðastliðnum um samstarf við foreldra og starfsfólk Fossvogsskóla vegna framkvæmda og viðgerða við skólann. Það er með ólíkindum að foreldrar hafi þurft að leita lögfræðiráðgjafar til að sækja sér nauðsynlegar og áriðandi upplýsingar varðandi málið. Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Enn fremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks telja brýnt að án tafar verði gerð ítarleg úttekt á ástandi skólans með tilliti til ábendinga foreldra skólans til að skera úr um hvort eitthvað sem viðkemur húsnæðinu sjálfu og viðhaldi þess hafi áhrif á heilsufar nemenda og starfsfólks. Það er ótækt að foreldrar barna upplifi að heilsu barna þeirra með dvöl í skólanum sé ógnað.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna í skóla- og frístundaráði lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála í Fossvogsskóla. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar er fyllilega upplýst um alvarleg einkenni mygluskemmda sem nemendur og starfsfólk Fossvogsskóla þjást áfram af. Fulltrúi foreldra krefst þess að borgaryfirvöld komi tafarlaust á samráði við foreldra og starfsfólk, og láti framkvæma heildstæða úttekt á öllu húsnæði skólans af fagaðila með sérþekkingu á og verkfæri til að meta hvort húsnæði skólans sé heilsuspillandi af völdum myglu- og rakaskemmda.

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Agnar Guðlaugsson, Árný Sigurðardóttir og Rósa Magnúsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Fram fer umræða um skóla- og frístundastarf í Reykjavík í kjölfar afléttingar takmarkana á skólastarfi 4. maí 2020. SFS2020010206

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að nýleg úttekt eineltismála á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs nær einungis til árunna 2014-2017 er óskað upplýsinga um hversu mörg eineltismál hafi komið upp í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi á árunum 2017-2020. Þá er óskað upplýsinga um hvernig unnið hefur verið úr þeim málum og hversu mörg börn þ.e. þolendur og gerendur hafa þurft á sérfræðiaðstoð að halda í kjölfarið? Ennfremur er óskað upplýsinga um hvort biðlisti sé eftir slíkri sérfræðiaðstoð?

SFS2020050062

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði leggja til að gerður verði listi yfir fyrirhugaðar framkvæmdir og viðhaldsverkefni á starfstöðum skóla- og frístundaráðs sem samþykktar hafa verið á vegum borgarinnar. Yfirlitið verði sundurliðað eftir starfstöðvum og framkvæmdatíma. Þannig gæti starfsfólk skólanna, foreldrar og íbúar í nágrenni þeirra glöggvað sig á því með einföldum hætti hvaða framkvæmdir og viðhaldsverkefni eru framundan í sínu umhverfi. Gott væri að þau verkefni sem skilgreind eru sem sérstök átaksverkefni í tengslum við viðbrögð við Covid-19 ástandinu séu merkt sérstaklega.

Frestað. SFS2020050063

**Fundi slitið kl. 15:40**



Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Skúli Helgason

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 26. maí, var haldinn 184. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.41.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Egill Þór Jónsson (D), Marta Guðjónsdóttir (D), Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum.

Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða og kynning á viðhaldsframkvæmdum á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs 2020. SFS2020050030

Agnar Guðlaugsson og Hildur Freysdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir ítarlega kynningu á viðhaldsframkvæmdum á skóla- og frístundasviði á árinu 2020. Í ár er gert ráð fyrir 2,1 milljarði króna í almennt viðhald á húsnæði skólabygginga og hækkar um næstum 500 milljónir króna frá síðasta ári. Því til viðbótar stefnir í að viðbótarfjárveitingar til viðhalds skóla og frístundahúsnæðis verði rúmlega 700 milljónir króna svo alls verði 2,8 milljörðum króna varið til viðhalds leikskóla, grunnskóla og frístundahúsnæðis á þessu ári. Það er næstum tvöföldun á framlögum miðað við árið í fyrra og munar gríðarlega um þá viðbót. Það er mikilvægt að húsnæði sem notað er í skólastarf sé gott og standist kröfur um heilbrigði og hreinlæti. Miklar viðbætur hafa orðið á viðhaldi húsnæðis grunn- og leikskóla á síðustu árum og með átaksverkefnum bæði síðasta árs og nú í ár sem viðbragð vegna Covid er viðhald húsnæðis á vegum skóla- og frístundasviðs nú í góðum farvegi, þó enn sé verk að vinna. Þar er mikilvægt að hafa í huga húsnæði og aðstöðu frístundastarfsins. Nú er unnið að heildarúttekt á húsnæði skóla - og frístundastarfsins og verða niðurstöðurnar notaðar til grundvallar við fjárfestingaráætlun næsta árs og komandi missera.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. maí 2020, um úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Látum draumana rætast ásamt yfirliti yfir umsóknir B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs. SFS2019040020

Tillaga úthlutunarnefnda þróunar- og nýsköpunarstyrkja skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki ráðsins árið 2020:

- 1) Umsækjandi: Dalskóli, Geislabaugur, Ingunnarskóli, Maríuborg, Reynisholt og Sæmundarskóli. Heiti verkefnis: Orð eru til alls fyrst. Kr. 4.500.000.
- 2) Umsækjandi: Fab Lab Reykjavík, þjónustumiðstöð Breiðholts, Fellaskóli, Seljaskóli, Hólabrekkuskóli, menntavísindasvið Háskóla Íslands, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Mixtura, RG Menntaráðgjöf og Vísindasmiðja Háskóla Íslands. Heiti verkefnis: Skapandi námssamfélag í Breiðholti. Kr. 6.000.000.

- 3) Umsækjandi: Fossvogsskóli, Vesturbæjarskóli, Dalskóli, Kelduskóli og Háskóli Íslands. Heiti verkefnis: Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga. Kr. 5.000.000.
- 4) Umsækjandi: Gufunesbær. Heiti verkefnis: Frístundafræðingur á miðstigi. Kr. 4.000.000.
- 5) Umsækjandi: Húsaskóli, Foldaskóli, Engjaskóli, Hamraskóli, Rimaskóli, Klébergsskóli, Borgaskóli, Víkurskóli, Háskóli Íslands og Íslenskuþorpið. Heiti verkefnis: Vertu velkomin/n í hverfið okkar – viltu tala íslensku við mig? Kr. 6.500.000.
- 6) Umsækjandi: Ingunnarskóli, Seláskóli, Vesturbæjarskóli og menntavísindasvið Háskóla Íslands. Heiti verkefnis: Austur – Vestur, sköpunar- og tæknismiðjur. Kr. 5.000.000.
- 7) Umsækjandi: Reynisholt, Stakkaborg, Tjörn, Ægisborg og Rannung. Heiti verkefnis: Leikur – styðjandi samskipti og lærdómssamfélag. Kr. 7.000.000.
- 8) Umsækjandi: Skóla- og frístundadeild Breiðhólts (Miðberg og grunnskólar). Heiti verkefnis: Betra Breiðholt fyrir unglinga. Kr. 4.000.000.
- 9) Umsækjandi: Tjörninn, Háskóli Íslands Rannsókn, Samtökin 78, Ársel, Gufunesbær, Kringlumýri, Miðberg og félagsmiðstöðvar í Reykjavík. Heiti verkefnis: Öll sem eitt! Kr. 4.000.000.
- 10) Umsækjandi: Tjörninn, Háskóli Íslands, Núvitundarsetrið, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili. Heiti verkefnis: VAXANDI. Kr. 4.000.000.

Samþykkt.

Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Hanna Halldóra Leifsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Menntastefna Reykjavíkurborgar er mikil vítamínsprauta í skóla og frístundastarf borgarinnar enda vönduð og framsækin stefna sem mótuð var af fagfólki á vettvangi. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að tryggja öllum starfsstöðvum sviðsins fjármagn til að innleiða meginatriði stefnunnar og farvegurinn er Nýsköpunar- og þróunarsjóðurinn þar sem annars vegar er úthlutað 150 milljónum úr sérstökum potti til leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva og hins vegar 50 milljónum í samstarfsverkefni sem nú er úthlutað til í annað sinn. Hér er gott jafnvægi milli nýrra verkefna og annarra sem dafnað hafa vel og verðskulda áframhaldandi stuðning. Sjóðurinn er lifandi dæmi um áherslu borgarinnar á fjölbreytta starfsþróun sem gerir gott starf enn betra í þágu menntunar barnanna í borginni.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. maí 2020, ásamt umsögn Marenar Óskar Elíasdóttur um Læsi II, hefti 2:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið taki upp *Lesmál* til þess að fylgjast með hversu margir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hversu stór hluti nemenda þurfi hugsanlega á sérstökum stuðningi að halda við lestrarnámið. Um leið verði hætt að nota Læsi, lesskimun í 2. bekk sem skimun á læsi og lesskilningi barna í 2. bekk.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020050107

Guðrún Edda Bentsdóttir og Dröfn Rafnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að próf og skimanir á stöðu barna í skólakerfinu séu nútímalegar og taki mið af veruleika þeirra nemenda sem þeim er ætlað að leggja mat á. Læsi II er rúmlega tuttugu ára gamalt próf og þykir ekki mæta sem skyldi kröfum samtímans. Prófið er norskt að

uppruna og segir sína sögu að þar hefur það verið uppfært nokkrum sinnum á undanförunum áratugum. Því ber að fagna að nú liggi fyrir nýtt próf sem skrifað er frá grunni miðað við aðstæður á Íslandi og hefur farið í gegnum ítarlega stöðlun. Prófið Lesmál er gefið út af Menntamálastofnun og má ætla að það verði uppfært reglulega eftir því sem við á. Hér er því um mikilvægt og gott skref við uppfærslu á prófi sem hefur þann tilgang að finna þau börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestrarnáminu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Til að leggja mat á framfarir nemenda í lestri eftir mismunandi kennsluaðferðum er mikilvægt að til staðar séu góð, áreiðanleg og raunprófuð mælitæki. Það er því með ólíkindum að notast hefur verið við, svo árum skiptir, úrelt mælitæki við lesskimum barna í 2. bekk eða 20 ára gamalt próf sem ekki stenst nútímakröfur. Það vekur upp spurningar um hvort niðurstöður lesskimunar síðustu ára séu marktækar og hvort þær hafi komið niður á greiningu barna með lestrarerfiðleika sem þurfa á stuðningskennslu að halda við lestrarnámið. Í ljósi þess að Menntamálastofnun hófst handa við þróun mælitækis árið 2015 sem metur framvindu nemenda í lestri og skimar fyrir lestrarerfiðleikum í 1.-10. bekk. Það mælitæki hefur gefið góða raun og því hefði átt að bregðast við fyrir og taka slíkt mælitæki í notkun.

4. Fram fara umræður um aukin framlög til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna áhrifa COVID-19. SFS2020050110

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram bókun sem skráð er í trúnaðarbók.

- Kl. 14:15 viku Guðmundur G. Guðbjörnsson af fundinum.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2020 - 2021 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 64 reykvískir nemendur.

Alþjóðaskólinn á Íslandi; 30 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykvískir nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 15 reykvískir nemendur.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2021, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. SFS2019050183

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Til að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem er í boði, er það réttlætismál að tryggja að jöfn framlög fylgi með hverju barni hvort heldur þau gangi í borgarrekinn eða sjálfstætt starfandi skóla. Með því að fé fylgi barni ætti efnahagur foreldra ekki að koma í veg fyrir val á skóla. Auk þess myndi slíkt fyrirkomulag veita foreldrum fleiri valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í menntun barna sinna. Enda eru það foreldrarnir sem bera ábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og

greiða fyrir námið með sköttum sínum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að allir nemendur eigi að hafa val um hvaða skóla þeir sækji, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagsmörkum af þeim sökum styðja þeir ekki tillögur sem byggja á fjöldatakmörkunum.

6. Lögð fram Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030. SFS2020050109

Pawel Bartoszek tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020 ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 5. mars 2020:

Lagt er til að eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur með þrífum í leik- og grunnskólum verði aukið í ljósi yfirstandandi verkfalls Eflingar. Þá er enn fremur mikilvægt að fylgst sé vel með þrífum ef sá heimsfaraldur sem kórónaveiran er, berst til landsins og breiðist út.

Samþykkt. SFS2020020122

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram í borgarráði 31. október 2019 og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. janúar 2020, um tillöguna:

Flokkur fólksins leggur til að verðandi starfsmenn leikskóla sem ekki tala íslensku sækji námskeið í íslensku áður eða stuttu eftir að þeir hefja starf. Það er erfitt fyrir starfsmann að byrja á vinnustað ef þeir eiga erfitt með að tjá sig og skilja hvað sagt er. Hluti af aðlögun nýs starfsmanns sem er af erlendu bergi brotinn ætti því að vera íslenskunámskeið. Skóla- og frístundasviði ber ávallt að revna að tryggja að starfsmönnum líði vel í vinnunni og liður í því er að þeir sem ekki tala málið fái íslenskunámskeið. Hlutfall erlendra leikskóla starfsmanna er hátt hér á landi og menntunarstig þeirra sem vinna á íslenskum leikskólum er lægra en annars staðar. Þetta er meðal þess sem kom fram í niðurstöðum TALIS-rannsóknarinnar þar sem starfshættir á leikskólum hér á landi, í Síle, Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Kóreu, Tyrklandi og Ísrael voru kannaðir. Í könnuninni voru ýmsar spurningar lagðar fyrir starfsfólk leikskóla og leikskólasióra. Meðal þess sem þar kom fram var að Ísland er það land þar sem hlutfallslega flestir leikskólustarfsmenn eru fæddir í öðru landi. Hlutfallið er 13,56% hér á landi, en til samanburðar er það 6,9% í Þýskalandi og 12,3% í Noregi.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. maí 2020, um innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir haustið 2020 og stöðu biðlista 12. maí 2020. SFS2020050108
10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. maí 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjölda leikskólakennara í leikskólum Reykjavíkur, launakostnað og meðalaldur leikskólakennara. SFS2019100049

- Kl. 15:13 vikur Magnús Þór Jónsson af fundi.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í leikskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt lögum eiga 66% starfsmanna í leikskóla að vera leikskólakennarar. Í dag eru 303,9 leikskólakennarar sem gerir um 22%. Ef 226,6 uppeldismenntuðum starfsmönnum er bætt við leikskólakennara þá er fjöldi stöðugilda í starfi með börnum 530,5 af 1390,2 og fer hlutfallið upp í 38%. Enn vantar um 386,5 leikskólakennara sem gerir um 28% af

stöðugildum í leikskóla í vinnu með börnum. Úthlutun í fjárhagsramma leikskóla miðast ekki við lögin, heldur raun stöðu hvers skóla. Vegna skorts á leikskólakennurum er launaliðurinn lægri en ef viðmiðum laga væri náð, þ.e. 66% stöðugilda væri mönnum leikskólakennurum. Leikskólastjórar hafa bent á þessa stöðu og hvatt til þess að úthlutun í fjárhagsramma leikskóla miðist við lögin. Það myndi jafna stöðu leikskóla og þeir sem ekki ná að ráða til sín leikskólakennara hafi meira svigrúm til að mæta börnum sínum með öðrum leiðum og meira jafnvægi fengist á milli skóla. Endurskoða þarf launakjör, starfsaðstæður og efla tækifæri kennara og stjórnenda til námsleyfa, til að styðja betur við leikskóla til að uppfylla markmið laga.

Áheyrnarfulltrúi starfsfólks í leikskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í leikskólum hefur áhyggjur af því hversu margir leikskólakennarar hafa verið að flytja sig yfir í grunnskólann. Tölur frá Félagi leikskólakennara sýna að frá 1. janúar – 31. desember 2019 fóru 337 félagar úr FL. Þar af fóru 213 yfir í grunnskólann. Þessar tölur eru sláandi og sýna okkur, eins og svo margar kannanir og rannsóknir hafa gert, að vinnufyrirkomulag leikskólakennara verður að færast í átt til þess sem er í grunn- og framhaldsskólum. Það eru samningaviðræður í gangi núna og nú gefst ykkur tækifæri til að gera starf leikskólakennara eftirsóknarvert.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er áhyggjuefni að árlega fækki stöðugildum leikskólakennara hjá Reykjavíkurborg. Árið 2017 voru starfandi leikskólakennarar 324 en árið 2018 voru þeir 303. Samkvæmt lögum skulu 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljast til stöðugilda leikskólakennara, það vantar því mikið uppá að lögin séu uppfyllt. Meðalaldur leikskólakennara í Reykjavík er 51 ár og því er ljóst að mun fleiri stöðugildi leikskólakennara munu tapast á næstu árum ef ekki fer að ganga betur að ráða leikskólakennara til Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg sparar árlega 800 milljónir í launakostnað vegna skorts á fagmenntuðum leikskólakennurum.

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að allir reykvískir foreldrar njóti jafnræðis þegar kemur að systkinaafslætti vegna frístundagjalds. Því leggja þeir til að systkinaafsláttur gildi um öll reykvísk börn hvort sem þau stunda nám við borgarrekna skóla eða sjálfstætt starfandi skóla utan Reykjavíkur.

Greinargerð fylgir.

Frestað. SFS2020050136

- Kl. 15:34 vikur Skúli Helgason af fundinum. Alexandra Briem tekur við fundarstjórn.

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið móti tillögur fyrir næsta skólaár um hvernig hægt verði að mæta nemendum sem misst hafa úr námi vegna skerts skólahalds í Kórónuveirufaraldrinum. Skert skólahald hefur áhrif á námsframvindu margra nemenda og bregðast verður við því með markvissum aðgerðum s.s. að skoðað verði að fjölga kennslustundum í undirstöðunámsgreinum s.s. í lestri og stærðfræði.

Frestað. SFS2020050137

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að allir reykvískir nemendur hafi raunverulegt val um hvaða skóla þeir sækja, óháð rekstrarformi skóla eða sveitarfélagsmörkum. Til þess að gera það kleift er því lagt

til að sama fé fylgi börnum óháð því hvort þau velja sjálfstætt starfandi skóla eða borgarrekinn skóla.

Frestað. SFS2020050138

- Kl. 15.40 vikur Diljá Ámundadóttir Zoëga af fundi.

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ítrekuð tillaga frá 25. febrúar 2020 en þar var lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks. Þremur mánuðum eftir að tillagan var lögð fram hefur hún ekki verið tekin á dagskrá. Þennan tíma hefur óvissa foreldra og barna í Fossvogsskóla um málefni skólans aukist mikið.

Frestað. SFS2018120034

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú standa yfir ráðningar í kennarastöður við grunnskóla borgarinnar. Hver er staða ráðningamála skólanna fyrir næsta skólaár? Þá er óskað upplýsinga um hvort leikskólakennarar eða grunnskólakennarar hafi færst milli skólastiga eftir lagabreytinguna um eitt leyfisbréf frá 1. janúar sl.

SFS2020050139

**Fundi slitið kl. 15:43**

Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Egill Þór Jónsson  
Marta Guðjónsdóttir



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 9. júní, var haldinn 185. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.30.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 3. júní 2020, um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, notkun fjarfundabúnaðar. Heimildin gildir til 2. júlí 2020. SFS2020040074

- Kl. 12.35 taka Ragnheiður Davíðsdóttir og Soffía Vagnsdóttir sæti á fundinum.

2. Lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júní 2020, um breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu frístundaheimila ásamt reglum um þjónustu frístundaheimila með tillögum að breytingum og nógildandi reglum um þjónustu frístundaheimila sem samþykktar voru í borgarráði 2. maí 2019.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020060031

- Kl. 12.40 tekur Stefán Geir Hermannsson sæti á fundinum.

3. Lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júní 2020, um breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs um þjónustu félagsmiðstöðva ásamt reglum um þjónustu félagsmiðstöðva með tillögum að breytingum og nógildandi reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem samþykktar voru í borgarráði 2. maí 2019.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020060032

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Eitt mikilvægasta nýmæli í endurskoðuðum reglum um félagsmiðstöðvar er nýtt ákvæði um að starfsfólk þeirra sinni reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga. Mikilvægt er að skýra og festa í sessi það góða starf sem félagsmiðstöðvar hafa unnið, svo hægt sé að bregðast við þeirri stöðu sem upp hefur komið í kjölfar Covid, þar sem til langs tíma skorti mörg börn aðgang að sínum reglulega og skipulega skóladegi og þeirri kjölfestu sem hann gat verið. Hér er um mikilvægt framfaraskref að ræða sem styrkir í sessi þennan mikilvæga þátt í starfi félagsmiðstöðvanna en starfsfólk þeirra hefur um árabíl verið í fararbroddi varðandi eftirlit með áhættuhegðun unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu þeirra í borginni og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu og styðjandi umhverfi.

4. Lögð fram drög að nýju rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, varðandi beiðni um opnun ungbarnadeildar á leikskólanum Vinagarði, bréfum Vinagarðs, dags. 4. febrúar 2020 og 24. apríl 2020, umsögn foreldraráðs Vinagarðs, dags. 24. apríl 2020 og rekstrarleyfi fyrir leikskólann Vinagarð, dags. 15. júní 2015.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019120144

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, um beiðni um breytt framlag vegna opunar ungbarnadeildar á leikskólanum Vinagarði, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 14. maí 2020, bréfum Vinagarðs, dags. 4. febrúar 2020 og 24. apríl 2020, umsögn foreldraráðs Vinagarðs, dags. 24. apríl 2020, samningi um framlag skóla- og frístundasviðs til Vinagarðs fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, dags. 18. mars 2019 og reglum um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskóla KFUM og KFUK Vinagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 9 barna frá 12 mánaða til 18 mánaða og að framlag vegna barnanna verði til samræmis við samninga við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag vegna 86 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Þannig verði hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna í heild 95. Breytingin taki gildi 1. september 2020. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við leikskóla KFUM og KFUK vegna framlagsins sem taki mið af tímalengd nógildandi samnings.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019120144

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er meginmarkmið Brúum bilið aðgerðaáætlunarinnar að fjölga leikskólaplássum, svo bjóða megi fleiri yngri börnum í leikskóla eða allt frá lokum 12 mánaða fæðingarorlofs. Það gerir Reykjavíkurborg með því að byggja nýja leikskóla og stækka vinsæla leikskóla með viðbyggingum og nýjum leikskóladeildum í færanlegu húsnæði. Loks er fjölgað plássum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum. Alls er stefnt að fjölgun um 700-750 nýrra leikskólaplássu fram til ársins 2023. Á þessum fundi samþykkjum við að fjölga um 17 pláss hjá sjálfstætt starfandi skólum, annars vegar í leikskólanum Vinagarði og hins vegar í leikskóladeild Landakotsskóla.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, um beiðni um breytingu á hámarksfjölda 5 ára reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 11. maí 2020, samningi um framlag skóla- og frístundasviðs til leikskóladeildar Landakotsskóla, dags. 5. febrúar 2019, reglur um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, rekstrarleyfi fyrir leikskóladeild 5 ára barna við Landakotsskóla, dags. 10. júní 2016 og bréf Landakotsskóla, dags. 23. febrúar 2020:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. maí 2020, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla vegna leikskóladeildar fyrir fimm ára börn verði breytt með þeim hætti að heimilt sé að greiða framlag vegna 30 barna frá 20. ágúst 2020 í stað 22 nú. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við nógildandi samning skólans, dags. 5. febrúar 2019, sem taki mið af tímalengd nógildandi samnings.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2015040095

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna að skóla- og frístundaráð sé nú að auka fjárframlag til sjálfstætt rekinna skóla, slíkt er vel til þess fallið að auka fjölbreytni í skólamállum og fjölga þannig áhugaverðum valkostum fyrir nemendur og foreldra þeirra. Engu að síður er ástæða

til að koma þeirri skoðun á framfæri að betur megi styðja við alla sjálfstæða skóla í borginni, það þyrfti að vera þannig að sama upphæð opinbers fjár fylgdi öllum börnum í öllum skólum, óháð rekstrarformi þeirra skóla sem börnin velja að sækja. Með því eru tryggð jöfn tækifæri fyrir öll börn innan skólakerfisins, óháð efnahag foreldra.

7. Lagt fram bréf borgarstjórnars í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um táknmálskennslu í grunnskólum er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblöðum sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júní 2020 og 3. júní 2019, um tillöguna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en vorönn 2020.

Greinargerð fylgir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að boðið verði upp á táknmál sem valgrein í grunnskóla í öllum hverfum Reykjavíkur skólaárið 2020-2021. Gengið verði til samstarfs við Samskiptamiðstöð heyrnarláusra og heyrnarskertra um fyrirkomulag og inntak námsins. Einnig verði boðið upp á námskeið fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar til að styðja þá kennara sem vilja taka upp táknmálskennslu í sínum námshópum.

Samþykkt. SFS2019040003

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Aldísar Lóu Benediktsdóttur frá ungmennaráði Breiðholts um að auka veg táknmálskennslu í grunnskólum borgarinnar er allrar athygli verð og hefur verið unnið að því undanfarna mánuði að finna henni góðan farveg. Niðurstaða þess undirbúnings er að bjóða táknmálskennslu sem valfag í unglingadeildum í öllum hverfum borgarinnar og er það mikilvægt skref í þá átt að draga úr félagslegri einangrun þess hóps sem treystir á íslenskt táknmál sem tungumál og samskiptaform.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2020, um tillöguna:

Lagt er til að þeim nemendum sem ljúka grunnskóla nú í vor standi til boða að stunda fjarnámsáfangu í framhaldsskólum í sumar sér að kostnaðarlausu. Í ljósi ástandsins og skerts skólahalda að undanfögnu vegna Covid-19 faraldursins og samkomubannsins er mikilvægt að nemendur eigi þess kost við skólaskilin að spreyta sig á framhaldsskólaáfangum. Þannig munu þeir kynnast framhaldsskólastiginu, geta nýtt tímann og verða betur í stakk búnir til að takast á við krefjandi nám á framhaldsskólastigi. Þetta gæti orðið hluti af virkniúrræðum fyrir þessa nemendur enda má búast við að erfitt verði fyrir þennan aldurshóp að fá vinnu í sumar. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við ríkið um að greiða kostnað vegna þessara fjarnámsnemenda sem ljúka munu 10. bekk nú í vor. Enda um að ræða áfangu sem ríkið þyrfti hvort eð er að greiða fyrir þegar þessir nemendur hefja nám í framhaldsskóla.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2020040151

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að útskriftarárgangur grunnskóla geti stundað fjarnám í sumar til að undirbúa framhaldsskólanám sitt er efalítið lögð fram af góðum hug. Engu að síður liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um að reykvísk ungmenni hafi áhuga á slíku úrræði og engar vísbendingar eru um áform ráðuneytis um að koma slíku á fót. Hins vegar hafa staðið yfir viðræður við framhaldsskóla um að tekið verði tillit til hinna óvenjulegu kringumstæðna í tengslum við COVID-19 faraldurinn við inntöku nema í framhaldsskólana og hafa bær skilað góðum árangri og sameiginlegum skilningi á því að komið verði til móts við nýnema hvað þetta varðar á komandi skólaári í framhaldsskólunum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það að tillagan sé ekki tekin fyrir fyrr en um sömu mundir og fjarnám framhaldsskólanna hefst lýsir því best að meirihlutinn hefur ekki haft neinn áhuga á að taka málið til frekari skoðunar og reyna að koma til móts við þá nemendur sem eru að ljúka grunnskóla núna og hafa orðið fyrir skertu skólastarfi vegna kórónuveirunnar. Mikilvægt er að nemendur séu vel undirbúnir til að takast á við framhaldsskólanám. Þrátt fyrir að framhaldsskólarnir séu meðvitaðir um að nemendur grunnskólans hafi orðið fyrir skertu skólastarfi og munu að einhverju leyti taka tillit til þess má búast við að margir nemendur hefðu viljað undirbúa sig enn frekar fyrir framhaldsskólann og nýta sér tilboð um kostnaðarlausu fjarnámsáfangu í sumar til að efla sig og styrkja fyrir framhaldsskólanámið.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020:

Ítrekuð tillaga frá 25. febrúar 2020 en þar var lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði í fullu samstarfi við fulltrúa starfsfólks og foreldra Fossvogsskóla varðandi endurbætur við skólann. Þá er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi ofangreindra aðila við fulltrúa fagmanna og úttektaraðila sem unnið hafa að endurbótum og gert hafa mælingar og úttekt á skólahúsnæðinu og aðra þá fagaðila sem komið hafa að verkinu. Ennfremur er mikilvægt að allar upplýsingar um framkvæmdina verði aðgengilegar fulltrúum foreldra og starfsfólks. Þremur mánuðum eftir að tillagan var lögð fram hefur hún ekki verið tekin á dagskrá. Þennan tíma hefur óvissa foreldra og barna í Fossvogsskóla um málefni skólans aukist mikið.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi breytingartillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2020:

Skóla- og frístundaráð lýsir yfir fullum stuðningi við það upplegg sem skóla- og frístundasvið í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið og skólaráð Fossvogsskóla hefur ákveðið varðandi gott samstarf og upplýsingamiðlun til foreldra og starfsfólks Fossvogsskóla í tengslum við yfirstandandi endurbætur á húsnæði skólans. Þar er áréttað að fulltrúar sviðanna fundi reglulega með skólaráði Fossvogsskóla og skólastjóri miðli

upplýsingum til foreldra um gang framkvæmdanna. Lögð er áhersla á að framkvæmdum verði lokið fyrir byrjun næsta skólaárs.

Samþykkt. SFS2018120034

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Undanfarið ár hefur verið unnið að gagngerum endurbótum á húsnæði Fossvogsskóla og hefur verið varið um 412 millíónum króna í að endurnýja byggingarefni á stórum hluta skólans. Lokaverk framkvæmdanna verða unnin í sumar og liggur fyrir samkomulag skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skólaráðs Fossvogsskóla með aðkomu foreldra, starfsmanna og nemenda um að utanaðkomandi aðili Verkis verði fenginn til að taka út framkvæmdirnar og ganga kyrfilega úr skugga um að staðið hafi verið rétt að þeim. Reglulegir fundir verða haldnir til að upplýsa skólaráðið um gang framkvæmda og áhersla lögð á góða upplýsingamiðlun til foreldra.

10. Lagt fram fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs 2019. SFS2019060141

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2019 endurspeglar trausta stöðu borgarsjóðs en bó minnkandi tekjur í takt við niðursveiflu í efnahagslífinu. Frávik í rekstri skóla – og frístundasviðs var 1% sem helgaðist af halla í rekstri grunnskólanna en rekstur leikskóla og frístundastarfseminnar skilaði afgangi. Brýn börf er á ítarlegri úttekt á rekstrarumhverfi grunnskólanna og er nú unnið að því að leggja lokahönd á nýtt úthlutunarlíkan sem verður tilbúið til notkunar í haust. Markmiðið með nýju líkani er að stuðla að sanngjarnri og raunhæfri úthlutun sem tekur mið af mismunandi nemendasamsetningu, rekstrarumhverfi og félagslegum aðstæðum í nærumhverfi grunnskólanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2019 sýnir að allt of margir skólar skila hallarekstri eða mikill meirihluti. Ábendingar um að reiknilíkanið sé löngu úrelt hafa oft komið fram í bókunum fulltrúa Sjálfstæðisflokks á þessu og síðasta kjörtímabili. Þær ábendingar voru staðfestar í skýrslu Innri endurskoðunar fyrir um ári síðan, sem og í athugasemdum fjármála- og áhættustýringasviðs í ársreikningi sviðsins. Allt staðfestir þetta að reiknilíkanið sé löngu orðið úrelt, fjárhagsrammi sviðsins sé rangur og skólarnir vanfjármagnaðir til margra ára. Hraða þarf gerð nýs reiknilíkans fyrir fjárhagsáætlun næsta árs þannig að þeir geti haldið sér innan úthlutaðs fjárhagsramma og sinnt þeim lögboðnu verkefnum sem þeim er ætlað.

11. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 milljón kr. árið 2019. SFS2019060142

12. Lagt fram yfirlit yfir ferðir skóla- og frístundasviðs, október – desember 2019. SFS2019060143

13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. maí 2020, um ráðningu leikskólastjóra í Hraunborg. SFS2020050131

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Hraunborgar Sigríði Fanneyju Pálsdóttur til hamingju með starfið og óskar henni velfarnaðar. Ráðið þakkar fráfarandi leikskólastjóra Guðnýju Sigríði Hallgrímsdóttur fyrir vel unnin störf.

14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 175. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi kostnað

við aðkeypta vinnu vegna ráðgjafar og sérverkefna á skrifstofu skóla- og frístundasviðs árin 2018 og 2019. SFS2019110144

Frestað.

- Kl. 15.02 vikur Anna Metta Norðdahl af fundinum.
- 15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. febrúar 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 178. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi tónmenntakennslu í grunnskólum. SFS2019060109
- Kl. 15.12 vikur Guðrún Gunnarsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjöldi nemenda í grunnskólum Reykjavíkur fer á mis við tónmenntakennslu. Staða tónmenntakennslu er alvarleg þegar litið er til þess að 879 nemendur í tveimur skólum borgarinnar fá alls enga tónmenntakennslu þ.e. í Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla. Fjöldi annarra nemenda fara einnig á mis við tónmenntakennslu því ekki er kennd tónlist í öllum árgöngum nema í 12 skólum borgarinnar af 36. Af þessu er ljóst að ekki fá allir nemendur borgarinnar kennslu í þessu fagi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólarnir geta því ekki mætt þeim hæfniviðmiðum í kennslu í þessu fagi sem aðalnámskráin gerir ráð fyrir. Til að uppfylla skilyrði aðalnámskrár og að öll börn í borginni sitji við sama borð hvað tónmenntakennslu varðar verður að taka þessa stöðu alvarlega og gera ráðstafanir fyrir haustið til að tryggja öllum nemendum kennslu í tónmennt sem þeim ber skv. aðalnámskrá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er af samantekt sviðsins um stöðu tónmenntakennslu í grunnskólum borgarinnar að það er verk að vinna að tryggja nemendum há tónmenntakennslu sem þeir eiga rétt á skv. aðalnámskrá. Það verður verkefni sviðsins í samstarfi við viðkomandi skóla að ráða bragarbót á þessu á komandi misserum.

- 16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við samþykkt um skóla- og frístundaráð. Við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skal skóla- og frístundasvið gefa foreldrafélagi/foreldraráði og skólaráði viðkomandi skóla kost á virku samráði um málið. Þar sem ráðning skólastjóra eða leikskólastjóra stendur fyrir dyrum, skal gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags, foreldraráði og skólaráði kost á að hitta umsækjendur, sem metnir hafa verið hæfastir, til að kynnast sýn þeirra á starfið. Heimilt er að hafa slíkan fund opinn öllum foreldrum viðkomandi skóla. Að undangengnu slíku samráði er þessum aðilum þ.e. stjórn foreldrafélags og skólaráði heimilit að skila umsögn til skóla- og frístundasviðs með álitum um hvaða umsækjandi sé áhugaverðasti kosturinn með hliðsjón af metnaðarfullri framtíðarsýn að þeirra mati til að gegna starfinu.

Frestað. SFS2020060059

- 17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir á leikskólanum Fífuborg í Grafarvogi, nýlega var farið í miklar framkvæmdir og endurbætur á leikskólanum meðal annars til undirbúnings á nýrri ungbarnadeild. Fulltrúarnir vilja vita hvort að til standi að fækka plássum á leikskólanum með því að loka einni deild leikskólans og hætt sé við að opna ungbarnadeild? Ef þetta er gert vegna aðstöðuleysis starfsfólks hvers vegna er ekki byggt við þá aðstöðu sem starfsfólk hefur? Hafa framkvæmdir verið

kostnaðarmetnar, þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og borið saman við kostnað við það að byggja við núverandi starfsmannaaðstöðu?

SFS2020060060

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að viðræður séu við fulltrúa Hjallastefnunnar um það að opna barnaskóla í húsnæði Kelduskóla Korpu.

SFS2020040154

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um breytingar á opnunartíma leikskóla Reykjavíkur vegna COVID-19. Hversu margir leikskólar hafa skertan opnunartíma 1. júní 2020 og hverjar eru forsendur fyrir þeim skerta opnunartíma?

SFS2020060061

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hvort frístundaheimili Klettaskóla verði opið í sumar.

SFS2020060062

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar fyrir komandi vetur.

SFS2020050139

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar óska upplýsinga í hvaða framkvæmdir á að ráðast í sumar til að bæta umferðaröryggi við Dalskóla í Úlfarsárdal?

SFS2019100042

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir að aðstöðumál frístundamiðstöðvar við Sæmundarskóla verði á dagskrá næsta fundar skóla- og frístundaráðs.

SFS2020020040

24. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar óska upplýsinga um hversu margir nemendur eru í Vinnuskóla Reykjavíkur í sumar. Óskað er sundurliðaðra upplýsinga eftir aldri nemenda.

SFS2020060063

**Fundi slitið kl. 15:33**

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 23. júní, var haldinn 186. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.34.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Kolbrún Baldursdóttir (F), Marta Guðjónsdóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning og umræða um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi frá hausti 2020. SFS2019020105

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.48 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir vandaða og góða kynningu á stöðu undirbúnings vegna umbóta í skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Það er mikið ánægjuefni að samgöngubætur séu nú tilbúnar til framkvæmda eftir samþykkt borgarráðs á dögunum og verði unnar á allra næstu vikum. Undirbúningur vegna stofnunar nýsköpunarskóla í Víkurskóla er í fullum gangi, lagður hefur verið grunnur að samstarfi við Borgarholtsskóla, Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarmiðstöð þar sem liggur fyrir gagnkvæmur áhugi og er ljóst að spennandi námsframboð verður í boði fyrir unglunga í þeim skóla rétt eins og hinum nýju skólunum: Engjaskóla og Borgarskóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn virðist lítið hafa lært og engu gleymt af fyrri sameiningum skóla í borginni. Sama er uppi á teningnum nú og þegar farið var í viðamiklar sameiningar skóla árið 2012 sem ollu miklu fjaðrafoki og sættu mikilli gagnrýni. Það virðist sem meirihlutinn líti á Grafarvoginn sem tilraunahverfi fyrir skólasameiningar. Gerð var ítarleg óhád úttekt á þeim sameiningum 2012 sem staðfesti svo ekki verði um villst að varnaðarorð og gagnrýni á sameiningarnar áttu fullan rétt á sér. Mikil ringulreið og óvissa skapaðist í skólastarfinu í aðdraganda þeirra róttæku breytinga sem áttu sér stað þá. Í stystu máli fékk sameiningarferlið, undirbúningur og framkvæmd verksins fallelkunn í skýrslu Intellecta. Því miður kveður við sama tón nú þar sem samráð sameininga skóla í norðanverðum Grafarvogi var lítið sem ekkert og keyrðar í gegn þrátt fyrir hávær mótmæli. Þrátt fyrir gefin loforð og fögur fyrirheit þá hafa heldur ekki enn verið haldnir samráðsfundir með foreldrum vegna breytts skólahalds og stofnunar nýsköpunarskóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúar meirihlutans áréttu að hér er um að ræða fjölgun sjálfstæðra skólaeininga, ekki fækkun. Skýrsla um sameiningar sem farið var í 2012 er eitt af þeim gögnum sem til hliðsjónar voru þegar ákveðið var að ráðast í þær breytingar sem hér eru til umræðu og miða þær að því að búa til besta mögulega skólaumhverfi sem völ er á fyrir börn í

norðanverðum Grafarvogi. Hafa fulltrúar meirihlutans í skóla- og frístundaráði lagt á það mikla áherslu í þessu ferli að vera í virku samtali við foreldra, íbúa og skólasamfélagið og hafa bæði mætt á fundi og svarað fjölda tölvupósta.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Allt þetta mál hefur verið erfitt einna helst vegna þess að farið var í framkvæmdir í óþökk íbúa, foreldra og barna. Hvernig þetta allt lukkast kemur ekki í ljós fyrr en komin er á reynsla og ekki fyrr en þá foreldrar segja að þau séu sátt og að þau séu örugg með börn sín. Það er einnig miður að þegar íbúar senda inn fyrirspurnir að þeim er ekki svarað fyrr en eftir dúk og disk og ítrekanir. Staðreyndin er sú að íbúar eru uggandi og enn kraumar án efa einhver óánægja og kvíði fyrir framtíðinni. Síðast í gær var borgarfulltrúum sent skeyti þar sem ítrekað er að fá svör við fyrirspurnum um ýmis atriði. Í skeytinu er lýst yfir áhyggjum ekki síst yfir því hvað gengur illa að fá viðbrögð skóla- og frístundasviðsins við fyrirspurnum. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að ef borgari þarf að senda stjórnkerfi borgarinnar skeyti af þessu tagi þá er eitthvað sem þarf að laga. Ekkert afsakar samskiptaleysi eða hunsun gagnvart áhyggjufullum foreldrum eða íbúum sem eru uggandi um börn sín. Óvissa og þögn fer illa með alla.

2. Lögð fram skýrslan Öryggismál í skóla- og frístundastarfi, tillögur starfshóps, dags. 26. maí 2020.

Guðrún Hjartardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að móta áætlun um forgangsröðun og innleiðingu á tillögum starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi. Áætlunin feli í sér fjárhagsmat á einstökum tillögum.

Samþykkt. SFS2019090277

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka fyrir greinargóða yfirferð á öryggismálum grunnskólanna og vandaða vinnu starfshópsins. Afar mikilvægt er að tryggja eftir megni öryggi barna í skóla- og frístundastarfi en jafnframt er nauðsynlegt að gæta meðalhófs og persónuverndarsjónarmiða og varast að ganga lengra í eftirliti en þörf krefur. Við leggjum til að sviðsstjóra verði falið að útfæra kostnaðarmetna áætlun um innleiðingu á tillögum til að bæta öryggi, sem feli í sér forgangsröðun og taki mið af aðstæðum og þörf á hverjum stað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að tillögur skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks hafi skilað sér inn í vinnu starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt er að gefin sé út samræmd viðmið og reglur í því skyni að tryggja betur öryggi barna í skólahúsnæðinu og á skólalóðinni. Til að öryggi nemenda verði betur tryggt höfum við sjálfstæðismenn í skóla- og frístundaráði komið með tillögu um að starfsmenn auðkenni sig með nafnspjaldi og að öllum skólum borgarinnar sem það vilja standi til boða að koma upp öryggismyndavélum við skólana enda hafa þær sannað gildi sitt í þeim skólum sem nú þegar hafa á að skipa slíkum búnaði bæði til að tryggja öryggi nemenda og koma í veg fyrir skemmdarverk.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í skýrslu starfshóps um öryggismál í skólum undir kaflanum um „Öryggismyndavélar, hvers vegna öryggismyndavélar?“ að alls hafa 73 rúður verið brotnar á 12 mánaða tímabili víðs vegar um húsnæði eins skóla í borginni. Hætta getur skapast af glerbrotum sem liggja á skólalóðinni eftir ítrekuð rúðubrot. Gríðarlegur kostnaður fer í að hreinsa upp glerbrot og skipta um gler í gluggum skólans. Kostnaður fyrir árið 2018 er 15.259.000 kr. og fyrir árið 2019 12.023.000 kr. Hér er aðeins um einn skóla að ræða í borginni en Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla. Fulltrúa Flokks fólksins finnst eðlilegt að foreldrar axli ábyrgð brjóti barn þeirra rúðu í skólanum utan skólatíma, gefið að staðfest sé hver gerandinn er og að hann sé nemandi í skólanum. Ef barnið er í skólanum á skólatíma þá er barnið á ábyrgð skólans. Ef það er utan skólatíma þá hlýtur barnið þ.e. foreldrar þess að vera skaðabótaskyldir gagnvart skólanum. Hvað varðar öryggismyndavélar tekur fulltrúi Flokks fólksins undir mikilvægi þeirra í mörgu tilliti. Öryggismyndavélar eru dýrar og viðhaldskostnaður án efa mikill. Vega þarf og meta ávinninginn, hvar öryggismyndavélar koma að mesta gagni og í hvaða skólum uppsetning þeirra er sérstaklega mikilvæg t.d. hvað varðar fælingarmátt sem öryggismyndavélar sannarlega hafa.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar Félags skólastjórnenda í Reykjavík og Kennarafélags Reykjavíkur fagna vandaðri skýrslu starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi þar sem horft er til þess að gera grunnskóla borgarinnar enn öruggari en nú er. Tillögur starfshópsins eru vel ígrundaðar og í framhaldi er mikilvægt að rýnt verði í hvern skóla í samráði við stjórnendur og starfsfólk hvers skóla enda þar á ferð lykilaðilar í því að búa öruggt umhverfi fyrir börn í skólum borgarinnar. Í þeirri vinnu skiptir miklu máli að hver skóli móti sínar tillögur og gæti meðalhófs í hvívetna.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2020, um framlengingu samninga við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms og endurnýjun samninga vegna efri stiga tónlistarnáms ásamt yfirliti yfir kennslumagn; yfirliti yfir upphæðir samninga; umsögn endurskoðunarnefndar vegna erindis Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík um endurskoðun ársreikninga, dags. 2. október 2018; fyrirmynd að samningi við tónlistarskóla; reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla; drögum að viðauka við þjónustusamning við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms; drögum að þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms; samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, dags. 3. desember 2018 og reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, dags. 31. ágúst 2016:

Lagt er til að samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga tónlistarnáms sem renna út þann 31. júlí 2020 verði framlengdir með viðauka til 31. júlí 2021, sjá fylgiskjal 1. Þá verði í framangreindum viðaukum kveðið á um úthlutun viðbótarstunda til þeirra tónlistarskóla sem úthlutað hefur verið viðbótarstundum í þeim tilgangi að auka jöfnuð og fjölbreytni í tónlistarnámi, sjá fylgiskjal 1.

Þá er lagt til að samþykktir verði samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms sem renna út 31. ágúst 2020. Gildistími verði 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Þar sem hlutverk Reykjavíkurborgar er að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að ganga frá samningum við aðila þá sem tilgreindir eru í fskj. 2 á grundvelli upplýsinga frá Jöfnunarsjóði. Upphæðir eru birtar með fyrirvara um úthlutun og byggjast á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

Sviðsstjóra er falið að gera samninga við tilgreinda aðila á grundvelli endanlegra útreikninga á framlögum.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2018090150

Sigfríður Björnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrir liggur að stýrihópur á vegum skóla- og frístundasviðs vinnur að heildstæðri stefnumótun sem lögð verður til grundvallar samninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla frá og með vori 2021, en mikilvægt er að samningar séu endurnýjaðir til eins árs meðan sú stefnumótun liggur ekki fyrir að fullu, en tilgangur hennar er að auka og jafna aðgengi barna í mismunandi borgarhlutum að tónlistarnámi, ásamt því að draga úr þeim kostnaði sem fellur á foreldra vegna tónlistarnáms.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt eldri tillögu frá 163. fundi skóla- og frístundaráðs, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019 og reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hóp bifreiðum:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að gera breytingar á áður samþykktri tillögu, dags. 25. júní 2019, varðandi nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005, halda gildi sínu en þó með þeirri breytingu að í stað þess að nemendur fái afhenta farmiða fái nemendur strætókort. Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði óbreyttar. Ekki verða gerðar breytingar á skólaakstri í borginni frá því sem nú er. Sviðsstjóra er falið að leggja fram tillögu að breytingum á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum sem taki tillit til framangreinds.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins situr hjá. Vísað til borgarráðs. SFS2018110156

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Að stjórn stæra málaflakki borgarinnar krefst áræði, útsjónarsemi og sveigjanleika og kjörnir fulltrúar þurfa að vera tilbúnir að gera breytingar á áformum sínum ef aðstæður breytast eða til að taka mið af rökstuddum sjónarmiðum borgarbúa. Það skýrir þá tillögu sem hér er kynnt þar sem breytingar eru gerðar á áður samþykktri tillögu varðandi skólaakstur og afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum. Breytingin felur í sér að fallið er frá áformum um að leggja af skólaakstur í þremur hverfum borgarinnar, Staðahverfi, Skerjafirði og Suðurhlíðum m.a. vegna sjónarmiða sem komu fram í umsögnum foreldra en hins vegar er samþykkt að taka upp strætókort í stað farmiða sem mun hafa í för með sér verulegan ábata fyrir umrædda nemendur sem þurfa að fara um nokkurn veg til að sækja sinn grunnskóla.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að nú skuli loks vera fallið frá þeirri hugmynd að afleggja skólaakstur. Með því er tekið undir áralanga baráttu íbúa í hverfum þar sem skólabörn þurfa að reiða sig á þjónustu skólaaksturs, að forgangsraðið sé í þágu öryggis skólabarnanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn er að samþykkja hér að gera engar breytingar á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskóla borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþífu. Að halda reglunum óbreyttum eru vonbrigði því margt í þeim er úrelt. Fulltrúi Flokks fólksins situr því hjá. Í þessum reglum er t.d. ekki verið að hugsa til þeirra barna sem búa á tveimur stöðum en þannig er það með hóp barna. Þetta eru börn sem eru t.d. viku hjá föður og viku hjá móður en eru aðeins með lögheimili á einum stað eins og lögin kveða á um að verði að vera. Í þessum tilfellum hlýtur að þurfa að gera undantekningar ef vegalengd frá lögheimili til skóla er meiri en 1.5 km. Fulltrúi Flokks fólksins leggur mikla áherslu á að skóla- og frístundaráð nái sambandi við stjórn Strætó bs. Það er tímabært að gera breytingar á reglunum ef börn eiga að sitja við sama borð í þessum efnum. Strætó bs er í eigu borgarinnar að stórum hluta og verður að vinna með fagsviðunum til þess að hægt sé að virða ákvæði mannréttindastefnu og Barnasáttmálans.

Skúli Helgason vísar af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis. Alexandra Briem tekur við fundarstjórn undir þessum lið.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, um staðfestingu skólalagatala grunnskóla í Reykjavík skólaárið 2020-2021.

Samþykkt. SFS2019030055

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, umsógn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. maí 2020, umsókn Suðurhlíðarskóla, dags. 30. apríl 2020, þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs og Suðurhlíðaskóla, dags. 13. maí 2019 og staðfesting Menntamálastofnunar á þjónustusamningi Suðurhlíðaskóla, dags. 31. janúar 2020:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Suðurhlíðarskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 41 í stað 36 frá upphafi skólaárs 2020-2021. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila, dags. 13. maí 2019, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna 41 reykvískra nemanda. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2020-2021.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá. Vísað til borgarráðs. SFS2020050001

- Kl. 14.50 vikur Soffía Vagnsdóttir af fundinum.
7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020:

Í aðgerðapakka borgarráðs vegna neikvæðra efnahagslegra áhrifa Covid-19 faraldursins er lögð til flýting fjárfestinga og viðhalds á vegum Reykjavíkurborgar til að auka atvinnu og umsvif í efnahagslífinu. Gert er ráð fyrir að viðbótarfjárfestingar borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja geti samanlagt orðið um 5 milljarðar króna á árinu og enn meiri árið 2021. Nú liggur fyrir í fjölmörgum skýrslum sem lagðar hafa verið fyrir skóla- og frístundaráð viðhaldsþörf skólahúsnaðis í borginni og því lagt til í ljósi þeirra aðgerða sem borgarráð hefur boðað að ráðist verði í enn frekari aðgerðir vegna löngu tímabærra viðhaldsverkefna í grunn- og leikskólum, frístundaheimilum og frístundamiðstöðvum borgarinnar strax á þessu ári. Á sama tíma og slík ráðstöfun yrði atvinnuskapandi yrði margra ára uppsafnaðri viðhaldsþörf skólanna mætt.

Tillöggunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins situr hjá. SFS2020040152

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú þegar liggur fyrir áætlun um aukningu viðhalds á skóla- og frístundamannvirkjum fyrir um 2 milljarða á þessu ári. Í kjölfar ákvörðunar borgarráðs að fjölga flýtiframkvæmdum til að örva atvinnustig í borginni. Þetta fjármagn kemur til viðbótar því fjármagni sem varið er til hefðbundins viðhalds og endurbóta á mannvirkjum skóla- og frístundastarfsins í borginni en það hefur þrefaldast á örfáum árum. Erfitt er að sjá að við bær aðstæður sem uppi eru í borginni sé raunhæft að ganga lengra í aukningu en þegar er áætlað.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. júní 2020, um tillöguna:

Lagt er til að farið verði í úrbætur til að bæta loftgæði í Laugarnesskóla. Mælingar hafa sýnt að styrkur koltvísýrings sé þar of hár og yfir viðmiðunarmörkum í kennslustofum í eldri byggingu skólans enda ekkert loftræstikerfi þar til staðar. Hár styrkur koltvísýrings í lofti getur valdið óþægindum og slappleika. Ekki er boðlegt að bjóða nemendum og starfsfólki upp á heilsuspillandi húsnæði og því mikilvægt að farið verði í úrbætur strax. Nú þegar hefur slæmt ástand skólans haft áhrif á starfsmannamálin.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla og frístundaráð leggur til að ráðist verði í loftgæðamælingar í Laugarnesskóla og í framhaldinu verði gripið til aðgerða til að bæta loftgæði í skólanum byggt á niðurstöðum mælinga.

Samþykkt. SFS2019110078

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. júní 2020, um tillöguna:

Lagt er til að farið verði í loftgæðamælingar í öllum skólum borgarinnar í ljósi þeirra tilfella sem komið hafa upp að undanförunu í Hagaskóla og Laugarnesskóla. Þar mældist styrkur koltvísýrings of hár með þeim afleiðingum að nemendur fundu fyrir óþægindum s.s. slappleika og höfuðverk.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð leggur til að ráðist verði í mælingar á loftgæðum í öllum grunnskólum borgarinnar í tengslum við úttekt á ástandi húsnæðis skólanna. Niðurstöður mælinga verði nýttar til að ráðast í úrbætur þar sem þörf krefur.

Samþykkt. SFS2019110079

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. febrúar 2020 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. júní 2020:

Lagt er til að farið verði strax í bráðabirgðaaðgerðir til að tryggja umferðaröryggi við Dalskóla í ljósi þess að ekki verður farið í framkvæmdir fyrir en í sumar til að bæta

umferðaröryggi á helstu göngu- og hjólaleiðum barna til og frá skóla. Dalskóli stendur við mikla umferðargötu, þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing slæm og því brýnt að gripið verði til bráðbirgðaráðstafana hið allra fyrsta.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins situr hjá. SFS2019100042

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt minnisblaði umhverfis- og skipulagssviðs er í sumar áætlað að ganga frá gangstéttum við Sögutorg, göngustíg og tröppum frá Sifjartorgi að Úlfarsbraut og að merkja og lýsa upp gangbrautir yfir Úlfarsbraut við Jaðartorg, til móts við stíg frá Lofnarbrunni og Sifjartorgi og yfir alla leggi Sögutorgs. Auk þess verður haldið áfram við frágang lóðar Dalskóla. Ljóst má telja að hvaða nýjar aðgerðir sem samþykkt væri að fara í gætu ekki komið til framkvæmdar hraðar en þær sem nú þegar eru í undirbúningi. Mikilvægt er að þær úrbætur séu vel kynntar íbúum, til dæmis á vettvangi íbúaráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að komið hefur verið til móts við tillögur skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lagðar hafa verið fram í ráðinu í vetur um að bæta umferðaröryggi við Dalskóla. Vonir standa til að þeim framkvæmdum sem nú þegar eru hafnar verði lokið fyrir skólabyrjun enda mikilvægt að umferðaröryggi barna í Dalskóla verði tryggt á helstu göngu- og hjólaleiðum til og frá skóla þar sem Dalskóli stendur við þunga umferðargötu.

11. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020:

Lagt er til að ráðið fái kynningu frá Heilbrigðiseftirlitinu á síðustu úttekt á öryggi á og við leikskóla- og grunnskólalóðir. Jafnframt er óskað eftir að ráðið fái yfirlit yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið til að bæta öryggi leiksvæða skólanna.

Samþykkt. SFS2020020124

12. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem var á fundi borgarráðs 14. maí 2020 vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júní 2020, um tillöguna:

Borgarráð samþykkir að tryggja foreldrum barna á sjálfstætt starfandi leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum þau úrræði sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. mars 2020 að tryggja heimilum í borginni. Vísað er til liðar 1(a) í aðgerðarpakka borgarráðs í efnahagsmálum vegna COVID19, þar sem samþykkt var að lækka, fella niður eða leiðrétta gjöld til heimilanna vegna skerðingar þjónustu yfir samkomubann. Þannig verði tryggt að Reykjavíkurborg mæti foreldrum barna í öllum leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar, með sama hætti vegna skertrar þjónustu yfir samkomubann, óháð því hvort börnin sækja borgarrekna eða sjálfstætt starfandi einingar. Borgarráð gæti þannig að jafnræði milli heimilanna í borginni hvað úrræðið varðar.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins situr hjá. SFS2020060020

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú þegar hefur borgarráð gengið frá ákvörðun um niðurfellingu dvalargjalda vegna skerðingar á þjónustu sjálfstætt starfandi leikskóla og frístundaheimila í góðu samráði við samtök sjálfstætt starfandi skóla. Þar sem þessu máli hefur þegar verið lokið af hálfu borgarráðs er ekki þörf á því að taka það mál upp að nýju í þessu ráði enda hefur verið komið til móts við meginóskir forsvarsmanna sjálfstætt starfandi skóla og foreldra með börn í þeim skólum.

13. Lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, dags. 18. maí 2020, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2020, um tillöguna:

Lagt er til að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema í hverfinu sumarið 2020. Verkefnið getur verið hvort í senn atvinnuskapandi fyrir ungmenni á komandi sumri auk þess sem um uppbyggilega og jákvæða iðju væri að ræða fyrir börnin í hverfinu. Lagt er til að íþrótta- og tómstundasviði eða skóla- og frístundasviði verði falið að koma verkefninu á fót, hugsanlega í samstarfi við forsvarsmenn annars frístundastarfs í hverfinu.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins. SFS2020050151

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Eins og fram kemur í minnisblaði sviðsins voru smíðavellir í fyrri mynd lagðir af af ýmsum ástæðum, þar ber að nefna lítinn fyrirsjáanleika í skráningum og þar með starfsmannahaldi og efniskostnaði, sem leiddi til langra biðlista og gerði námskeiðin dýr fyrir þátttakendur. Í staðinn hefur verið boðið upp á fjölbreyttar smíðjur á vegum félagsmiðstöðva frá árinu 2013. Börn sem taka þátt í starfi félagsmiðstöðva hafa í vetur fengið tækifæri til að koma að ákvörðun um hvaða smíðjur verði í boði í sumar, en að þessu sinni verður boðið upp á m.a. útilegu, sundferð, busl í Krakkafossi, smíðafjör, ratleik, bolagerð, vatnaveröld og miðbæjarfjör. Þannig er enn í boði að taka þátt í smíðasmíðju, en sem hluti af fjölbreyttara sumarstarfi á vettvangi félagsmiðstöðva, og ekki er talin ástæða til að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar styðja tillögu íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um að starfræktir verði í sumar smíðavellir í hverfinu. Mikilvægt er að fjölbreytt tómstundastarf sé í boði sem næst heimilum barnanna og koma til móts við áhugasvið þeirra. Smíðavellir voru starfræktir um árabil í borginni við miklar vinsældir en því miður hafa þeir ekki verið starfræktir frá árinu 2012 þrátt fyrir ítrekaðar óskir íbúa þess efnis. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að endurskoða verði þá ákvörðun og að starfsemi smíðavalla verði endurvakin.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins list vel á þessa tillögu að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema í Úlfarsárdal sumarið 2020 en tillagan kom frá íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals þann 18. maí 2020. Verkefni sem þetta hentar án efa mörgum börnum. Fram kemur að smíðavellir hafa ekki verið starfræktir í Reykjavík síðan sumarið 2012. Nefndar voru ýmsar ástæður fyrir því að þetta verkefni var lagt af t.d. misjöfn mæting en engu að síður var biðlisti. Fulltrúa Flokks fólksins fyndist það skynsamlegt að prófa þetta aftur og finna leiðir til að bæta þá þætti sem betur máttu fara í verkefninu. Á meðan ekki er hægt að nota frístundakortið í námskeið sem eru styttri en 10 vikur er mikilvægt að finna vettvang fyrir börnin að koma saman í skapandi vinnu án þess að foreldrar þurfi að greiða. Vikunámskeið á vegum borgarinnar kostar a.m.k. 10 þúsund og jafnvel meira. Þetta



verkefni gæti verið mjög hagkvæmt enda fellur mikið af viði til sem nýta má í smíði. Margir myndu án efa vilja leiðbeina í þessu.

14. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. júní 2020, um sumaropnun leikskóla og leikskólabörn sem taka færri en 20 virka daga í sumarleyfi sumarið 2020. SFS2020050026

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tilslakanir á sumarlevfum leikskólabarna sumarið 2020 voru liður í mótvægisáðgerðum borgarstjórnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Mikilvægt bótti að veita fjölskyldum sveigjanleika með sumarorlofstöku eftir fordæmalausa tíma í mars og apríl. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar meirihlutans þakka starfsfólki sviðsins fyrir góð og hröð vinnubrögð í útfærslu á þessari tillögu.

15. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júní 2020, um stöðu ráðninga í leikskólum og grunnskólum 10. júní 2020. SFS2020050139

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Staða ráðningarmála fyrir næsta skólaár vekur upp áhyggjur. Eftir er að ráða í 67,5 stöðugildi fyrir haustið, 30,4 stöðugildi kennara, 26,5 stöðugildi stuðningsfulltrúa. Auðvitað getur margt breyst fram á haust en það er sú óvissa sem hér ríkir sem er ekki síður erfið. Staðan var líka erfið í fyrra og einnig árið áður. Fyrir ríkt og velmegandi sveitarfélag eins og Reykjavík er þessi staða sérkennileg þótt vissulega spili margt inn í. Í skýrslu Innri endurskoðunar um rekstrarramma grunnskólanna sem kom út sumarið 2019 mátti án efa greina hluta vandans. Kennarar eru undir miklu álagi og hafa margsinnis óskað eftir að álagspáttur þeirra í starfi verði skoðaður. Þeir kalla eftir meiri fagþjónustu, fagfólk inn í skólana til að sinna börnunum og styðja við kennara. Í skýrslunni kemur fram að nærvera fagaðila myndi létta mjög álagi á þeim. Ekki hefur verið brugðist við því. Staðan er óbreytt og hefur verið árum saman.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er áhyggjuefni að enn eitt árið virðist stefna í manneklu í leikskólum borgarinnar þar sem eftir er að ráða í fleiri störf þar en á sama tíma og í fyrra eða í 115,2 stöðugildi. Ljóst er að bregðast verður við þessari stöðu með viðeigandi áðgerðum sem séu til þess fallnar að laða starfskrafta að leikskólum borgarinnar. Betur hefur gengið að ráða í kennarastöður í grunnskólunum en í fyrra en þrátt fyrir það er enn óráðið í 67 stöðugildi sem sömuleiðis þarf að bregðast strax við svo skólarnir verði fullmannaðir þegar skólar hefjast í ágúst.

16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi stöðu ráðningarmála í skóla- og frístundastarfi. SFS2020050139

17. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 184. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi stöðu ráðninga í grunnskólum og færslu kennara milli skólastiga. SFS2020050139

- Kl. 15.30 vikur Anna Metta Norðdahl af fundinum.

18. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 175. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi kostnað við aðkeypta vinnu vegna ráðgjafar og sérverkefna á skrifstofu skóla- og frístundasviðs árin 2018 og 2019. SFS2019110144

- Kl. 15.50 tekur Soffía Vagnsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að hagræða megi í rekstri skóla- og frístundasviðs með að rýna betur þann kostnað sem hefur farið í sérfræðiverkefni sem hafa verið keypt út. Þar kemur fyrst til álita óheyrilegur kostnaður við verkefnastjórnun og skýrslugerð vegna starfshópa sem nemur 17.957.977 kr.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Því er vísað til föðurhúsanna að kostnaður við aðkeypta vinnu hafi verið óheyrilegur á undanförunum árum. Þvert á móti er hlutfall hans einungis um 0,04% af veltu sviðsins á ársgrundvelli brátt fyrir að gríðarleg vinna hafi farið í tímamótaverkefni á borð við ítarlegar úttektir á starfsumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, menntastefnu Reykjavíkurborgar og margt fleira.

19. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi fjölda tómsunda- og félagsmálafræðinga í frístundaheimilum. SFS2019100058

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðalatriðið að mati fulltrúa Flokks fólksins er að borgaryfirvöld hafi stefnu í því sem þau eru að gera í þessu sem öðru. Hér er lagt fram svar við fyrirspurn um fjölda tómsunda- og félagsmálafræðinga í félagsmiðstöðvum. Hvaða reynslu, menntun og bakgrunn starfsmenn hafa hlýtur að taka mið af því hvaða hugmyndir eru á lofti um markmið starfsins. Til að ná árangri þarf að gera ákveðnar grunnkröfur, þannig þróast fagvitund. Það er mikilvægt að skilgreina hlutina. Hluti starfsmanna eru ófaglærðir í skóladagvistun og á frístundaheimilum borgarinnar. Skortur á fagmenntuðu fólki til starfa á frístundaheimilum eða skóladagvistum er ástæðan. Gera þarf kröfur um menntun stjórnenda. Halda þarf vel utan um ófaglært fólk, sjá til þess að þeir fái góða handleiðslu og reglulega þjálfun auk grunnþjálfunar. Í þessum störfum er mikil hreyfing sem hefur iðulega vissulega ókosti. Klárlega er víða unnið gott starf og öll erum við sammála um að tryggja börnum góða þjónustu í þroskandi umhverfi.

20. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi fjölda tómsunda- og félagsmálafræðinga í félagsmiðstöðvum. SFS2019100059

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðalatriðið að mati fulltrúa Flokks fólksins er að borgaryfirvöld hafi stefnu í því sem þau eru að gera í þessu sem öðru. Hér er lagt fram svar við fyrirspurn um fjölda tómsunda- og félagsmálafræðinga í félagsmiðstöðvum. Hvaða reynslu, menntun og bakgrunn starfsmenn hafa hlýtur að taka mið af því hvaða hugmyndir eru á lofti um markmið starfsins. Til að ná árangri þarf að gera ákveðnar grunnkröfur, þannig þróast fagvitund. Það er mikilvægt að skilgreina hlutina. Hluti starfsmanna eru ófaglærðir í skóladagvistun og á frístundaheimilum borgarinnar. Skortur á fagmenntuðu fólki til starfa á frístundaheimilum eða skóladagvistum er ástæðan. Gera þarf kröfur um menntun stjórnenda. Halda þarf vel utan um ófaglært fólk, sjá til þess að þeir fái góða handleiðslu og reglulega þjálfun auk grunnþjálfunar. Í þessum störfum er mikil hreyfing sem hefur iðulega vissulega ókosti. Klárlega er víða unnið gott starf og öll erum við sammála um að tryggja börnum góða þjónustu í þroskandi umhverfi.

21. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Viðreisnar frá 168. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi fjölda starfsmanna í frístundastarfi sem eru háskólanemar. SFS2019090104

22. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi þjónustutíma félagsmiðstöðva. SFS2019100060
23. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 177. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi nýsköpunarskóla. SFS2020010089
24. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 182. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi aðgerðir vegna Covid-19. SFS2020040155
25. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs varðandi framkvæmdir til að bæta umferðaröryggi við Dalskóla. SFS2019100042

- Kl. 15.55 vikur Örn Þórðarson af fundinum.

26. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver er fjárhagslegur ávinningur við sameiningu skóla í norðanverðum Grafarvogi þegar upp er staðið. Ljóst er að viðamiklar breytingar fylgja sameiningunni, innri sem ytri og sem eru kostnaðarsamar. Ekki er hægt að leggja fjárhagslegt mat á huglæga þætti eins og tilfinningar og upplifun íbúa/foreldra sem gátu af ýmsum ástæðum ekki sætt sig við þessa breytingu og hafa e.t.v. ekki enn gert og munu jafnvel aldrei gera. Fulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna hvort þetta borgaði sig fjárhagslega fyrir borgina að fara í þessar breytingar? Í svari er þess vænst að kostnaðartölur fylgi með sem varpa ljósi á kostnað nauðsynlegra breytinga sem gera þarf í kjölfar sameiningarinnar.

SFS2020060260

27. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kemur í skýrslu starfshóps um öryggismál að alls hafa 73 rúður verið brotnar á 12 mánaða tímabili víðs vegar um húsnæði eins skóla í borginni. Kostnaður er fyrir árið 2019 í þessum skóla 12.023.000 kr. Hér er aðeins um einn skóla að ræða í borginni en Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla. Ef barnið er í skólanum á skólatíma þá er barnið á ábyrgð skólans. Ef það er utan skólatíma þá getur barnið verið skaðabótaskyld gagnvart skólanum, þ.e. foreldrar þess. Barn er sakhæft 15 ára. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort foreldrar beri ekki kostnað í þeim tilfellum sem fyrir liggur hver sé gerandi og að gerandi sé nemandi í skólanum og að hann hafi brotið rúðu utan skólatíma?

SFS2020060261

28. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að haldinn verði samráðsfundur með foreldrum í norðanverðum Grafarvogi eigi síðar en í byrjun ágúst, fyrir skólabyrjun, til að fara yfir þær breytingar sem breytt skólahald og stofnun nýsköpunarskóla mun hafa í för með sér.

Frestað. SFS2019020105

#### **Fundi slitið kl. 16.41**

Skúli Helgason

Alexandra Briem

Diljá Ámundadóttir Zoëga

Elín Oddný Sigurðardóttir  
Marta Guðjónsdóttir

Kolbrún Baldursdóttir

### Skóla- og frístundaráð

Ár 2020, fimmtudaginn 25. júní var haldinn sameiginlegur fundur, 187. fundur skóla- og frístundaráðs og 22. fundur mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi, Höfðatorgi og hófst kl.14.35. Fundinn sátu, Skúli Helgason, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Geir Finnsson, Ellen Jacqueline Calmon, Þór Elís Pálsson, Örn Þórðarson, Daníel Örn Arnarsson, Alexandra Briem, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar skóla- og frístundaráðs: starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennari í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Guðrún Sigtryggisdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir. Elisabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

#### Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs, um stækkun á tilraunaverkefni í kynfræðslu:

Lagt er til að haustið 2020 verði tveimur skólum bætt við í tilraunaverkefni um markvissa kynfræðslu, Réttarholtsskóla og Hagaskóla. Verkefnið verður unnið í samvinnu skólanna tveggja, félagsmiðstöðvanna Bústaða og Frosta og skólahjúkrunarfræðinga beggja skóla. Sérfræðingar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs veita ráðgjöf, fræðslu og stuðning.

Greinagerð fylgir tillögunni. SFS2020060247  
Samþykkt.

Fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs leggja fram svohljóðandi bókun:

Líkamsvirðing, skýr mörk og mannhelgi eru mikilvæg gildi raunverulegs jafnréttis og nauðsynlegt er að fræða börn og ungmenni um mikilvægi þessara þátta í þeirra kynfræðslumenntun. Það er bundið í lög og mikilvægt samfélagslegt verkefni að börn og unglingar fái vandaða og góða fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífs á öllum skólastigum. Það er sérstaklega brýnt í ljósi þess hve klámvæðing er útbreidd meðal ungmenna, en nýjustu rannsóknir sýna að yfir 60% drengja í 10. bekk horfa reglulega á klám. Tillagan um stækkun á tilraunaverkefni um markvissa kynfræðslu byggir á jákvæðum viðbrögðum við verkefninu í Foldaskóla og Seljaskóla sem m.a. hlaut Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs á síðasta ári. Nú munu fjölmennu unglingskólarnir Réttarholtsskóli og Hagaskóli bætast í hópinn og vinna verkefnið í samvinnu við félagsmiðstöðvar og skólahjúkrunarfræðinga skólanna. Í verkefninu er hugtakið kynfræðsla víkkað út og mikil áhersla lögð á félagslegan þátt kynfræðslunnar og sjálfsmynd nemenda. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut svo fjölga megi jafnt og þétt þeim nemendum á mið- og unglingsstigi grunnskóla um alla borg sem fá aukna og vandaða kynfræðslu sem unnin er í samvinnu kennara, skólahjúkrunarfræðinga og frístundaráðgjafa með ráðgjöf, fræðslu og stuðningi sérfræðinga á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs, um stofnun starfshóps um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til þess að skoða hvernig megi auka og efla fræðslu um kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar og þjálfun starfsfólks á þeim sviðum. Starfshópurinn leggi mat á núverandi stöðu og móti tillögu til

úrþóta. Í hópnum verði verkefnastýra Jafnréttisskólans, sérfræðingar í hinsegin-og jafnréttismálum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, fulltrúar stjórnenda og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs og Reykjavíkurráðs ungmenna.

Greinagerð fylgir tillögunni. SFS2020060248  
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og skóla- og frístundasvið hafa um árabíl átt gott samstarf um hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með þjónustusamningi við Samtökin 78, sem boðið hafa kynja- og hinseginfræðslu í samstarfi við frístundamiðstöðina Tjörnina. Viðbrögð ungmenna hafa verið mjög góð og aðsókn farið hratt vaxandi í hinsegin félagsmiðstöðina sem sett var á laggirnar fyrir tveimur árum. Nú leggjum við til að stigið verði næsta skref í að auka og efla fræðslu um kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar, þar með talið að auka þjálfun starfsfólks á þeim sviðum. Sérfræðingar sviðsins og skrifstofunnar leiði starfið sem felist í mati á núverandi stöðu og mótun á tillögum til úrbóta. Hér er mikið undir því jafnrétti er ein af grunnstöðum menntunar og jafnréttisfræðsla, þ.m.t. kynjafræðsla og hinseginfræðsla er mikilvæg forsenda þess að grundvallarþættir nýrrar menntastefnu borgarinnar m.a. um tilfinningalæsi, réttlætiskennnd, siðferði og heilbrigði nái til allra barna en ekki bara sumra.

Fulltrúar Sósíalistasflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sósíalistasflokksins fagna þessari tillögu og geta tekið undir bókun meirihluta ráðanna en leggur áherslu á að fleiri ungmenni verði fengin til samráðs inn í starfshópin og þá helst fulltrúi frá hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna 78. Einnig er það skoðun fulltrúanna að fræðsla starfsfólks og nemenda um kynja- og hinseginfræðslu ætti ekki að vera valkvæð í ljósi þess hve gríðarlega mikilvæg og mótandi hún er.

Svandís Anna Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs, um lýðræði í skólastarfi og umbætur á starfi skólaráða:

Lagt er til að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og grunnskóla í Reykjavík, að vinna markvisst að lýðræði í skólastarfi og umbótum á starfi skólaráða m.a. varðandi kosningu fulltrúa, upplýsingamiðlun skólaráða og stuðning við fulltrúa nemenda. Skólastjórnendur og nemendur fái fræðslu og stuðning til að tryggja að skólaráð sé virkur samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Könnun um starfsemi skólaráða verði lögð fyrir skólastjórnendur og fulltrúa nemenda í skólaráði á árinu 2021 til að meta árangur aðgerða.

Greinagerð fylgir tillögunni. SFS2020060249  
Samþykkt.

- Kl. 15.49 viku Þór Elís Pálsson af fundinum.

Fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs leggja fram svohljóðandi bókun:

Skólaráð eru mikilvægur samráðsvettvangur skólastjóra, nemenda og foreldra um veigamestu málefni hvers grunnskóla og þau eiga sér tryggja stöð í grunnskólalögum. Nýleg könnun skóla- og frístundasviðs meðal skólastjóra sýnir að þörf er á að skerpa á starfi skólaráða, tryggja skilyrðislausu aðkomu nemenda að kosningu fulltrúa nemenda, auka stuðning við fulltrúa nemenda og sérstaklega að tryggja gott flæði og miðlun upplýsinga milli fulltrúa nemenda í skólaráði og nemendahópsins almennt. Tillaga sameiginlegs fundar skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um lýðræði í skólastarfi og umbætur í starfi skólaráða þjónar þessum markmiðum ásamt því að verið er að tryggja rétt barna til að geta látið í ljós skoðanir þeirra um mál sem þau varða í takti við 12 gr. Barnasáttmálans.

#### **Fundi slitið kl. 16.00**

Skúli Helgason

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Alexandra Briem  
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Geir Finnsson  
Örn Þórðarson  
Valgerður Sigurðardóttir





## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 18. ágúst, var haldinn 188. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í borgarstjórnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 12.36.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í borgarstjórnarsalnum: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva og Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Guðmundur G. Guðbjörnsson og Stefán Geir Hermannsson. Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 16. júní 2020, um að Örn Þórðarson taki sæti í skóla- og frístundaráði í stað Egils Þórs Jónssonar. Jafnframt að Egill taki sæti sem varamaður í ráðinu í stað Arnar. SFS2019060216
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. ágúst 2020, um samþykkt tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, notkun fjarfundabúnaðar. SFS2020040074
3. Fram fer umræða um skóla- og frístundastarf á tímum Covid-19. SFS2020010206
- Kl. 12:51 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum leggja fram samkomulag um endurskoðun viðræðuáætlunar milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 10. júlí 2020 og jafnframt svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju sinni með þann mikilvæga áfanga sem náðst hefur í kjarasamningsgerð við Félag Grunnskólakennara þann 10.07. 2020. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara endurnýjuðu þá viðræðuáætlun milli aðila. Með viðræðuáætluninni fylgir eftirfarandi bókun sem aðilar vilja vekja sérstaka athygli á. Innleiðing bókunarinnar nú í skólabyrjun í skólum borgarinnar er afar mikilvæg.

Á þessu hausti er skólastarf að hefjast við krefjandi aðstæður í skugga Covid-19 faraldurs og því mikilvægt að nýta þann sveigjanleika sem kjarasamningur aðila inniheldur til að halda uppi venjubundnu skóla- og frístundastarfi þar sem heilbrigði og öryggi barna og starfsmanna er í forgangi.

Bókun með viðræðuáætlun 10. júlí 2020

Sveigjanlegt vinnuumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólastarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðameningu. Skólastjóri ákveður vinnutíma kennara samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um að sveigjanlegt vinnuumhverfi er forsenda þess að kennarar eins og aðrir þekkingarstarfsmenn geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta. Við gerð vinnuskýrslu

sem gera skal í upphafi hvers skólaárs samkvæmt gr. 2.1.6.1 skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni kennara. Um breytingar á vinnuskýrslu fer samkvæmt gr. 2.1.6.1. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela „Samráðshóp um innleiðingu kjarasamnings SÍS og KÍ vegna KÍ í grunnskólum borgarinnar“ frá sept 2018 það verkefni að fylgja eftir framkvæmd bókunarinnar í skólum Reykjavíkur.

Frestað.

- Kl. 13:03 tekur Þórunn Steindórsdóttir sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúar kennara í grunnskólum og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Skólaárið sem nú fer í hönd mun án vafa markast af því að skólastarf þarf að taka tillit til sóttvarna vegna Covid19-farsóttarinnar. Grunnskólar borgarinnar undirbúa nú skólastarfið í ljósi áherslna sóttvarnarlæknis um mikilvægi skólastarfs fyrir íslenskt samfélag og samkvæmt leiðbeiningum sem koma til skólanna frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsmenn skólanna leggja metnað sinn í það að leysa verkefnið með sóma og eru að skipuleggja viðbrögð við ólíkum sviðsmyndum sem upp kunna að koma í starfinu vegna þessa. Fulltrúarnir vilja sérstaklega hvetja kjörna fulltrúa ráðsins að beita sér fyrir framkvæmd á samþykkt borgarráðs frá í vor þar sem áréttað var mikilvægi þess að bæta sérstaklega þann aðbúnað sem snýr að fjarvinnu og fjarnámi í grunnskólum borgarinnar. Það er lykilatriði fyrir skólastarf að hægt sé að nýta tæknilausnir í þeim raunveruleika sem nú er uppi í skólastarfi og er um leið mikið tækifæri til að þróa og efla skólastarf í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er einbeittur ásetningur Reykjavíkurborgar að halda úti faglegu og vönduðu skóla- og frístundastarfi í leikskólum, grunnskólum og frístund á komandi skólaári þrátt fyrir COVID-19 faraldurinn. Að sjálfsögðu vinnum við í samræmi við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda og í góðu samstarfi við önnur stjórnvöld þar sem allir fylgja sömu stefnu. Það er gott að heyra og sjá að fagfólk sviðsins á vettvangi og aðalskrifstofu er vel undir það búíð að mæta þeim kringumstæðum sem skapast hafa vegna faraldursins og allir eru viðbúnir því að þurfa að grípa til ráðstafana þegar og ef aðstæður breytast.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 13. ágúst 2020:

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. desember 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30.

Greinargerð fylgir.

Frestað. SFS2020080077

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna Covid 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólalþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögum um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.

Frestað.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lögð var fram á fundi borgarráðs 23. janúar 2020, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. júní 2020, um tillöguna:

Flokkur fólksins var nýlega með tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg gefi grunnskólabörnum í Reykjavík endurskinsmerki. Með slíkri gjöf væri borgin að stuðla að auknu öryggi barna í umferðinni. Einstaklingur með endurskinsmerki sést fimm sinnum fyrir þegar það lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskinsmerki. Tillagan var felld. Flokkur fólksins leggur til í framhaldinu að skóla- og frístundaráð í samvinnu við skólasamfélagið leiti leiða til að hvetja til aukinnar notkunar endurskinsmerkja og auka fræðslu til að tryggja enn frekari umferðaröryggi barna. Öryggi barna í umferðinni er víða ábótavant í borginni og kemur m.a. til vegna þess að skipulagsyfirlönd vilja ekki lagfæra umferðaragnúna þar sem þeir eru verstir og skapa mögulega slyshættu. Sem dæmi mætti öryggi með bættari ljósastýringu og fjölgun göngubrúna þar sem þeim verður við komið. Umferðarmannvirki í borginni hafa tekið litlum sem engum breytingum um árábil og engan veginn verið tekið nægjanlegt tillit til aukinnar umferðar ásamt fjölgun íbúa. Það þólin engi bið að hugað verði að velferð gangandi vegfarenda. Börnin eru í sérstakri hættu, þau sjást verr og skynjun þeirra á umhverfinu ekki fullmótuð.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að senda hvatningu til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í upphafi nýs skólaárs til að minna á mikilvægi fræðslu til barna um umferðaröryggi og notkun endurskinsmerkja í því samhengi. Sérstaklega verði hvatt til samstarfs við foreldra og forráðamenn um aukna notkun barna og ungmenna á endurskinsmerkjum.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020010170

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða breytingartillögu við tillögu Flokks fólksins. Þar sem í upprunalega tillögutextanum eru athugasemdir um núverandi stöðu fræðslu sem ekki er hægt að taka undir felst breytingartillagan í því að undirstrika fyrst og fremst þær aðgerðir sem lagt er til að ráðast í. Efnislega er lagt til að samþykkja aðgerðirnar óbreyttar en Flokkur fólksins á ekki sæti í skóla- og frístundaráði og getur því ekki staðið að breytingartillögum í ráðinu samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. september 2019 ásamt minnisblaði Miðstöðvar útivistar og útináms, dags. 8. júní 2020, um tillöguna:

Lagt er til að könnun verði gerð á notkun útikennslustofa í borginni með það að markmiði að hægt verði að nýta þær betur. Kortlagning þeirra verði nýtt til að hvetja til frekari notkunar þeirra og til samnýtingar milli hverfa, skóla og leikskóla. Þannig gefst tækifæri fyrir fleiri skóla, leikskóla og frístundaheimili að nýta útikennslustofurnar enda er útinám hluti af aðalnámskrá.

Samþykkt. SFS2019090103

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sameiginlegur vilji er í skóla- og frístundaráði um aukna áherslu á útinám og betri nýtingu á útikennslustofum. Til að ná því markmiði er mikilvægt að hvetja til frekari notkunar og samnýtingar á útikennslustofum milli hverfa, skóla og leikskóla. Þannig gefst tækifæri fyrir fleiri skóla, leikskóla og frístundaheimili að nýta útikennslustofurnar enda er útinám hluti af aðalnámskrá.

7. Fram fer kynning á úttektum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á lóðum skóla og frístundastarfs árið 2019. SFS2020020124

Rósa Magnúsdóttir, Helgi Guðjónsson, Ástrún Eva Sívertsen og Rán Sturlaugsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að hætta getur skapast af viðhaldsleysi á leiktækjum og girðingum á leik- og grunnskólalóðum. Til að tryggja öryggi barna og koma í veg fyrir slys er mikilvægt að brugðist sé hratt við athugasemdum í stað þess að fresta viðhaldi og það látið bíða þar til leiksvæði eru endurnýjuð í heild sinni. Ljóst er að viðhald mætti vera meira fyrirbyggjandi og stöðugra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir ítarlega og góða kynningu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á úttekt á lóðum og leiktækjum skóla og frístundastarfs í borginni. Það kom fram í kynningunni að heilt yfir sé staðan ágæt, margar lóðir hafa verið endurnýjaðar og bættar á liðnum árum og alvarlegum athugasemdum varðandi leikskólalóðir og tæki hefur t.d. fækkað á undanförunum tveimur árum. Þó þarf að gæta betur að ástandi leikvallatækja í grunnskólum og stefna að því að auka fyrirbyggjandi viðhald.

8. Lagður fram samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs og samtakanna Móðurmáls ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. ágúst 2020.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020080079

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Samtökin Móðurmál halda uppi afar mikilvægu starfi við móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Samtökin hafa um árabil boðið upp á kennslu um helgar í sjálfboðastarfi og hefur Reykjavíkurborg útvegað húsnæði til kennslunnar og styrkt uppbyggingu bókasafns samtakanna samkvæmt samningi þar um. Slíkur samningur er nú endurnýjaður og er vilji til þess að styrkja enn frekar samstarfið á komandi árum.

9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. júní 2020, um nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2020. SFS2020050075

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Eitt skemmtilegasta verkefni hvers árs er að veita nemendaverðlaun þeim einstaklingum sem þykja hafa skarað fram úr í námi, félagsstarfi eða með öðrum hætti í grunnskólum borgarinnar. Framtakið er liður í því að hrósa fyrir það sem vel er gert, hvetja til dáða og draga fram jákvæðar fyrirmyndir fyrir aðra nemendur.

10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júní 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs 31. október 2019 um vinnuhóp um málefni erlendra starfsmanna og erlendra barna í leikskólum. SFS2019110046

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. ágúst 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs 29. ágúst 2019, um leikskólamáli í Úlfarsárdal. SFS2019090006
12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. ágúst 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum, frá 179. fundi skóla- og frístundaráðs, um skólaráð í grunnskólum. SFS2020020042
13. Lagðar fram embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. ágúst 2020. Sjó máli. SFS2019020033
14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. júní sl. óskuðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Svar við fyrirspurninni var lagt fram á fundi ráðsins 25. júní sl. Samkvæmt því svari kom fram að enn eitt árið virtist stefna í manneklu á leikskólum borgarinnar þar sem eftir var að ráða í fleiri stöður þar en á sama tíma og í fyrra eða í 115,2 stöðugildi og enn átta eftir að ráða í 67 stöðugildi í grunnskólunum. Fram kom í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að bregðast þyrfti strax við þessari stöðu áður en skólastarf hæfist í ágúst. Það vekur furðu að þegar örfáir dagar eru í skólabyrjun að upplýsingar liggi ekki fyrir um hvort búið sé að fullmanna umræddar stöður og að málið sé ekki til umfjöllunar á fyrsta fundi skóla- og frístundaráðs eftir sumarleyfi. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska því eftir að staða ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar liggi fyrir og verði á dagskrá á næsta fundar skóla- og frístundaráðs 25. ágúst nk.

Frestað. SFS2020050139

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Enn er ekki búið að ganga frá því hvernig skólaakstri verði háttáð fyrir þau börn sem búa í Staðahverfi og þurfa að sækja skóla langan veg eftir að Korpuskóla var lokað. Þegar skólanum var lokað var því lofað að skólaakstur stæði til boða en nú þegar örfáir dagar eru í að skólar hefjist er enn ekki búið að ganga frá þeim málum. Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um hvort staðið verði við loforð um skólaakstur og hvernig honum verði háttáð. Í ljósi þess er lagt til að loforð um skólaakstur verði efnd og að foreldrar verði upplýstir um þessi mál hið fyrsta.

Frestað. SFS2020080114

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum hvaða framkvæmdir hafa verið í Fossvogsskóla síðustu bría mánuði. Hvernig niðurstöður hafa fengist úr mvglumælingum og hvaða tegund af myglu hefur fundist í Fossvogsskóla í mælingum sem gerðar voru í sumar.

SFS2018120034

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir öllum gögnum vegna samskipta í viðræðum Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar vegna opunar skóla í norðanverðum Grafarvogi.

SFS2020080116

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir skýrslu er gerð var af Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem Mannvít sá um rannsóknir vegna húsnæðis leikskólans Langholts.

SFS2020080117

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hvað var að valda því að ekki var unnt að opna leikskólann Langholt á réttum tíma eftir að sumarleyfum lauk.

SFS2020080119

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvers vegna skólalald í norðanverðum Grafarvogi er að hefjast þrátt fyrir að ekki sé búið að fara í þær nauðsynlegu úrbætur á samgöngum líkt og lofað var að farið væri í áður en skólalald hæfist. Eins vilja fulltrúarnir vita hvort að ekki sé tryggt að gangbrautarverðir séu á öllum þeim hættulegu stöðum þar sem börn þurfa að þvera akveg til þess að komast í skóla.

SFS2020080118

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir vifirliti um öll mál sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram á kjörtímabilinu og hvernig þau hafa verið afgreidd.

SFS2020080120

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir yfirliti um þær framkvæmdir og það viðhald sem farið var í á leikskólum borgarinnar í sumar. Þar komi fram hvort verk- og tímaáætlanir hafi staðist eða hvort tafir hafi orðið. Ennfremur að þar komi fram hvort slíkar tafir hafi haft áhrif á skólastarf og þá hvernig hafi verið brugðist við þeim tögum.

SFS2020080121

23. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samráðsleysi hefur einkennt allar breytingar á skólalaldi í norðanverðum Grafarvogi og enginn upplýsinga- eða samráðsfundur haldinn með foreldrum um stofnun nýsköpunarskóla sem m.a. annars tekur við nemendum eftir að Korpuskóla var lokað. Marta Guðjónsdóttir skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði því fram tillögu á fundi skóla- og frístundaráðs 23. júní sl. þess efnis að haldinn yrði samráðsfundur með foreldrum í norðanverðum Grafarvogi eigi síðar en í byrjun ágúst, fyrir skólabyrjun, til að fara yfir þær breytingar sem breytt skólalald og stofnun nýsköpunarskóla mun hafa í för með sér. Þar sem tillagan hefur ekki verið tekin fyrir og er ekki á dagskrá fundar ráðsins í dag er óskað svara við því hvort slíkur fundur hafi verið haldinn eða hvort til standi að halda slíkan fund.

SFS2019020105

24. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í sumar var áætlað að bæta umferðaröryggi í Úlfarsárdal með því að ganga frá gangstéttum og að merkja og lýsa upp gangbrautir yfir Úlfarsárbraut við Jaðartorg, móts við stíg frá Lofnarbrunni og Sifjartorgi og yfir alla leggi Sögutorgs. Þessar framkvæmdir eru mikilvægar til að tryggja öryggi barna á leið í og úr skóla því er óskað svara við því hvort þessum framkvæmdum verði lokið fyrir skólabyrjun eins og búið var að lofa.

SFS2019100042

25. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í norðanverðum Grafarvogi mun taka til starfa nýsköpunarskóli nú í upphafi nýs skólaárs. Hefur tekist að koma upp nauðsynlegri umgjörð um skólahaldið þar með talið nauðsynlegum tækja- og tæknibúnaði fyrir skólann áður en skólahald hefst?

SFS2020080122

#### **Fundi slitið kl. 15.16**

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson





## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 25. ágúst, var haldinn 189. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í borgarstjórnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 12.40.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í borgarstjórnarsalnum: Skúli Helgason formaður (S), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva, Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Sigríður Björk Einarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Alexandra Briem (P), Elín Oddný Sigurðardóttir (V) og Magnús Þór Jónsson, skólastjórnar í grunnskólum. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, skýrsla um fyrsta samstarfsárið, maí 2019 til maí 2020. SFS2019030056

Ester Ýr Jónsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12.55 tekur Soffía Pálsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar fyrir afbragðskynningu á þeim árangri sem samstarfssamningur skóla og frístundasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hefur skilað frá því hann var undirritaður fyrir hálfu öðru ári. Óhætt er að segja að samstarfið hafi borið ríkulegan ávöxt með áherslu á fjölbreytta starfsþróun fyrir kennara og annað starfsfólk sviðsins, með áherslu á fræðslu, leiðsögn, námskeið og rannsóknir sem komið hafa báðum aðilum til góða. Samstarfið er liður í þeirri almennu aðgerð Menntastefnu Reykjavíkur að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með áherslu á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Meginmarkmið með samstarfinu er að byggja upp lærdómssamfélag, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar. Við væntum mikils af samstarfinu á komandi árum og fögnum því sérstaklega að aðsókn í sumarsmiðjur grunnskólakennara hefur aldrei verið meiri en í ár. Stærsti ávinningurinn liggur svo í þeirri miklu fjölgun nemenda í leikskóla- og grunnskólakennaranám sem orðið hefur á allra síðustu misserum. Umsóknir til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2020-2021 fjölga um 72% í leikskólakennaranám, 74% í kennaranám yngstu barna, 68% í kennslu list- og verkgreina og svo mætti áfram telja.

2. Lögð fram skýrslan Ytra mat í frístundastarfi, frístundaheimilið Kastali, dags. í janúar 2020. SFS2015060052

Sigrún Harpa Magnúsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að tekið verði upp reglubundið samráð skóla- og frístundaráðs við fulltrúa hagsmunasamtaka dagforeldra í Reykjavík, tónlistarskóla í Reykjavík, skólahljómsveita í

Reykjavík og samtök sjálfstæðra skóla. Samráðið fari fram tvisvar á ári á ráðsfundum eða sérstökum fundum, þar sem málefni þessara hagsmunaaðila verði tekin til umfjöllunar.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020080157

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja virkt samtal við helstu hagsmunaaðila skóla- og frístundasviðs afar mikilvægt. Hagsmunasamtök dagforeldra í Reykjavík, tónlistarskóla í Reykjavík og samtök sjálfstæðra skóla eru í viðamiklu samstarfi við sviðið og því þarf að viðhalda eftir bestu getu og bregðast við samfélagslegum breytingum þá og þegar. Eins er starf skólahljómsveita borgarinnar mikilvægt og nauðsynlegt að efla samtal við þau sem því sinna. Þegar er mikið og formgert samstarf við skólástjóra og kennara í grunnskólum borgarinnar, leikskólástjóra og starfsmenn borgarrekinnna leikskóla, framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, ungmennaráð og foreldra í Reykjavík. Það er okkar sýn og von um að regluleg innkoma á ráðsfundi muni skipta sköpum fyrir þau ótal verkefni sem liggja fyrir og hafi jákvæð áhrif á þau börn og ungmenni sem tilheyra málaflöknum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er í samræmi við tillögur sem við Sjálfstæðismenn höfum lagt fram áður, bæði á þessu kjörtímabili og því síðasta, því fögnum við að aukið samráð verði tekið upp nú við sjálfstæða skóla og aðra sjálfstæða aðila sem sinna menntun og uppeldi barna í borginni.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt bréfi KFUM og KFUK, dags. 24. apríl 2020:

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, er ákvörðun skóla- og frístundaráðs frá 5. apríl 2017 og borgarráðs frá 27. apríl 2017 afturkölluð en þar var vegna fyrirhugaðrar stækkunar samþykkt að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilað yrði að greiða framlag vegna gæti orðið 155 í stað 95 frá 1. september 2018 í leikskólanum Vinagarði sem rekinn er af KFUM og K. Gerður var fyrirvari um að Vinagarður fái útgefið rekstrarleyfi leikskóla vegna stækkunar leikskólans. Ástæða framangreinds er sú að KFUM og K hafa fallið frá stækkun leikskólans.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísad til borgarráðs. SFS2020080179

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Staðan er sú að KFUM/K hefur hætt við fyrirætlaða stækkun og því eðlilegt að heimildin til fjölgunar verði felld út, enda fyrirseð að án umræddrar stækkunar mun skólinn ekki geta sinnt þeim fjölda sem samþykktur var með fyrirvara.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. júní sl. óskuðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Svar við fyrirspurninni var lagt fram á fundi ráðsins 25. júní sl. Samkvæmt því svari kom fram að enn eitt árið virtist stefna í manneklu á leikskólum borgarinnar þar sem eftir var að ráða í fleiri stöður þar en á sama tíma og í fyrra eða í 115,2 stöðugildi og enn átí eftir að ráða í 67 stöðugildi í grunnskólunum. Fram kom í bókun

fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að bregðast þyrfti strax við þessari stöðu áður en skólastarf hæfist í ágúst. Það veur furðu að þegar örfáir dagar eru í skólabyrjun að upplýsingar liggi ekki fyrir um hvort búið sé að fullmanna umræddar stöður og að málið sé ekki til umfjöllunar á fyrsta fundi skóla- og frístundaráðs eftir sumarleyfi. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska því eftir að staða ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar liggi fyrir og verði á dagskrá á næsta fundar skóla- og frístundaráðs 25. ágúst nk.

Samþykkt. SFS2020050139

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn eitt haustið blasir við mannekla á leikskólum og frístundaheimilum og enn hefur ekki verið ráðið í allar stöður í grunnskólum. Á frístundaheimilin og sértækar frístundamiðstöðvar vantar að ráða í 62,3 stöður þar af í 18,2 stöður með fötludum börnum og ungmennum. Ekki liggur fyrir hversu mörg börn eru á biðlista eftir plássi á frístundaheimilin og hvað mörg börn hafa ekkert pláss sem skapar vanda margra fjölskyldna og þurfa foreldrar því að standa í alls konar reddingum eða taka börnin með sér í vinnuna. Í leikskólunum á svo enn eftir að ráða í yfir 75,7 stöður en sú tala miðast eingöngu við þau börn sem þegar hafa fengið pláss þannig að talan er hærri ef miðað er við þau börn sem eftir á að taka inn. Athygli veur að staða ráðninga í leikskóla var betri á sama tíma í fyrra en þá var staðan sú að það vantaði í 60,2 stöðugildi á leikskólunum. Brynt er að leitað verði allra leiða til að manna þessar stöður sem fyrst.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. ágúst 2020, um stöðu ráðninga í skóla- og frístundastarfi 20. ágúst 2020. SFS2020050139

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Staða mönnunarmála sýnir að rétt eins og undanfarin ár þarf að fylla lausar stöður í upphafi skólaársins, brátt fyrir aukið atvinnuleysi. Búið er að ráða í tæplega 95% stöðugilda í leikskólum, 98% í grunnskólum og 80% í frístundastarfinu. Tölurnar breytast reyndar hratt milli vikna og t.d. náðist verulegur árangur í ráðningum í frístundastarfi milli vikna þar sem staðan er nú betri en undanfarin tvö ár. Staða ráðninga í leikskólum er lakari en í fyrra en betri en fyrir tveimur árum. Þar þarf að nýta allar leiðir til að aðstoða stjórnendur við ráðningar og einbeita sér að þeim leikskólum sem eiga lengst í land með að fylla lausar stöður. Athyglisvert er að stór hluti lausra starfa í leikskólum er að finna í einungis þremur leikskólum sem munu fá sérstakan stuðning mannauðsskrifstofu sviðsins. Meirihlutinn mun beita sér fyrir því að málið verði tekið fyrir í stýrihópnum um framtíðarskipan leikskólastarfs sem verði falið að leggja fram hugmyndir og ábendingar um frekari úrræði við fyrsta tækfæri.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. júní 2020, um leyfi til daggæslu barna í Reykjavík árið 2019. SFS2019050083
  8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. ágúst 2020, um eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum árið 2019. SFS2019050082
  9. Lögð fram embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. ágúst 2020. Eitt mál. SFS2019020033
  10. Fram fer umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. SFS2020080228
- Kl. 15.30 víkja Anna Metta Norðdahl, Magnús Þór Jónsson og Sigríður Björk Einarsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að gott samráð sé við foreldra og starfsfólk Gullborgar vegna framkvæmda við skólann þar sem þær muni fara fram á starfstíma skólans. Heppilegra hefði verið að framkvæmdir hefðu átt sér stað á sumarleyfistíma barna og starfsfólks. Brýnt er að fundin verði lausn sem fyrst til að finna bráðabirgðahúsnæði meðan framkvæmdir standa yfir svo hægt sé að taka inn þau 17 börn sem lofað var leikskólaplássi í haust.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Unnið er að lausn á húsnæðismálum leikskólans Gullborgar svo standa megi við gefin fyrirheit um inntöku nýrra barna í leikskólann. Það er grundvallaratriði að boð sem foreldrar hafa fengið um inntöku barna þeirra verði efnd og allir leggist á eitt við að finna lausn sem tryggir það. Mikilvægt er að hafa í huga að það myndi ekki leysa vandann að setja niður færarlegar stofur því undirbúningur slíkra framkvæmda myndi taka marga mánuði, vegna útboðsmála, tenginga o.s.frv.

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að búinn verði til skýr verklagsferill komi upp kórónuveirusmit innan grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og frístundamiðstöðva borgarinnar. Verklagsferillinn taki mið af því að komi upp Kórónuveirusmit á starfstöðvum skóla- og frístundasviðs verði skóla- og frístundaráð upplýst hið fyrsta og haft með í ráðum varðandi ákvarðanir í tengslum við aðgerðir sem teknar verða þá í samráði við sóttvarnarlækni og yfirmenn þeirra starfstöðva þar sem smit kemur upp. Þá verði starfsmenn og foreldrar upplýstir strax. Sviðsstjóra verði falið að framfylgja ákvörðunum ráðsins, eins og fram kemur í 6. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

Frestað. SFS2020080229

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að kostnaðarmat verði fengið vegna kaupa á hugbúnaði og vélbúnaði handa öllum kennurum sem starfa hjá Reykjavíkurborg og ekki hafa viðeigandi hugbúnað og vélbúnað til þess að sinna starfi sínu utan skólanna.

Frestað. SFS2020080230

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að skólaakstur verði fyrir börn úr Staðahverfi í Grafarvogi eftir að frístund líkur þar sem ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur á umferðaröryggi.

Frestað. SFS2020080114

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að næsta úttekt sem gerð verður 3. september á stöðu ráðningarmála í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og sértækum frístundaheimilum verði send ráðsmönnum til upplýsingar og rædd á næsta fundi skóla- og frístundaráðs. Þá er jafnframt óskað eftir að uppfærð staða biðlista á frístundaheimili verði lögð fram og send ráðsmönnum og tekin fyrir á næsta fundi skóla- og frístundaráðs.

Frestað. SFS2020050139

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið sjái til þess að unnið verði að framkvæmdum og endurbótum við leikskólann Gullborg í samráði við fulltrúa starfsfólks og foreldra. Þá er jafnframt lagt til að foreldrar barna við leikskólann verði upplýstir hið fyrsta um verkáætlanir og tímasetningar á framkvæmdum.

Frestað. SFS2020080231

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að komið verði fyrir færanlegum kennslustofum á lóð leikskólans Gullborgar til að brúa bilið á meðan framkvæmdir við skólann standa yfir til að hægt verði að taka inn þau börn sem hafa fengið vilyrði fyrir leikskólaplássi og áttu að hefja aðlögun nú í haust.

Frestað. SFS2020080231

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Til stóð að fara í framkvæmdir við húsnæði leikskólans Gullborgar í sumar sem ekki varð af heldur var þeim frestað fram á haust. Hver er ástæða þess að ekki var farið í framkvæmdir í júlímánuði þegar skólinn var lokaður vegna sumarleyfa?

SFS2020080231

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Boðað hefur verið að frístund verði lengd í þeim skólum þar sem ekki er hægt að hefja skólahald á tilsettum tíma vegna Kórónuveirusmits. Hvað verður boðið upp á marga tíma á dag á frístundaheimilum og verður öllum börnum boðið upp á þetta úrræði, líka þeim sem ekki eru skráð á frístundaheimili?

SFS2020080232

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Er til formlegt aðgerðarplan um það hvernig staðið verði að kennslu og námi grunnskólanema í Reykjavík ef til lokunar skóla eða skerts skólahalds kemur vegna Kórónuveirusmits?

SFS2020080233

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu mörg börn eru enn á biðlista eftir leikskólaplássi og geta ekki hafið leikskólavist í haust?

SFS2020080234

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu mörg börn eru í hverjum árgangi í Engjaskóla og Borgaskóla. Hversu mörg eru stöðugildi umsjónarkennara sem annast hvern árgang og hversu mörg stöðugildi stuðningsfulltrúa eru til aðstoðar í hverjum árgangi.

SFS2020080235

22. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um tækjakost barna og kennara í þremur nýjum skólum í norðanverðum Grafarvogi. Hafa kennarar til afnota nýjar fartölvur til þess að sinna sínum störfum staðbundið eða óstaðbundið? Hafa kennarar fengið hjálfun vegna fjarfunda? Hafa nemendur sinn iPad til afnota? Hversu mörgum nýlegum borðtölvum hafa nemendur aðgang að í tölvuverum/bókasöfnum? Er skipulagt tölvu/margmiðlunarnám á stundaskrá allra árganga, ef svo er hvað eru það margir tímar á nemenda? Óskað er eftir svörum við þessum spurningum verði greind niður á skóla.

SFS2020080236

**Fundi slitið kl. 15.49**

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 8. september, var haldinn 190. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í borgarstjórnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 12.32.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í borgarstjórnarsalnum: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P); Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V); Marta Guðjónsdóttir (D) og Órn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Eygló Traustadóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Pálsdóttir.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Valgerður Sigurðardóttir (D), Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum og Stefán Geir Hermannsson, Reykjavíkurráð ungmenna. Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á sumarstarfinu á skóla- og frístundasviði 2020. SFS2020080078

Atli Steinn Árnason, Árni Jónsson, Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Dröfn Rafnsdóttir, Guðrún Kaldal og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir afburða góða kynningu á sumarstarfi á skóla- og frístundasviði. Ákaflega jákvætt er að sjá hve gott samstarf var milli starfseininga, sviða, íbúaráða og barnanna, en einnig milli ríkis og borgar. Hér er um að ræða frábært verkefni sem sýnir bestu hliðar borgarinnar og sviðsins, og eiga starfsmenn og aðrir sem komu að vinnunni mikið hrós skilið. Það er vonandi að áfram verði mögulegt að vinna saman að mikilvægum verkefnum sem þessum.

- KL. 12:45 taka Soffía Vagnsdóttir og Guðmundur G. Guðbjörnsson sæti á fundinum.
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja til að hafin verði vinna við endurbætur á gjaldskrár- og greiðslukerfum skóla- og frístundasviðs. Til grundvallar liggja sú stefna að börn á leik- og grunnskólaaldri hafi öruggt aðgengi að skóla- og frístundastarfi óháð efnahag foreldra. Markmið vinnunnar verði sanngirni og innbyrðis samræmi gjaldskráa og einföldun á greiðslukerfi með áherslu á stafrænar lausnir og þjónustumiðaða hönnun. Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að hafa umsjón með greiningu á kostum og göllum núverandi gjaldskrár, hvítbók sem verði grundvöllur tillagna um endurbætur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2020090059

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er í góðu samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að fara í þessa endurskoðun, með það að markmiði að bæta þjónustu, einfalda viðmót og auðvelda umsóknir og notkun

á kerfinu. Eins er rétt að skoða hvort ástæða sé til að endurskoða afsláttakerfin með tilliti til samfélagsbreytinga, sanngirni og til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika miðað við önnur sambærileg kerfi á sviðinu.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst 2020:

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. desember 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30.

Greinargerð fylgir.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. september 2020, um tillöguna:

Í ljósi þess að skipulag leikskólastarfs þarf að fara fram með breyttum hætti vegna Covid 19 er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra foreldra sem þurfa nauðsynlega á leikskólaþjónustu að halda til kl. 17:00. Sviðsstjóra verði því falið, í samráði við leikskólastjórnendur, að koma með tillögum um hvernig megi tryggja fulla þjónustu fyrir þá foreldra sem nauðsynlega þurfa á að halda. Tillögum verði skilað svo fljótt sem verða má, enda áriðandi að hægt verði að skipuleggja skólastarf og skólasókn leikskólabarna í byrjun skólaárs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til vegna aðstæðna er varða Covid-19 að sóttvörnum vegna farsóttarinnar verði sinnt í leikskólum Reykjavíkur eftir kl. 17:00 til að komist verði hjá tímabundinni skerðingu á leikskólaþjónustu. Starfsmönnum leikskólanna gefst kostur á að bæta við sig yfirvinnu til að sinna þessum störfum. Um er að ræða tímabundið ástand eða til 31. október nk. og því ekki um umtalsverðan kostnað að ræða.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Vegna aðstæðna er varða Covid-19 er lagt til að samþykkt verði að til 31. október 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30. Eigi síðar en um miðjan október liggi fyrir mat á því hvort nauðsynlegt sé að framlengja samþykktina.

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Vísað til borgarráðs. SFS2020080077

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þrátt fyrir þá miklu röskun sem COVID faraldurinn hefur valdið á daglegu lífi almennings hefur góðu heilli tekist að halda úti skóla- og frístundastarfi í borginni með góðri samvinnu allra hlutaðeigandi, starfsfólks, foreldra og barna. Með því að stytta opnunartíma leikskóla um 30 mínútur á meðan þetta ástand varir hefur verið hægt að mæta kröfum sóttvarnaryfirvalda inni í leikskólum borgarinnar. Eins og allir vita fer veiran sínar eigin leiðir og breytist ástandið oft á tíðum hratt. Það er því skynsamlegt að búa svo um að hægt verði að bregðast við og gera ráðstafanir jafnt og þétt, líkt og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:



Samþykkt á tillögu meirihlutans um breyttan opnunartíma leikskóla felur í sér skerðingu á þjónustu sem hittir viðkvæma hópa illa. Þessi ákvörðun meirihlutans fer gegn hans eigin bókun frá 18. ágúst sl. þar sem segir um skóla- og frístundastarf á tímum Covid-19; „Það er einbeittur ásetningur Reykjavíkurborgar að halda úti faglegu og vönduðu skóla- og frístundastarfi í leikskólum, grunnskólum og frístund á komandi skólaári þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn“. Einnig segir þar að „allir séu viðbúnir því að þurfa að gripa til ráðstafana þegar og ef aðstæður breytast“. Með þeirri ákvörðun sinni í dag um að draga úr þjónustu sýnir meirihlutinn að ekki fari saman mynd og hljóð. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokks sem nú var hafnað, var lausnamiðuð og kom í veg fyrir þjónustuskerðingu. Kostnaðarmat FÁST lá fyrir, upphæð sem nemur um 8.000 kr. á barn fyrir þann tíma sem um ræðir. Öllum er ljóst að auknum sóttvörnum fylgir ákveðinn kostnaðarauki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að eðlilegra sé að forgangsraða í þágu leikskólabarna í stað gæluverkefna. Heildarkostnaður við þá lausn sem Sjálfstæðisflokkur lagði til er innan við 18 milljónir króna, sem ekki getur talist hár ef borinn er saman við endurgerð Tryggvatorgs svo dæmi sé tekið. Lausn Sjálfstæðisflokks hefði sömuleiðis falið í sér aukna tekjumöguleika fyrir starfsfólk leikskólanna sem hefði verið vel tekið á þeim erfiðu tímum sem nú eru uppi. Þjónustuskerðingin kemur illa niður á fjölmörgum fjölskyldum í borginni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Opnunartími leikskóla hefur verið til kl. 16.30 í Reykjavík allt frá því í mars. Það hefur verið mikilvæg forsenda þess að hægt hefur verið að halda uppi faglegu leikskólastarfi í borginni við krefjandi aðstæður. Tillagan boðar því enga breytingu hvað það varðar en segir einfaldlega að þetta fyrirkomulag verði áfram við lýði til loka október amk. Foreldrar hafa sýnt þessu mikinn skilning. Breytingartillaga Sjálfstæðisflokksins er köld kveðja til leikskólastarfsfólks sem staðið hefur sig frábærlega við erfiðar aðstæður.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Því fer fjarri að tillaga okkar sjálfstæðismanna feli í sér kaldar kveðjur heldur þvert á móti er verið að koma til móts við starfsfólk og þarfir foreldra. Betur færi á því að meirihlutinn hefði kynnt sér tillöguna betur og litið í eigin barn varðandi sendingar á köldum kveðjum.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs og Tónlistarskóla Árbæjar vegna neðri stiga tónlistarnáms, dags. 30. maí 2017:

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera þjónustusamning við Tónlistarskóla Árbæjar ehf. kt. 540699-2329, vegna tímabilsins 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021 vegna neðri stiga og vegna tímabilsins 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 vegna efri stiga í stað áður samþykks aðila Tónlistarskóla Árbæjar, kt. 530795-2179

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019010206

Sigfríður Björnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla, samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms frá 3. desember 2018 og 13. apríl 2016:

Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla að í stað þess að í reglum sé vísað sé til samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, verði vísað til samkomulags, dags. 3. desember 2018, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á

aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Vísað er til samkomulagsins í greinum 1.2, 2.3, 5.3, 5.5, 8.1, 8.2, og gr. 16.1. Jafnframt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla þar sem fram kemur að ákvæði 9.1 reglnanna eigi ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019 og 2019 – 2020 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, verði framlengt um eitt ár þannig að það nái jafnframt til skólaársins 2020-2021.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2018090150

Sigfríður Björnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

- Kl. 14.08 vikur Elín Oddný Sigurðardóttir af fundi og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir tekur þar sæti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í vinnslu er stefna um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík, en sú vinna hefur tafist bæði vegna umfangs verkefnisins og vegna ytri aðstæðna, svo sem Covid. Mikilvægt er að taka inn þær breytingar sem hér eru lagðar til, til þess að búa megi til svigrúm til þess að semja í samræmi við þá stefnu sem nú er í vinnslu frá árinu 2021, án þess að setja tónlistarkennslu í borginni í uppnám í millitíðinni.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. apríl 2020 ásamt bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 2. júlí 2020:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir. Nokkur reykvísk börn komast ekki inn í Arnarskóla þrátt fyrir það að úrræðið sé talið henta þeim best af þeim úrræðum sem eru í boði á Íslandi. Það er því gríðarlega mikilvægt að skóla- og frístundaráð óski eftir því að samningar við Arnarskóla verði endurskoðaðir og fleiri börnum boðin þar vist. Í dag eru það fjögur reykvísk börn sem fá að ganga í Arnarskóla. Ekki er búið að taka út starfsemi Arnarskóla enda hefur slík úttekt aldrei farið fram fyrir en í fyrsta lagi á fjórða starfsári nýrra skóla. Mikið eftirlit er þó með starfsemi og full ástæða til þess að treysta þeim fagteymum sem starfa með þessum börnum og foreldrum þeirra.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. SFS2018110109

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Passa verður að allar ákvarðanir er teknar eru á vegum Reykjavíkurborgar séu í samræmi við lög og ekki sé verið að mismuna börnum. Hlúa þarf sérstaklega að fötluðum börnum og er það alvarlegt mál ef brjóta á jafnræði gagnvart þeim. Mál Arnarskóla vakti mikla og neikvæða athygli á Reykjavíkurborg þar sem foreldrar barns sem synjað var um skólavist í Arnarskóla urðu að kæra Reykjavíkurborg til þess að málið væri endurskoðað. Tryggja verður að sambærilegt mál komi ekki upp aftur hjá Reykjavíkurborg með því að vanda alla ákvarðanatöku betur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg kom til móts við óskir foreldra um fjölgun reykvískra nemenda í Arnarskóla með því að fjölga þar nemendum upp í sex á yfirstandandi skólaári. Ekki er

talin ástæða til að ráðast í breytingar á samningum á þessum tímamarki, í ljósi þess að málið hefur þegar verið leyst í sátt.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020:

Lagt er til að næsta úttekt sem gerð verður 3. september á stöðu ráðningarmála í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og sértækum frístundaheimilum verði send ráðsmönnum til upplýsingar og rædd á næsta fundi skóla- og frístundaráðs. Þá er jafnframt óskað eftir að uppfærð staða biðlista á frístundaheimili verði lögð fram og send ráðsmönnum og tekin fyrir á næsta fundi skóla- og frístundaráðs.

Samþykkt. SFS2020050139

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. september 2020, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði 3. september 2020. SFS2020050139

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Vel hefur gengið að ráða í lausar stöður undanfarnar tvær vikur og er nú búið að ráða í 95-99% stöðugilda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Staðan er talsvert betri en á sama tíma í fyrra í grunnskólum og sérstaklega frístundastarfinu en svipuð í leikskólaumhverfinu þar sem ekki liggja þó fyrir samanburðarhæfar tölur milli ára. Mikilvægt er að halda áfram að nýta öll tækifæri til að ráða í lausar stöður og styður meirihlutinn þá forgangsriðun mannauðsdeildar sviðsins að einbeita sér að þeim leikskólum sem eiga lengst í land með að ljúka sínum ráðningum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að staða ráðningarmála í leikskólum Reykjavíkur er verri en á sama tíma í fyrra þar sem nú á enn eftir að ráða í 52 stöðugildi samanborið við í fyrra þegar átti eftir að ráða í 38,1 stöðugildi um miðjan september. Þetta hefur áhrif á inntöku 35 barna á leikskóla. Brýnt er að leitað verði allra leiða til að manna leikskólana til að flýta inntöku þeirra barna sem ekki komast á leikskóla vegna manneklunnar. Þrátt fyrir að vel hafi tekist að manna frístundaheimilin vantar enn upp á ráðningarnar til að geta tekið inn þau 122 börn sem eru enn á biðlista þremur vikum eftir að skólalald hófst nú í haust. Við þessari stöðu þarf einnig að bregðast hratt og örugglega til að tryggja öllum grunnskólabörnum pláss á frístundaheimilum

9. Fram fer kynning og umræða um drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla. SFS2020090060

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga mennta- og menningarmálaráðuneytis að breytingu á viðmiðunarstundaskrá er virðingarverð tilraun til að bregðast við lökum árangri íslenskra nemenda í PISA könnunum. Betur færi þó á því að rýna kennsluhætti og aðbúnað kennara og nemenda, í stað þess að einblína á tímafjölda í kennslu íslensku og náttúrufræði. Lakur árangur nemenda í íslensku hefur einkum tengst lesskilningi og breytingar þurfa því að styrkja þann þátt. Þá hefur árangur íslenskra nemenda í náttúrufræði m.a. tengst uppbyggingu prófanna, þar sem notast er við aðra nálgun en íslenskir nemendur eru vanir. Sérstaklega gagnrýniverð er þó hve mjög fyrirhugaðar breytingar draga úr vali nemenda, á unglingsstigi minnkar það um tæplega helming og á yngsta- og miðstigi þurrkast valið út. Ástæða er til að vara við þeim hugmyndum á tímum þar sem sterk krafa er um að menntun byggji á áhugasviði, hæfileikum og færni hvers og eins, sem er einmitt leiðarstef í menntastefnu borgarinnar. Þá er nauðsynlegt að bregðast við skorti á fagmenntuðum kennurum, námsefni og

kennsluhúsnaði fyrir náttúrufræði á unglíngastigi. Þröngt sjónarhorn á lengingu tímamagns leysir ekki vandann, íslenskt menntakerfi þarf ekki að gera meira af því sem ekki hefur skilað árangri til þessa – heldur skapa aðstæður og forsendur fyrir nauðsynlegri endurnýjun fagfólks og bættum starfsaðstæðum á vettvangi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að Ísland er með lægsta hlutfall tíma til kennslu móðurmáls í 1.-7. bekk grunnskóla og sömuleiðis í náttúrufræði í 8.-10. bekk samanborið við nágrannalönd okkar. Með það í huga og slakan árangur íslenskra nemenda í Pisa er mikilvægt að brugðist verði við með fjölgun kennslustunda í þessum greinum. Það hafa aðrar þjóðir gert með góðum árangri s.s. í Svíþjóð þar sem kennslustundum í móðurmáli var fjölgað í kjölfar lélegs árangurs í Pisa sem skilaði sér í bættum árangri þannig að sænsk ungmenni standa sig mun betur á Pisaprófunum en áður.

Guðrún Edda Bentsdóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

10. Lagt fram yfirlit yfir starfshópa skóla- og frístundasviðs, ódags. og yfirlit yfir starfshópa á vegum Ráðhúss sem skóla- og frístundasvið á fulltrúa í. SFS2019100018
11. Lagt fram yfirlit yfir erindisbréf skóla- og frístundasviðs, febrúar – ágúst 2020. SFS2019100020
12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2020, um samþykkt tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, notkun fjarfundabúnaðar. SFS2020040074
13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. ágúst 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi framkvæmdir við Fífuborg. SFS2020060060
14. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. ágúst 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi samráð við foreldra vegna skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. SFS2019020105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Komið er á daginn að ekki var haldinn upplýsinga- og samráðsfundur með foreldrum Nýsköpunarskólans í norðanverðum Grafarvogi fyrir skólabyrjun. Þegar um er að ræða jafn róttækar breytingar á skólahaldi og sameiningar skóla eru, er mikilvægt að upplýsingaflæði til foreldra sé gott, og að þeir hafi vettvang til að koma á framfæri athugasemdum. Það er deginum ljósara að meirihlutinn hefur lítinn áhuga á samráði við foreldra enda hafa allar breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi einkennst af samráðsleysi. Það á að vera að skylda skólayfirvalda að upplýsa og vera í góðu samstarfi við foreldra um skólastarf enda bera foreldrar ábyrgð á menntun og uppeldi barna sinna.

15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. ágúst 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 189. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi aukna frístundaþjónustu vegna lokunar Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. SFS2020080232
16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi seinkun á opnun Langholts eftir sumarleyfi. SFS2020080119

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Gluggi til framkvæmda í leikskólum Reykjavíkur er ekki langur og því er mikilvægt að vel takist til við allt skipuleg er kemur að stórum framkvæmdum í leikskólunum. Það vekur

Því furðu að tafir hafi orðið á því að framkvæmdir hæfust við leikskólann Langholt. Eins er það undarlegt að leikskólastjóri hafi ekki verið betur upplýstur um gang framkvæmdanna og því ekki áttað sig á þeim tögum sem urðu á verkinu fyrir en rétt áður en opna átti leikskólann. Við lestur svarsins vakna upp spurningar líkt og hvort ekki hafi verið verkefnastjóri yfir verkinu frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar og af hverju ekki hafi verið meiri samskipti á milli leikskólastjóra og verkefnastjóra. Því vissulega er það ekki hlutverk leikskólastjóra að verkefnastýra framkvæmdum í sínu sumarfríi.

17. Fram fer umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. SFS2020080228

- Kl. 15:40 víkja Anna Metta Norðdahl, Ragnheiður Davíðsdóttir og Magnús Þór Jónsson af fundinum.
- Kl. 15:45 víkja Soffía Vagnsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir af fundinum.

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um málefni Fossvogsskóla. Voru sýni sem tekin hafa verið í sumar og eftir að framkvæmdum lauk ekki send til tegundagreiningar til Náttúrufræðistofnunar Íslands líkt og gert var áður? Ef það hefur ekki verið gert var það ekki niðurstaða samráðsfundar í vor að samþykka að fara í samskonar sýnatöku líkt og gert var þegar alvarleg mygla fannst í skólanum? Gríðarlega mikilvægt er að farið sé í tegundagreiningu til þess að greina á milli umhverfismyglu og myglu sem vex bara í rakaskemmdu efni innanhúss á Íslandi líkt og gert hefur verið áður í Fossvogsskóla.

SFS2020010179

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um það hvort að búið sé að seinka kennslu um 10 mínútur í Víkurskóla vegna þess að almenningsamgöngur (Strætó) séu með þeim hætti að ekki sé hægt að hefja þar kennslu fyrir. Eins þar sem skólanum var seinkað um 10 mínútur þá er búið að taka af frímínútur og kennsla er í 120 mínútur. Er það talið heppilegt fyrir börn og kennara að kennsla sé samfellt í 120 mínútur? Einnig er óskað eftir því hver sé ástæðan fyrir því að ekki sé búið að opna bókasafn, ekki sé komnir skápar fyrir nemendur til þess að geyma í bækur eða kennsla í valfögum sé byrjuð?

SFS2020090123

20. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvaða aðilar hafa óskað eftir að fá húsnæði Korpuskóla til afnota og sent inn tilboð þess efnis.

SFS2020040154

21. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skólastarf í Grafarvogi fór af stað með breyttum hætti nú í haust m.a. vegna lokunar Korpuskóla og sameininga við aðra skóla í hverfinu. Talsvert hefur verið um að íbúar hafi gert athugasemdir við þá ákvörðun og framkvæmd hennar. Með hliðsjón af því, er lagt til að skóla- og frístundaráð, ásamt hlutadeigandi stjórnendum á skóla- og frístundasviði, haldi opinn fund með íbúum í hverfinu þar sem farið verði yfir þær breytingar, ásamt stöðu skólamála almennt í Grafarvogi. Einnig verði farið yfir öll þau áform sem kynnt voru í aðdraganda breytingarinnar sem varða skipulagsmál, samgöngumál og umferðaröryggismál í hverfinu. Fulltrúar viðeigandi sviða verði sömuleiðis viðstaddir fundinn og upplýsi um stöðu mála. Ástæða er til halda fundinn hið fyrsta til að nota það svigrúm sem opnast hefur núna með breyttum samkomutakmörkunum.

Frestað. SFS2019020105

**Fundi slitið kl. 16.17**

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Marta Guðjónsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir  
Örn Þórðarson

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 22. september, var haldinn 192. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 12.33.

Eftirtaldir voru komnir til fundar í Hofi á Höfðatorgi: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Anna Garðarsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Guðrún Hjartardóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Vagnsdóttir.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Diljá Amundadóttir Zoëga (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (S), Valgerður Sigurðardóttir (D), Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum og Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtalinn starfsmaður skóla- og frístundasviðs: Hanna Halldóra Leifsdóttir.

Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. september 2020, tölvubréf Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 27. ágúst 2020, samningi skóla- og frístundasviðs og Skóla Ísaks Jónssonar um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla, dags. 31. janúar 2019, viðauka við samning, dags. 12. júlí 2019, rekstrarleyfi fyrir 5 ára leikskóladeild í Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 15. maí 2013 og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 11. september 2020:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. september 2020, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra fimm ára barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Skóla Ísaks Jónssonar verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 70 barna frá 1. október 2020 í stað 65 barna. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að gera viðauka við núgildandi samning skólans, dags. 31. janúar 2019 með gildistíma til 1. október 2021.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2019040036

2. Lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs og meirihluta skóla- og frístundaráðs um drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla.

Samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs gagnrýnir tillögur menntamálaráðuneytis um breytingar á viðmiðunarstundaskrá og þá sérstaklega þann mikla niðurskurð á vali nemenda á öllum stigum grunnskólans sem þeim fylgja. Í tillögunni er gengið svo langt í skerðingu á vali að spyrja má hvort í reynd sé verið að taka úr sambandi 26. grein grunnskólalaganna. Í lögunum segir að markmiðið með valinu sé að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa aukinn sveigjanleika í skólastarfi. Valstundir eiga því bæði að stuðla að því að skóli hafi sveigjanleika til að mæta staðbundnum og samfélagslegum aðstæðum og eins að nemendur hafi val um námsgreinar og viðfangsefni. Það er fagnaðarefni að ráðuneytið grípi til aðgerða til að styrkja stöðu íslensku og náttúruvísinda en mikilvægt er að greina nákvæmlega hvar skólinn kreppir í kennslu þessara greina svo úrbæturnar skili tilætlunum

árangri. Í íslensku þarf að leggja megináherslu á að efla lesskilning, sem verið hefur veikleiki íslenskra nemenda. Það er skammgóður vermir að fjölga eingöngu kennslustundum án þess að hafa skýrar áætlanir um betra innihald eða áherslubreytingar í kennslu. Nauðsynlegt er að fjölga kennurum sem hafa kennslureynslu í náttúrufræði og bæta námsefni og aðstöðu til kennslu náttúrugreina.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að mennta- og menningarmálaráðuneytið sýni vilja sinn til að styrkja kennslu í íslensku og stærðfræði með tillögu um fjölgun kennslustunda í þessum námsgreinum. Mikilvægt er að gott samráð sé við skólasamfélagið og sveitarfélög við útfærslu tillögunnar um breytingar á viðmiðunarstundaskrá.

Ljóst er að Ísland er með lægsta hlutfall tíma til kennslu móturmáls í 1.-7. bekk grunnskóla og sömuleiðis í náttúrufræði í 8.-10. bekk samanborið við nágrannalönd okkar. Með það í huga og slakan árangur íslenskra nemenda í Pisa er mikilvægt að brugðist verði við með fjölgun kennslustunda í þessum greinum. Það hafa aðrar þjóðir gert með góðum árangri s.s. í Svíþjóð þar sem kennslustundum í móturmáli var fjölgað í kjölfar lélegs árangurs í Pisa sem skilaði sér í bættum árangri þannig að sænsk ungmenni standa sig mun betur á Pisaprófunum en áður.

SFS2020090060

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa kennara og skólastjóra í grunnskólum sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020 ásamt umsögnum samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. september 2020 og samninganefndar Reykjavíkurborgar, dags. 21. ágúst 2020:

Skóla- og frístundaráð lýsir ánægju sinni með þann mikilvæga áfanga sem náðst hefur í kjarasamningsgerð við Félag Grunnskólakennara þann 10.07. 2020. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara endurnýjuðu þá viðræðuáætlun milli aðila. Með viðræðuáætluninni fylgir eftirfarandi bókun sem aðilar vilja vekja sérstaka athygli á. Innleiðing bókunarinnar nú í skólabyrjun í skólum borgarinnar er afar mikilvæg. Á þessu hausti er skólastarf að hefjast við krefjandi aðstæður í skugga Covid-19 faraldurs og því mikilvægt að nýta þann sveigjanleika sem kjarasamningur aðila inniheldur til að halda uppi venjubundnu skóla- og frístundastarfi þar sem heilbrigði og öryggi barna og starfsmanna er í forgangi.

*Bókun með viðræðuáætlun 10. júlí 2020*

*Sveigjanlegt vinnuumhverfi*

*Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólastarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðamenningu. Skólastjóri ákveður vinnutíma kennara samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um að sveigjanlegt vinnuumhverfi er forsenda þess að kennarar eins og aðrir þekkingarstarfsmenn geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta. Við gerð vinnuskýrslu sem gera skal í upphafi hvers skólaárs samkvæmt gr. 2.1.6.1 skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni kennara. Um breytingar á vinnuskýrslu fer samkvæmt gr. 2.1.6.1.*

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela „Samráðshóp um innleiðingu kjarasamnings SÍS og KÍ vegna KÍ í grunnskólum borgarinnar“ frá september 2018 það verkefni að fylgja eftir framkvæmd bókunarinnar í skólum Reykjavíkur.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.



Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í bókun samninganefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara að mikilvægt sé að nýta sveigjanleika gildandi kjarasamninga til að halda uppi venjubundnu skóla- og frístundastarfi þar sem heilbrigði og öryggi barna og starfsmanna er í forgangi. Framkvæmd og innleiðing kjarasamninga er verkefni viðkomandi stjórnenda og skrifstofa borgarinnar. Í ljósi reynslunnar getur verið varhugavert að fagráðið hlutist til um verklag varðandi innleiðingu bókana í einstaka kjarasamningum. Þá er grundvallaratriði sem kemur fram í umsögn samninganefndar sveitarfélaga að það er alfarið hlutverk samstarfsnefndar Sambands sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara að túlka kjarasamninga þeirra á milli og það verkefni verður ekki framselt til annarra aðila. Á þessum forsendum er tillögunni vísað frá en samningsaðilum sendar góðar kveðjur og hvatning um að ná saman um kjarasamning, sem verður grunnskólastarfi í borginni til heilla.

- Kl. 13:20 tekur Soffía Pálsdóttir sæti á fundinum.
- Kl. 13:30 vikur Sigríður Arndís Jóhannsdóttir af fundi og Elín Oddný Sigurðardóttir tekur þar sæti með fjarfundabúnaði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Innleiðing bókunar um sveigjanlegt vinnuumhverfi í skólum borgarinnar er jákvætt skref í að efla sjálfstæði kennara og gera skólustarf sjálfstæðara og sveigjanlegra. Snjalltæknin hefur skipt sköpum í að gera fjarvinnu og fjarkennslu mögulega en tæknin hefur skapað aukna möguleika til að auka sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólustarfs. Dýrmæt reynsla hefur skapast á þessu sviði nú á tímum Covid-19 og því mikilvægt að halda áfram að þróa og bæta starfshætti með hjálp tækninnar til að efla og auka menntun og auka sveigjanleika í störfum kennara.

SFS2020010206

#### 4. Lögð fram svo breytt tillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla og frístundaráð tekur undir tillögu ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vekja athygli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á stöðu skólahjúkrunar í Reykjavík. Vísbendingar eru um að fjölmargir skólar í Reykjavík uppfylli ekki viðmið um að 650 nemendur séu að baki hverju fullu stöðugildi skólahjúkrunarfræðings en dæmi eru um að ríflega þúsund nemendur séu að baki hverju stöðugildi. Skóla- og frístundaráð hvetur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að nýta fyrirliggjandi gögn til að knýja á um úrbætur þar sem þörf er á að fjölga skólahjúkrunarfræðingum í borginni til að uppfylla viðmið um nemendafjölda.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020090217

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Á sameiginlegum fundi Borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna árið 2019 vöktu fulltrúar ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða athygli á stöðu skólaheilsugæslu í Reykjavík og lögðu fram tillögu að úrbótum. Í kjölfar tillögunnar var óskað eftir upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um stöðugildi hjúkrunarfræðinga í skólum borgarinnar, en í svari frá 26. mars 2019 kemur fram að í fjölmörgum skólum eru viðmið heilsugæslunnar ekki uppfyllt, en samkvæmt þeim skulu vera 650 nemendur að baki hverju fullu stöðugildi hjúkrunarfræðings. Dæmi eru um að ríflega þúsund nemendur

séu að baki hverju stöðugildi. Það er mikið áhyggjuefni og hvetur skóla- og frístundaráð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að nýta þau gögn sem liggja fyrir til að knýja á um úrbætur þannig að fjölga megi skólahjúkrunarfræðingum svo að viðmiðum nemendafjölda að baki hverju stöðugildi séu uppfyllt. Það er ljóst að skólahjúkrunarfræðingar sinna mikilvægri þjónustu við nemendur í grunnskólum borgarinnar, en nauðsynlegt er að fara vel yfir verkaskiptingu á fræðslu og hjúkrun milli skólanna og heilsugæslunnar til að væntingar og hlutverk séu skýr. Ekki síður er mikilvægt að tryggja að fullnægjandi skólaheilsugæsla sé til staðar í öllum skólum borgarinnar og að jafnræði grunnskólabarna til þjónustu sé tryggt óháð búsetu innan borgarinnar.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2020:

Enn er ekki búið að ganga frá því hvernig skólaakstri verði háttáð fyrir þau börn sem búa í Staðahverfi og þurfa að sækja skóla langan veg eftir að Korpuskóla var lokað. Þegar skólanum var lokað var því lofað að skólaakstur stæði til boða en nú þegar örfáir dagar eru í að skólar hefjist er enn ekki búið að ganga frá þeim málum. Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um hvort staðið verði við loforð um skólaakstur og hvernig honum verði háttáð. Í ljósi þess er lagt til að loforð um skólaakstur verði efnd og að foreldrar verði upplýstir um þessi mál hið fyrsta.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þrem atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2020080114

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skólaakstur hefur verið tryggður fyrir börn úr Staðahverfi í Engjaskóla og Víkurskóla á morgnana og síðdegis í tengslum við þær breytingar sem ráðið samþykkti á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi. Það er nauðsynleg þjónusta fyrir viðkomandi nemendur og hún nær einnig til frístundastarfsins þar sem boðið er upp á skólarútu síðdegis kl. 16.30 og 16.45 úr frístundaheimilinu Brosbæ í Staðarhverfi. Nemendur hafa val um það að nýta skólarútuna eða þiggja strætókort til frjálsra afnota. Foreldrar hafa verið upplýstir um þetta frá skólabyrjun og það er mat skrifstofu skóla- og frístundasviðs að fyrirheit um skólaakstur hafi verið uppfyllt.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. ágúst 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2020:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja það til að skólaakstur verði fyrir börn úr Staðahverfi í Grafarvogi eftir að frístund líkur þar sem ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur á umferðaröryggi.

Samþykkt. SFS2020080114

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september 2020:

Skólastarf í Grafarvogi fór af stað með breyttum hætti nú í haust m.a. vegna lokunar Korpuskóla og sameininga við aðra skóla í hverfinu. Talsvert hefur verið um að íbúar hafi gert athugasemdir við þá ákvörðun og framkvæmd hennar. Með hliðsjón af því, er lagt til að skóla- og frístundaráð, ásamt hlutaðeigandi stjórnendum á skóla- og frístundasviði, haldi opinn fund með íbúum í hverfinu þar sem farið verði yfir þær breytingar, ásamt stöðu skólamála almennt í Grafarvogi. Einnig verði farið yfir öll þau áform sem kynnt voru í aðdraganda breytingarinnar sem varða skipulagsmál, samgöngumál og

umferðaröryggismál í hverfinu. Fulltrúar viðeigandi sviða verði sömuleiðis viðstaddir fundinn og upplýsi um stöðu mála. Ástæða er til halda fundinn hið fyrsta til að nota það svigrúm sem opnast hefur núna með breyttum samkomutakmörkunum.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þrem atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að forsvarsmenn skóla- og frístundaráðs og skóla- og frístundasviðs kynni breytingarnar á skólalaldi í norðanverðum Grafarvogi og stöðu framkvæmda við samgöngubætur á fundi með íbúaráði Grafarvogs sem opinn verði öllum íbúum hverfisins.

Samþykkt. SFS2019020105

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú liggja fyrir áform um að forsvarsfólk skóla- og frístundasviðs, ásamt forsvarsfólki ráðsins, munu kynna breytingar á skólalaldi í norðanverðum Grafarvogi á íbúafundi Grafarvogs, en sá fundur er opinn öllum. Þeim markmiðum sem þessari tillögu er ætlað að ná er hægt að ná á þeim fundi og ekki að sjá að þörf sé á tveimur slíkum fundum á sama tímaramma. Eins er ljóst að nú er skólastarf í breyttri mynd í norðanverðum Grafarvogi komið í gang, og eðlilegt að næsta skref sé að leyfa því starfi að ganga og sjá hvernig reynslan af því verður.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er til marks um samráðsleysi meirihlutans við íbúa í norðanverðum Grafarvogi vegna breytts skólalalds að tillaga að samráðsfundi með foreldrum, sem lögð var fram 23. júní sl., skuli ekki vera tekin til afgreiðslu fyrr en þremur mánuðum eftir að hún var lögð fram og nokkrum vikum eftir að skólalald hófst.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. september 2020:

Lagt er til að haldinn verði samráðsfundur með foreldrum í norðanverðum Grafarvogi eigi síðar en í byrjun ágúst, fyrir skólabyrjun, til að fara yfir þær breytingar sem breytt skólalald og stofnun nýsköpunarskóla mun hafa í för með sér.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þrem atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessari tillögu er vísað frá í ljósi þess að samráð hefur verið mikið við foreldra og skólasamfélagið, bæði í gegnum innleiðingarteymin en einnig á vettvangi hvers skóla, en þeir taka eðlilega við samskiptahlutverki við sína foreldra- og nemendahópa eftir því sem þeir taka til starfa.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka fyrir svör varðandi skólahald í norðanverðum Grafarvogi. Það er augljóst miðað við þau svör sem eru lögð fram að undirbúningur fyrir stofnun skóla í norðanverðum Grafarvogi hefur ekki verið gefinn sá tími sem þurfti þar sem töluvert vantar upp á að skólarnir séu réttum tækjum búnir, iðnaðarmenn hafi lokið vinnu eða kennsla hafi geta hafist í valfögum á réttum tíma.

Hinsvegar ber að fagna að samþykkt hafi verið að svara sterku ákalli frá foreldrum í norðanverðum Grafarvogi um að fá fund opinn fund vegna sameininga skóla í norðanverðum Grafarvogi allt frá því að tillagan var fyrst reifuð. Það er undarlegt að ekki hafi verið meira samráð við alla foreldra þrátt fyrir þessa sterku ósk. Það er gríðarlega mikilvægt þegar er farið í jafn stórar breytingar að allir foreldrar fái að koma að þeim með því að bjóða upp á opinn fund.

SFS2019020105

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. febrúar 2020 og 10. mars 2020 ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. mars 2020, um tillöguna:

Víða er aðstaða í frístundamiðstöðvum og frístundaheimilum slæm sem kemur niður á faglegu starfi þannig að erfitt getur reynst að starfa í samræmi við stefnu í frístundamálum sem gerir auknar kröfur um aukið hlutverk þessara starfsstaða. Að auki er viðhaldi víða ábótavant. Lagt er til að gerð verði sérstök úttekt á aðstöðu frístundamiðstöðva og frístundaheimila og viðhaldspörf þessara starfsstaða. Í framhaldinu er lagt til að gerð verði áætlun um úrbætur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að gerð verði heildarúttekt á húsnæði og aðstöðu frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila þar sem mat verði lagt á viðhaldspörf umræddra starfsstaða. Niðurstöður úttektarinnar verði nýttar til að vinna áætlun með forgangsröðun um úrbætur.

Samþykkt. SFS2020020123

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hafin er vinna við allsherjar úttekt á öllu húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í borginni. Þetta er löngu tímabær vinna í anda þeirrar áherslu nýrrar menntastefnu að bæta aðstöðu og búnað í skóla og frístundastarfi borgarinnar. Vinnan er nú í fullum gangi og stefnt er að því að úttektin klárast á allra næstu vikum. Í framhaldinu verður unnin áætlun um endurbætur á húsnæði frístundarinnar í borginni. Til framtíðar er svo mikilvægt að unnin verði heildstæð rýni á húsnæðisþarfir frístundastarfsins þar sem markmið verður að leita frekari leiða til samþættingar grunnskóla og frístundastarfs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Víða er aðstaða í frístundamiðstöðvum og frístundaheimilum slæm sem kemur niður á faglegu starfi þannig að erfitt getur reynst að starfa í samræmi við stefnu í frístundamálum sem gerir auknar kröfur um aukið hlutverk þessara starfsstaða. Að auki er viðhaldi á húsnæði þessara starfsstöðva víða ábótavant. Dregist hefur að ljúka úttekt á viðhaldspörf og aðstöðu frístundaheimila og frístundamiðstöðva þannig að enn liggur ekki fyrir áætlun um úrbætur. Brýnt er að þeirri vinnu ljúki sem fyrst svo hægt verði að gera kostnaðaráætlunir vegna endurbóta og framkvæmda og taka þær inn í gerð fjárhagsáætlunar.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráðsi leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna því að ráðist verði í heildarúttekt á húsnæði og aðstöðu frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila þar sem mat verði lagt á viðhaldsþörf umræddra starfsstaða. Við viljum aftur á móti benda á að húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva þurfi að kortleggja með tilliti til þess að tryggja starfsmönnum viðunandi aðstöðu til uppbyggjandi starfa með börnum og unglingum. Velliðan barna og starfsmanna verði jafnframt höfð að leiðarljósi við vinnuna. Fara þarf yfir allt húsnæði og búnað þar sem starfsemi fer fram, taka út aðstöðuna á grundvelli viðmiða um húsnæði og aðbúnað félagsmiðstöðva og frístundaheimila skv. ytra mati SFS, Æskulýðslaga og gæðaviðmiða frístundaheimila (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017) og Laga um hollustuhætti, aðbúnað og öryggi á vinnustað. Gera þarf úrbótaáætlun, forgangsraða verkefnum og tryggja fjármagn í endurbætur og nýframkvæmdir.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt reglum um niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum:

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn sem lokamálslið 3. mgr. í ákvæði 1.a. í reglum Reykjavíkurborgar um niðurgreiðslu vegna daggæslu:  
Ekki er greitt framlag með börnum dagforeldra, nema viðkomandi hafi einnig önnur börn í daggæslu. Komi upp sú staða að önnur börn hætta í daggæslunni hefur dagforeldri þó einn mánuð frá 1. eða 15. hvers mánaðar til að taka inn önnur börn áður en niðurgreiðsla, vegna eigin barna, er felld niður.  
Breytingin taki gildi 1. desember 2020.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS2018100030

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða einfalda breytingu, sem er ætlað að loka fyrir þann möguleika að dagforeldrar starfi einungis með sín eigin börn.

11. Fram fer kynning og umræða um fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs árið 2021, trúnaðarmál. SFS2020090221

12. Lagt fram árshlutauppgjör skóla- og frístundasviðs, janúar – júní 2020. SFS2020090061

13. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi umferðaröryggi í Úlfarsárdal. SFS2019100042

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Umferðaröryggismál hafa verið í ólestri í Úlfarsdal og marg sinnis hefur verið bent á að tryggja þurfi betur umferðaröryggi barna á leið í og úr skóla- og frístundastarfi. Það er því slæmt að framkvæmdum hafi ekki verið lokið fyrir skólabyrjun eins og lofað var. Brýnt er að því verði fylgt eftir að þessum framkvæmdum ljúki sem allra fyrst áður en svartasta skammdegið skellur á.

14. Lagt fram svar sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, ódags, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 182. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi húsnæði Kelduskóla/Korpu. SFS2020040154

15. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 190. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi málefni Víkurskóla. SFS2020090123

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka fyrir greinargott svar. Það er augljóst miðað við svarið að undirbúningur fyrir stofnun nýsköpunarskóla hefur ekki verið gefinn sá tími sem þurfti þar sem ekki er búið að laga skólahúsnæðið að starfsemi skólans og tafist hefur að hefja þar kennslu í valfögum.

16. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi umgjörð um skólastarf í Víkurskóla. SFS2020080122
17. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 189. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi fjölda barna og fjölda stöðugilda í Engjaskóla og Borgaskóla. SFS2020080235
18. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 177. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi skólaakstur úr Staðahverfi. SFS2019100041
19. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. september 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs, varðandi opnunartíma Guluhlíðar og Öskju í sumar. SFS2020060062
20. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. júní 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 180. fundi skóla- og frístundaráðs, um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum. SFS2020020125

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að fram kemur að þeir skólastjórar sem svöruðu telja að nám í fjármálalæsi mikilvægt og telja það gagnast nemendum vel og að þeir hafi áhuga á náminu. Ljóst er að kennslunni er sinnt með mismunandi hætti annað hvort sem sér námsgrein eða samþætt öðrum námsgreinum. Hins vegar liggur ekki fyrir nægjanlega ítarleg svör við því hversu mörgum kennslustundum er varið í kennslu fjármálalæsis í skólunum. Sömuleiðis er ljóst af svari skólastjórnenda að ekki er stuðst við fjölbreytt námsefni. Þá kemur einnig fram að óljóst er hvernig námsrángur er metinn. Mikilvægt er til að efla námsgreinina að til boða standi val um vandað og fjölbreytt námsefni og að námsrángur sé metinn með skýrum hætti og fyrir liggja hversu mörgum kennslustundum er varið í kennsluna.

21. Fram fer umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. SFS2020080228

Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. september 2020, við fyrirspurnum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. og 190. fundi skóla- og frístundaráðs, um framkvæmdir í Fossvogsskóla.

- Kl. 15:37 vikur Valgerður Sigurðardóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn gagnrýnir harðlega yfirlýsingar Valgerðar Sigurðardóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Fréttablaðinu í morgun um að rífa eigi húsnæði Fossvogsskóla. Þetta er afar óábyrgur málflutningur sem ekki er studdur neinum gögnum þeirra sem gerst þekkja stöðuna á húsnæði skólans. Reykjavíkurborg hefur lagt mikla vinnu og fjármuni í

gagngerar endurbætur á skólahúsnaði og í einu og öllu fylgt fyrirmælum sérfræðinga verkfræðistofunnar VERKÍS. Borgin hefur varið til þess rúmlega 500 milljónum króna og hefur verið tekist af ábyrgð á við þau dæmi um rakaskemmdir sem komið hafa fram í þessum framkvæmdum. Von er á lokaskýrslu VERKÍS um framkvæmdirnar á alla næstu dögum þar sem einnig koma fram niðurstöður Náttúrufræðistofnunar á tegundagreiningu þeirra sýna sem tekin voru í sumar.

- Kl. 16.10 vikur Skúli Helgason af fundinum

#### **Fundi slitið kl. 16.11**

Alexandra Briem  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga  
Marta Guðjónsdóttir





## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 11. september, var haldinn 191. fundur skóla- og frístundaráðs, vinnufundur vegna fjárhagsáætlunargerðar. Fundurinn hófst í Hofi á Höfðatorgi kl. 10.09.

Fundinn sátu Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P); Diljá Ámundadóttir Zoëga (C) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Árni Jónsson, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórnar og Magnús Þór Jónsson, skólastjórnar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning og umræða um fjárhagsramma og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2021. SFS2020090221
- Kl. 11.28 vikur Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir af fundinum.

### Fundi slitið kl. 12.03

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Örn Þórðarson

Diljá Ámundadóttir Zoëga



## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 13. október, var haldinn 193. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði og hófst kl. 12.32.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Geir Finnsson (C), Marta Guðjónsdóttir (D), Valgerður Sigurðardóttir (D) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórar í grunnskólum; Ragnheiður Davíðsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum og Stefán Geir Hermannsson, Reykjavíkurráð ungmenna. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Anna Garðarsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggsdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að hefja undirbúning að stofnun framtíðarhóps í menntamálum Reykjavíkurborgar sem leggi grunn að nýrri aðgerðaáætlun menntastefnu fyrir tímabilið 2022-2024 og taki til umfjöllunar í því sambandi helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar. Framtíðarhópurinn verði skipaður fulltrúum skóla- og frístundasviðs og helstu aðila í skólasamfélaginu s.s. barna og unglunga, foreldra, kennara og annars starfsfólks, stjórnenda, fræðasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins og kjörinna fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði. Eitt af verkefnum framtíðarhóps verði að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar og áforma næstu skref. Hópnunum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaáætlun verði samofin „Græna planinu“ sem nú er í mótun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt héraendis sem erlendis á liðnum misserum. Sviðsstjóri leggi fram tillögu um skipan fulltrúa í framtíðarhóp og drög að erindisbréfi með tímasetningum eigi síðar en 10. nóvember 2020. Starfshópurinn skili niðurstöðum vinnu sinnar eigi síðar en í nóvember 2021.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2020100054

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Menntastefna Reykjavíkurborgar er flaggskip borgarinnar í málaflokknum og hefur innleiðingin verið farsæl enda byggir stefnan á þéttari samvinnu þúsunda aðila í skólasamfélaginu í borginni. Nú er liðið á seinni hluta fyrsta áfanga aðgerðaáætlunar og er tímabært að leggja grunn að nýrri aðgerðaáætlun stefnunnar fyrir tímabilið 2022-2024. Það verður verkefni nýs framtíðarhóps í menntamálum með aðkomu allra helstu aðila í skólasamfélaginu s.s. barna og unglunga, foreldra, kennara og annars starfsfólks, stjórnenda, fræðasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa skóla- og frístundasviðs og kjörinna fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði. Framtíðarhópurinn mun jafnframt

leggja mat á innleiðingu menntastefnunnar og ræða helstu sóknarfæri, álitamál og mögulegar umbætur í skóla og frístundastarfi borgarinnar til næstu framtíðar. Við munum leggja áherslu á að vinnan verði í góðu samræmi við Græna planið og taki mið af þeirri gerjun sem stendur yfir í menntamálum hérlendis og erlendis þar sem innleiðing stafrænnar tækni, fjarnám og nýir kennsluhættir eru ofarlega á baugi.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020:

Lagt er til að búinn verði til skýr verklagsferill komi upp kórónuveirusmit innan grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og frístundamiðstöðva borgarinnar. Verklagsferillinn taki mið af því að komi upp kórónuveirusmit á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs verði skóla- og frístundaráð upplýst hið fyrsta og haft með í ráðum varðandi ákvarðanir í tengslum við aðgerðir sem teknar verða þá í samráði við sóttvarnarlækni og yfirmenn þeirra starfstöðva þar sem smit kemur upp. Þá verði starfsmenn og foreldrar upplýstir strax. Sviðsstjóra verði falið að framfylgja ákvörðunum ráðsins, eins og fram kemur í 6. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. SFS2020080229

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Eins og fram kemur í umsögn Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar er til staðar skýr ferill þegar upp kemur smit í leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundastarfi og hjá dagforeldrum í borginni. Einnig er við lýði regluleg upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði. Tillögunni er því vísað frá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fundurinn í dag sýndi fram á að full þörf er á að skýra verkferla og efla gagnvirkt samráð. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar sem bera ábyrgð á skólastarfi í borginni fylgist vel með og geti komið ábendingum og athugasemdum á framfæri.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. október 2020, um stöðu ráðninga í skóla- og frístundastarfi 8. október 2020. SFS2020050139

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefni að sjá hve vel hefur gengið að manna störf í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, en á öllum vígstöðvum gengur betur að ná fullri mönnun en á fyrri árum, það er þrátt fyrir að börnum og deildum fjölgi og þörfin fyrir starfsfólk vaxi ár frá ári. Þó svo sennilegt sé að vinnumarkaðsaðstæður geti haft þarna áhrif er þó ljóst að aðgerðir sviðsins til að laða fólk til starfa síðustu ár eru einnig að hafa áhrif og er þróunin síðustu tvö árin til marks um það. Í leikskólum er búið að ráða í 98,4% stöðugilda miðað við 97,8% 2018 og í grunnskólum 99,5% miðað við 99% 2018 og er það fagnaðarefni. Þó ber sérstaklega að fagna þeim árangri að í frístund og félagsmiðstöðvum hefur verið ráðið í 98,1% stöðugilda, en á sama tíma 2018 var einungis búið að ráða í 89% stöðugilda. Þar hefur greinilega verið lyft grettistaki og því ber að hrósa.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er ánægjuefni að sjá hversu vel gengur að ráða í stöður í skólaumhverfi borgarinnar. Sú staða er þeim mun mikilvægari í ljósi þess hversu mikið álag er og hefur verið í skólum við þær aðstæður sem skapast hafa í tengslum við Covid 19. Astæða er til að þakka fyrir

Það öfluga starf sem unnið er á öllum starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs á þessum erfiðu og krefjandi tímum.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2020, um fjölda kennara með leyfisbréf og fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar haustið 2020. SFS2019110123

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þess ber að geta að síðasta árið hefur M.ed nám farið að miklu leyti fram á vettvangi við kennslu og þarf ekki að sækja um undanþágu vegna slíkra kennsluréttindanema á lokaári og það gæti haft áhrif á heildar tölfræðina, en í ár eru 67 manns með kennsluréttindi sem slíkir nemar í grunnskólum Reykjavíkur og 33 aðrir á undanþágu, samtals 100, en árið 2019 voru undanþágur 127 og árið 2020 voru þær 103, svo ljóst er að þróunin er á réttri braut. Það er sérstaklega mikilvægt að hlutfall menntaðra kennara sé sem hæst, enda er það forsenda faglegs skólastarfs, og því ánægjulegt að sjá þessa þróun.

5. Fram fer umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík á tímum Covid-19. SFS2020010206

Jón Viðar Matthíasson, Víðir Reynisson, Þórólfur Guðnason og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Það hefur verið gæfuspor fyrir samfélagið að tekist hefur að halda úti reglulegu skóla- og frístundastarfi þrátt fyrir það mikla álag og skakkaföll sem fylgt hafa COVID-19 faraldrinum. Stefna sóttvarnaryfirvalda og almannavarna hefur verið mjög skýr með að það sé mikilvæg forsenda þess að samfélagið geti gengið sinn gang og allir hafa lagst á eitt við að styðja og framfylgja þeirri stefnu: Starfsfólk og stjórnendur skóla og frístundasviðs, börn og forráðamenn þeirra og kjörnir fulltrúar. Við munum áfram styðja þá stefnu af öllu afli og leggja okkur fram um að styðja þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að kveða niður faraldurinn. Skóla- og frístundaráð þakkar Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni, Víði Reynissyni yfirlögregluþjóni hjá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og Jóni Viðari Matthíassyni slökkviliðsstjóra fyrir mikilvæg innlegg þeirra á fundinum og frábær störf ásamt Ölmú Möller landlækni undanfarna mánuði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka formanni ráðsins fyrir að bregðast skjótt við þeirri ósk okkar að fá sóttvarnalækni á fund ráðsins. Fundurinn sýndi fram á mikilvægi virks samráðs og gagnkvæmrar upplýsingagjafar. Mikilvægt er í framhaldinu meðan á kórónuveirufaraldrinum stendur að slíkir fundir verði haldnir oftar.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Skólaárið 2020 – 2021 hefur frá upphafi markast af stöðu íslensks samfélags og baráttu þess við illskæða veiru. Til ólíkra aðgerða hefur þar verið gripið til undir stjórn sóttvarnalæknis og Almannavarna, þ.á.m. þær að hafa skólastarf grunnskóla eins eðlilegt og mögulegt er. Af þessum sökum hefur starfsfólk grunnskólans búið við aðrar aðstæður í sóttvörnum en almennt gerist og hefur borið á kvíða og vanlíðan í þeirra hópi. Mikilvægt er að hugað verði að starfsfólki við þessar aðstæður á raunsæjan hátt, það verður að finna fyrir jákvæðum stuðningi í önnum dagsins auk þess að fá upplýsingar um stöðu mála inni á sínum vinnustöðum. Verkefni grunnskólanna í þessum aðstæðum er stórt og enn er allsendis óvíst um framtíðina. Mikilvægi hreinskiptinnar, jákvæðrar og öflugrar mannauðsstjórnar er algert um leið og allar aðgerðir verða að miðast við að hraða því ferli að samfélagssmit náist niður og að neyðarstigi sé aflétt.

6. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 mkr. janúar-júní 2020. SFS2020090244
7. Lagt fram yfirlit yfir ferðir skóla- og frístundasviðs janúar-júní 2020, dags. 21. september 2020. SFS2020090243
8. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 179. fundi skóla- og frístundaráðs, um afhendingu tölva í Seljaskóla. SFS2020020041
9. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 182. fundi skóla- og frístundaráðs, um nýtingu á húsnæði Kelduskóla og Vættaskóla. SFS2020040153
10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs, um skertan opnunartíma leikskóla vegna Covid-19. SFS2020060061
11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins frá 186. fundi skóla- og frístundaráðs, um kostnað foreldra af skemmdarverkum barna. SFS2020060261
12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 185. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjölda nemenda í Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2020. SFS2020060063
13. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, um yfirlit yfir mál Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu. SFS2020080120
14. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 188. fundi skóla- og frístundaráðs, um skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um húsnæði leikskólans Langholts. SFS2020080117
- Kl. 15:05 vikur Guðmundur G. Guðbjörnsson af fundinum.
- Kl. 15:10 vikur Ragnheiður Davíðsdóttir af fundinum.
15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óskað verði eftir því með formlegum hætti að formaður ráðsins taki sæti í Neyðarstjórn borgarinnar f.h. ráðsins.

Greinargerð fylgir.

Frestað. SFS2020080229

#### Fundi slitið kl. 15:25

Skúli Helgason

Alexandra Briem  
Geir Finnsson  
Valgerður Sigurðardóttir

Elín Oddný Sigurðardóttir  
Marta Guðjónsdóttir  
Örn Þórðarson

## SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2020, 27. október, var haldinn 194. fundur skóla- og frístunðaráðs. Fundurinn var haldinn í fjarfundabúnaði og hófst kl. 12.33.

Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Skúli Helgason formaður (S), Alexandra Briem (P), Diljá Ámundadóttir Zoëga (C), Elín Oddný Sigurðardóttir (V), Kolbrún Baldursdóttir (F), Marta Guðjónsdóttir (D) og Valgerður Sigurðardóttir (D). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Anna Metta Norðdahl, starfsfólk í leikskólum; Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjórnar frístunðamiðstöðva; Jón Ingi Gíslason, kennarar í grunnskólum; Magnús Þór Jónsson, skólastjórnar frístunðamiðstöðva; Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Anna Garðarsdóttir, Eygló Traustadóttir, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir. Guðrún Sigtryggisdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan Lesskimun 2019. Jafnframt fer fram umræða um læsi grunnskólabarna í Reykjavík. SFS2020100143

Dröfn Rafnsdóttir, Þóra Sæunn Úlfadóttir, Sigrún Jónína Baldursdóttir og Ásgeir Björgvinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12:40 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Læsi er forgangsmál í menntastefnu Reykjavíkurborgar og því skal haldið til haga að reykvískir nemendur hafa staðið sig vel í innlendum samanburði og sýndu framfarir í öllum þremur greinum PISA í síðustu mælingu 2018. Eins og rætt var á 184. fundi skóla- og frístunðaráðs 26. maí, þá er lesskimunarpróf sem hér er til umræðu orðið 20 ára gamalt og byggt á norsku prófi sem hefur ekki verið uppfært, auk þess sem lesskimun af þessu tagi er ekki upphaflegur tilgangur þess. Prófið þykir úrelt sem mælitæki sem var forsenda þess að skóla- og frístunðaráð ákvað í vor að leggja það af en taka upp nýtt próf sem Menntamálastofnun hefur látið hanna. Það próf verður lagt fyrir nemendur í 2. bekk næsta vor, en rétt mat á stöðunni er nauðsynlegt til þess að ákvarðanataka og viðbrögð geti verið rétt. Varðandi úrbætur þá þarf að auka enn frekar áherslu á íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna, efla lesskilning, auka áhuga barna og ungmenna á bóklestri með fjölbreyttu lesefni, styrkja samstarfið við heimilín varðandi lesþjálfun og auka áherslu á gagnreyndar lestrarkennsluáferðir sem skilað hafa börnum árangri.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Niðurstaða lesskimunar vorið 2019 sýnir alvarlega stöðu hvað varðar lestrargetu barna í 2. bekk og að mikið vantar upp á að nemendur í 2. bekk geti lesið sér til gagns en hlutfallið er það næstlægsta í sögu skimunarinnar. Þeir nemendur sem teljast geta lesið sér til gagns þurfa að ná 65% árangri í prófinu en ekki nema 61% nemenda náði því viðmiði. Bregðast þarf strax við vanda þeirra 530 eða rúmlega 39% nemenda af 1350 nemendum 2. bekkjar sem ekki geta lesið sér til gagns. Þessar mælingar verður að taka alvarlega og bregðast miklu fyrir við því lestrargeta hefur áhrif á námsframvindu barna. Greina þarf vandann strax við upphaf skólagöngunnar og skima reglulega til að ná til þeirra barna sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Það er afar mikilvægt því snemmtæk ihlutun getur komið í veg

fyrir lestrarerfiðleika og fjárfreka sérkennslu seinna á skólagöngunni. Það þarf að blása til sóknar með öflugum samstilltu átaki til úrbóta til að ná árangri. Þetta er sérstaklega áriðandi í ljósi þess að vandinn fer stöðugt vaxandi, en lesskilningi barna hrakar á hverju ári.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lesskimun sýnir að árið 2019 er marktækt síðra en síðasta ár. Tæp 61% nemenda les sér til gagns en rúm 39% geta það ekki. Árið 2018 gátu 65% stúlkna lesið sér til gagns og 64% drengja og munar um 4 prósentustigum milli ára. Hlutfallið 2019 er það næstlægsta í sögu skimunar. Fram kemur að allir skólar noti hljóðaðferðina. Aðrar aðferðir eru notaðar með í bland og allar sagðar gagnreyndar. Það er fullyrt af sumum fræðingum að Byrjendalæsi sem slík eigi sér ekki stöð í ritryndum rannsóknunum. Stutt er í næstu PISA könnun. Bregðast verður við versnandi árangri barna í lestri. Á vakt þessa og síðasta meirihluta hefur ekki tekist að greina nákvæmlega þessa þróun. Um 2-4% barna eiga í vandamálum með lestur út frá lífeðlisfræðilegum ástæðum. Um 20-30% af börnum fá ekki hjálp heima og verða því að fá hjálp í skólanum. Styðja þarf skólana og styrkja til að sinna þessu hlutverki í meiri mæli. Ekki er hægt að sætta sig við neitt minna en að 80-90% barna séu læs eftir 2 ár í skóla. Í sérkennslumálin vantar heildstæða stefnu og betri yfirsýn. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt til að Innri endurskoðun geri úttekt á sérkennslumálum.

2. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð leggur til að haldin verði Barnabókamessa í fjórða sinn í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Félag íslenskra bókaútgefenda í þeim tilgangi að auka áhuga barna og ungmenna á lestri bóka. Á messunni verður lögð áhersla á að kynna nýjar íslenskar barna- og ungmennabækur fyrir fulltrúum skólasafna grunnskóla og leikskóla borgarinnar og þeim tryggt viðbótarfjármagn til að kaupa nýjar bækur að eigin vali á messunni fyrir bókasöfn starfsstöðva sinna á sérstöku kynningarverði. Lagt er til að sérstök fjárveiting til grunnskóla og leikskóla vegna Barnabókamessunnar verði alls 9 milljónir, sem rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt. SFS2019080088

Bryndís Loftsdóttir og Margrét Björnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Barnabókamessan er samstarfsverkefni skóla- og frístundaráðs. Félags íslenskra bókaútgefenda og Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO sem hefur bann tilgang að auka áhuga barna og ungmenna á lestri íslenskra barna- og unglingabóka. Messan verður haldin í fjórða sinn í nóvember en hún hefur haft verulega býðingu og skilað sér í stórbættum bókakosti bæði leikskóla og grunnskóla. Bókakaup þessara aðila hafa nærri tvöfaldast frá árinu 2018 sem skilar sér í mun betra úrvali fyrir börnin af nýjum íslenskum titlum í bókasöfnum skólanna. Þá gefa tölur um útlán sömuleiðis til kynna að aðráttarafi bókasafnanna hafi aukist verulega á undanförunum árum. Lestur bóka er ekki lengur sjálfsagt mál fyrir æsku þessa lands á tímum samfélagsmiðla og tölvuleikja og því er mikilvægt að vera vakandi fyrir nýjum leiðum eins og þessum til að örva bóklestur ungu kynslóðarinnar. Í ljósi aðstæðna verður gripið til sérstakra aðgerða á sviði sóttvarna til að tryggja að hægt sé að fylgja öllum tilmælum á því sviði og þær aðstæður metnar þegar nær dregur með tilliti til þess hvernig staða faraldursins þróast.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 13. október 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. október 2020:



Skóla- og frístundaráð samþykkir að óskað verði eftir því með formlegum hætti að formaður ráðsins taki sæti í Neyðarstjórn borgarinnar f.h. ráðsins.

Greinargerð fylgir.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins. SFS2020080229

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er rétt að starfsemi skóla- og frístundasviðs varðar sérstaklega störf neyðarstjórnar um þessar mundir og góðra gjalda vert að vilja hafa öfluga upplýsingagjöf á milli skóla- og frístundaráðs og neyðarstjórnar, sérstaklega þar sem viðkemur smitvörnum í skólum. Þó ber að halda því til haga að neyðarstjórn er ekki pólitískur vettvangur, heldur er henni ætlað að vera framkvæmdaaðili sem getur brugðist hratt við þegar hættulegt ástand myndast. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs er nú þegar í neyðarstjórn og hefur staðið sig vel í upplýsingagjöf til og frá ráðinu og njóta hann og neyðarstjórn borgarinnar fulls trausts fulltrúa meirihlutans í skóla- og frístundaráði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi þeirrar umfangsmiklu starfsemi og þess mikla fjölda nemenda og starfsmanna sem heyra undir sviðið hefði verið eðlilegt og nauðsynlegt að kjörinn fulltrúi skóla- og frístundaráðs ætti sæti í Neyðarstjórninni til að fylgjast með framvindu mála, til að koma á framfæri ábendingum og geta brugðist hratt og örugglega við aðstæðum sem kunna að koma upp. Enda segir í samþykkt fyrir ráðið:

Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Þá hefur skóla- og frístundaráð ennfremur með höndum eftirfarandi: Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi. Staðfestir starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ár hvert og skólanámskrá einstakra leik- og grunnskóla.

Hvorki skóla- og frístundaráð né borgarráð hefur framselt heimildir sínar til Neyðarstjórnar. Þá berast skóla- og frístundaráði ekki fundargerðir Neyðarstjórnir sem snúa að skólamála. Taka skal fram að Reykjavík er fjölskipað stjórnvald og umgangast verður allar valdheimildir með það í huga. Í ljósi ofangreinds verður það teljast ansi veikburða ákvörðun meirihluta ráðsins að falast ekki eftir því að kjörinn fulltrúi eigi sæti í Neyðarstjórninni.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs á fundi borgarráðs 27. ágúst 2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. október 2020:

Á hverju hausti er sami vandinn uppi hjá skóla- og frístundasviði vegna þess að ekki hefur tekist að manna stöður. Enn er óráðið í 76 grunnstöðugildi í 63 leikskólum borgarinnar og um fjörutíu stöðugildi í 36 grunnskólum. Flokkur fólksins leggur til að skólayfirvöld breyti um aðferðarfræði þegar kemur að ráðningu kennara. Byrja á mikið fyrir að auglýsa og kynna laus stöðugildi. Sú vinna á að fara fram að vori. Reynslan hefur sýnt að breyta þarf um taktík þar sem sami vandinn er á hverju ári. Hér er spurning um að læra af reynslu. Ef eitthvað virkar ekki þá þarf að endurskoða aðferðarfræðina og gera á henni breytingar. Það er ekki nóg að vona og vona. Nú blasir við sú staða að ekki er hægt að ráða inn í tiltekna leikskóla, getur það hægt á innritun í þá skóla. Erfiðleikar við að fá fólk í þessi störf eru ákveðnar upplýsingar um störfin og líðan fólks í þeim. Meira að segja nú þegar atvinnuástandið er slæmt er erfitt að fá fólk til starfa í skólana. Skoða þyrfti hvað það er

við þessi störf annað en álag og lág laun sem hefur svo mikinn fælingarmátt. Ekki er ósennilegt að mygluvandi í skólum sé hluti af vandamálinu.

Greinargerð fylgir.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins.

SFS2020080317

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Vinna við nýráðningar starfsfólks hefur verið forgangsverkefni skóla- og frístundasviðs undanfarin ár og hefur verið beitt fjölmörgum leiðum til að kynna þau mikilvægu og spennandi störf sem unnin eru í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Frá árinu 2017 hefur á hverju ári verið farið í öflugt kynningarátak í fjölmiðlum, markpósti og samfélagsmiðlum með sérhönnuðu auglýsingaefni til að manna störfin og hvetja ungt fólk til þess að velja uppeldisstarf sem framtíðarstarfsvettvang. Þá hefur Reykjavíkurborg sett á laggirnar sérstaka afleysingastofu til þess að hjálpa til við mönnun starfa. Þá hafa fjölmargar aðrar leiðir verið nýttar til þess að kynna störfin eins og á Framadögum í HR, háskólanemum boðið í vísindaferðir til skóla- og frístundasviðs og viðurkenningar fyrir meistaraverkefni sem unnin eru á vettvangi sviðsins, allt með það að markmiði að laða starfsfólk til starfsstaða skóla- og frístundasviðs. Síðast en ekki síst hefur mikil vinna og fjármagn verið sett í að bæta starfsumhverfi starfsfólks, launakjör og aðstöðu. Þessi vinna hefst á vorin og stendur fram á haust ár hvert og nú hefur tekist að manna 98-99% lausra stöðugilda, sem er betri staða en undanfarin ár.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Flokks fólksins um að skoða breytta og þá fjölbreyttari aðferðafræði við ráðningu kennara hefur verið vísað frá en hún er einmitt lögð fram til að hvetja skóla- og frístundasvið í samvinnu við skólanna til að hugsa málið upp á nýtt. Róðurinn er þyngstur í leikskólum og vandinn er til staðar á hverju hausti. Hvað er það sem er mögulega að fæla frá annað en lág laun og álag? Hugmyndin um afleysingastofu er mjög góð en ekki liggur fyrir hver árangur hennar er. Þrír hópar skoðuðu starfsumhverfi kennara og settu fram tillögur til úrbóta. Sumar eru komnar í framkvæmd aðrar ekki. Ekki liggur fyrir mælanlegur árangur af þeim aðgerðum enn. Nú er atvinnuleysi mikið og vaxandi svo gera má ráð fyrir að mannekluvandi ætti að vera úr sögunni. Ef það verður ekki raunin næsta haust þá má ætla að einhverjar aðrar skýringar séu þarna að baki, óþekktar eða í það minnsta sem ekki liggja ljósar fyrir.

- kl. 15:00 vikur Magnús Þór Jónsson af fundinum.
- 5. Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs á fundi borgarráðs 10. október 2019:

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundaráð setjist niður með skólastjórnendum og matráðum skóla í því skyni að finna leiðir til að draga úr matarsóun. Í ljós hefur komið í rannsóknum að mun meiri matarsóun er í íslenskum grunnskólum en í nágrannalöndunum. Ný rannsókn á vinsælustu og óvinsælustu fæðutegundum skólabarna í Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og Noregi var kynnt á Menntakviku Háskóla Íslands í síðustu viku. Þá var matarsóun sérstaklega skoðuð en þar á Ísland langt í land. Daglega eru yfirfullir stampar af mat í skólunum sem börnin hafa fleygt. Þá er matur barnanna einsleitari hér. Samt vill meirihlutinn draga úr dýraafurðum. Það eru ekki ný tíðindi að börn vilja ekki mikið af grófmæti sem dæmi. Sé börnum skammtað mikið af mat sem þau vilja ekki fer hann í ruslið. Flokkur fólksins lagði fram tillögu í borgarstjórn 2018 að borgin myndi beita sér m.a.

fjárhagslega fyrir því að allir skólar í Reykjavík yrðu grænfánaskólar og hvernig stemma megi stigu við matarsóun. Mikilvægt er að börn skammti sér sjálf og vikti og skrái síðan það sem þau leifa. Það dregur úr matarsóun eins og rannsóknir hafa sýnt. Einnig þarf maturinn að vera fjölbreyttur.

Greinargerð fylgir.

- kl. 15:12 tekur Magnús Þór Jónsson sæti á fundinum.

Samþykkt að vísa tillögunni til stýrihóps um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Matarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn árið 2018 og þar er að finna fjölmargar aðgerðir sem miða að því að auka gæði og úrval af hollum og næringarríkum mat í þjónustuneti borgarinnar við börn og fullorðna. Ein þessara aðgerða tengist aðgerðum til að draga úr matarsóun og tillaga Flokks fólksins er af sama meidi þar sem hún ávarpar mikilvægi þess að minnka matarsóun í leik- og grunnskólum. Nú er unnið að áætlun um innleiðingu matarstefnunnar og er einboðið að umrædd tillaga verði tekin til jákvæðrar skoðunar í þeim stýrihópi sem vinnur að innleiðingaráætluninni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillagan var um að skóla- og frístundaráð setjist niður með skólastjórnendum og matráðum skóla í því skyni að finna fleiri leiðir til að draga úr matarsóun. Matarsóun er málaflokkur sem varðar okkur öll. Ef marka má kannanir er matarsóun meira vandamál hér en í nágrannalöndum. Það er vont til þess að vita. Hvað myndi maður sjá ef skoðað yrði í stampana eftir hádegismat í skólum? Er verið að mæla það sem er leift? Er verið að leyfa börnunum að taka þátt í að sporna við matarsóun sem spennandi verkefni? Hvar er Grænfánahugmyndafræðin stödd í skólum Reykjavíkur? Tillaga Flokks fólksins um að hvetja alla skóla til að vera Grænfánaskóla og styrkja þá til þess var felld í borgarstjórn. Fulltrúi Flokks fólksins vil ítreka enn og aftur að það skiptir máli að börn skammti sér sjálf og vikti og skrái síðan það sem þau leifa. Einnig þarf maturinn að vera fjölbreyttur og af góðum gæðum. Það dregur úr matarsóun eins og rannsóknir hafa sýnt. Ekki gengur að bjóða börnum upp á það sem þau ekki vilja. Það fer bara lóðbeint í ruslið. Tillögunni er vísað í vinnuhóp og fagnar fulltrúi Flokks fólksins því.

6. Fram fer umræða um stöðu mála á vettvangi skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. SFS2020080228

- Kl. 15:50 vikur Soffía Vagnsdóttir af fundinum.

- Kl. 16:24 vikur Skúli Helgason af fundinum og Alexandra Briem tekur við stjórn fundarins.

- Kl. 16:27 vikja af fundinum Ragnheiður Davíðsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Anna Metta Norðdahl, Haraldur Sigurðsson, Guðmundur G. Guðbjörnsson, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Jón Ingi Gíslason og Ragnheiður Stefánsdóttir.

7. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. október 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs 24. september 2020, um læsi. SFS2020090364

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði m.a. um í hversu miklum mæli gagnreyndar kennsluáðferðir í lestri og í hversu miklum mæli og hvaða aðgerðir eru í gangi til að þjálfa tvítyngd börn í lestri, málkunnáttu og lesskilningi.

Enda þótt ekki sé verið að miðstýra aðferðum er varla í boði að nota aðrar aðferðir en sannreyndar. Byrjendalæsi er ekki gagnreynd aðferð að sama skapi og hljóðaaðferðin enda svo sem ólíkar aðferðafræðilegar nálganir. Engu að síður nota sumir skólar Byrjendalæsi meira en hljóðaaðferðina sem aðal lestrarkennsluaðferð. Segir í svari að fjöldi skóla sem nota Byrjendalæsi sveiflast vegna þess „að stjórnendur senda ekki alltaf nýja kennara í þjálfun heldur treysta á að þeir sem fyrir eru taki að sér þjálfunina“. Þetta er nokkuð sérkennilegt. Enda þótt þetta sé ekki spurning um annað hvort eða þá er ekki hægt að horfa framhjá versnandi árangri barna í lestri. Enginn efast um að kennarar séu ekki að nýta þekkingu sína. Ábyrgðin er hjá borgaryfirvöldum og menntamálaráðherra. Rannsóknir sýna að börn innflytjenda eru að koma verr út á Íslandi en í nágrannalöndum sem er mikið áhyggjuefni. Kallað er eftir sérstöku og sértaeku átaki fyrir þann hóp, börn sem eru fædd hér og einnig börnin sem koma stálpaðri til landsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Taka skal fram að eins og fram kom í kynningu á fundinum er byrjendalæsi safn af aðferðum, sem meðal annars inniheldur hljóðaaðferðina, og það er ekki réttur skilningur að þeir sem nota byrjendalæsi noti þá ekki hljóðaaðferð. Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir fundinum er mikill metnaður hjá sviðinu, og í skólum borgarinnar, bæði leik- og grunnskólum, að stunda öfluga lestrarkennslu þar sem gagnreyndum aðferðum er beitt. Þó er rétt að huga betur að kennslu í íslensku fyrir börn með annað fyrsta tungumál en íslensku, en samkvæmt nýjum rannsóknum er ekki endilega rétt að skipa börnum innflytjenda, fæddum á Íslandi, í hóp með þeim sem koma stálpuð til landsins. Eins ber að halda því til haga að samkvæmt mælingum á eldri börnum, sem hafa verið lengur í skólakerfinu og við höfum haft betra tækifæri til að kenna, er ljóst að árangur fer batnandi milli ára eins og niðurstöður síðustu PISA könnunar bera með sér.

8. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. október 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs 1. október 2020, um lestrarkennsluaðferðir í grunnskólum. SFS2020100032

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka góð svör, en það er ánægjulegt að sjá hve öflugar og gagnreyndar aðferðir eru í notkun við lestrarkennslu í skólum borgarinnar, en allir skólar nota hljóðaaðferðina, þó skólar noti aðrar aðferðir til viðbótar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í svari kemur aftur fram að allur gangur er á hvaða lestrarkennsluaðferðir eru notaðar. Fulltrúi Flokks fólksins styður heilshugar sjálfstæði skólanna í þessum efnum en pólitíkin þarf að hafa yfirsýn og hennar er ábyrgðin. Vinnubrögð eru markviss og sama þarf að gilda um notkun aðferða, hún þarf einnig að vera markviss. Hin svokallaða hljóðaaðferð er best rannsökuð af lestrarkennsluaðferðum og er sögð notuð í öllum skólum kannski í mismiklum mæli. Börn með lesblindu eru oft sterk í sjónrænni úrvinnslu og læra því betur með sjónrænum kennsluaðferðum. Hvað sem öllu líður er árangur barna í lestri versnandi. Hvað nákvæmlega veldur því er ekki vitað. Vitað er að heilmikil áhersla er á hraðamælingar í lestri. Hraðamælingar í lestri koma illa við sum börn sér í lagi þau sem eru hægslæs eða með lesblindu. Fulltrúi Flokks fólksins hefur velt upp þeirri spurningu hvort áherslan á leshraða hefur verið á kostnað lesskilnings. Áherslan hlýtur að þurfa vera á lesskilning númer eitt um leið og lestrartækninni er náð. Þessi mál væru ekki í umræðunni nema vegna þess að íslensk börn eru að koma ítrekað illa út úr PISA. Þetta er dapurt því á Íslandi státum við af stórkostlegu kennaraliði auk þess sem við eigum gagnreynt kennsluefni.

9. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. október 2020, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs 1. október 2020, um mæliaðferðir til að meta lesskilning barna. SFS2020100031

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir að fá upplýsingar um hvaða sérstöku aðferðir/mælingar hafa verið notaðar til að mæla lesskilning nemenda?

Í svari kemur fram að áhersla á fjölbreyttar lesskilningsaðferðir hafa aukist og er það mjög jákvætt. En til að vita hvort við erum á réttri leið í þessum málum þarf að mæla árangur. Markmiðið hlýtur að vera að 80-90% af börnum séu fulllæs eftir 2 bekk. Þegar talað er um mælingar má ætla að mæla eigi í 1.-2. bekk stöðu barna í bókstafa-hljóðaprófi, kanna hvort börnin hafi brotið lestrarkóðann. Síðan eru það mælingar með lesskilningsprófum fyrir þá sem hafa brotið lestrarkóðann. Þetta er sennilega allt í gangi í flestum skólum. Þegar talað er um aðferðir við mælingar, innan skóla og milli skóla þá hlýtur að vera spurt um samanburðarhæfi þ.m.t. aðferðafræðilega séð. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sumt óljóst sem Menntamálastofnun gerir. Flokkur fólksins spurði um mælingar sem hafa verið notaðar til að mæla lesskilning nemenda. Í því sambandi má spyrja hvort ekki hafi staðið til að þýða fleiri lesskilningspróf hjá Menntamálastofnun? En gott er að vita að nóg er af námskeiðum um lestrarkennslu á vegum Miðju máls og læsis. Vonandi skilar þetta sér síðan í betri niðurstöðum í næstu PISA könnun.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það skal tekið fram að samkvæmt PISA fer árangur barna í Reykjavík batnandi í öllum greinum milli 2015 og 2018.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið að ræða um árangur barna í lestri og lesskilningi en ekki í öðrum fögum/greinum. Ekki er hægt að líta framhjá mælingum PISA bar sem ítrekað hefur komið fram að íslenskir nemendur standa sig marktækt verr í lestri og eru slakari í lesskilningi í samanburði við nágrannabjóðir. Staða barna í lestri og lesskilningi fer versnandi eins og sjá má af síðustu niðurstöðum PISA könnunar og Lesskimun síðustu ára. Samkvæmt PISA 2018 lesa um 34% drengja 14/15 ára sér ekki til gagns og 19% stúlkna. Ef lítið er lengra til baka þá hefur frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningi samkvæmt niðurstöðum PISA ekki breyst marktækt frá könnun PISA árið 2015 en þó hefur nemendum sem ekki ná grunnhæfniviðmiðum lesskilnings fjölgað hlutfallslega. Þriðji hver drengur og fimmta hver stúlka mælast ekki vera með grunnhæfni í lesskilningi. Áleitnar spurningar hafa þess vegna vaknað um hvort læsisstefna stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga og metnaðarfullar áætlanir séu byggðar á réttum forsendum og áherslum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tekið skal fram að eins og fram kemur á fundinum er mikill metnaður lagður í mælingar á lesskilningi nemenda, en eins og fram kom á 184. fundi skóla og frístundaráðs sem fram fór í vor, þá er í undirbúningi nýtt lesskilningspróf sem hentar betur nútímaaðstæðum íslenskra barna.

10. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. október 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 167. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjármagn til skóla- og frístundasviðs sl. 5 ár. SFS2019080134

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að því sé haldið til haga að fjármagn sem fer til skóla- og frístundamála í Reykjavík hefur aukist um 4,6-4,7 milljarða árlega síðan 2018, sem er umfram hækkun vísitölu. Þó ber að halda því til haga að teknar hafa verið í notkun nýjar skólabyggingar sem hafa áhrif á slíka útreikninga. Skóla- og frístundasvið er lang umfangsmesta svið borgarinnar og menntamál eru forgangsmál, þess vegna er alltaf mikilvægt að fylgjast vel með því hvernig fjármagn er nýtt á sviðinu, hvar megi gera betur og hvar vanti upp á.

11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. október 2020, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 172. fundi skóla- og frístundaráðs, um fjölda nemenda í skólahljómsveitum og biðlista. SFS2019100057

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er af þeim fjölda barna eða 96 sem eru á biðlista að mikill áhugi er á því að komast í skólahljómsveit. Skólahljómsveitirnar hafa ekki nema 130 nemenda kvóta og fjármagn til þeirra miðast við þann fjölda. Mikilvægt er miðað við áhuga barna í borginni á að taka þátt í tónlistarstarfi og komast að í skólahljómsveit að endurskoða þarf kvótann og fjárveitingu til skólahljómsveita.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ný stefna um framtíð tónlistarkennslu í Reykjavík er núna á lokastigum og mun ávarpa málefni skólahljómsveita og tónlistarskóla.

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort þurft hefur að loka á áskriftir að skólamáltíðum veturinn 2019-2020 vegna ógreiddra reikninga? Ef svo er hvað eru þær margar? Einnig er spurt hve margar fjölskyldur hafa ekki getað greitt reikninga vegna áskrifta að skólamáltíðum á þessum tíma og hve margar að þeim fjölskyldum eru komnar með reikninga í vanskil eða eru á leið með þá í vanskil? Hve margar fjölskyldur hafa sótt um sérstakan styrk hjá Reykjavíkurborg til að greiða reikninga fyrir skólamáltíðir barna sinna? Hve margar fjölskyldur hafa fengið slíkan styrk í vetur? Hvað eru margir nemendur í áskrift að skólamáltíðum í Reykjavík?

SFS2020100184

- Kl. 16.44 vikur Elín Oddný Sigurðardóttir af fundinum.
- Kl. 16.50 vikja Diljá Ámundadóttir Zoëga og Guðrún Gunnarsdóttir af fundinum.

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Afleysingastofa er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar þar sem einstaklingum gefst tækifæri til þess að skilgreina sjálfir sinn vinnutíma og vinna á þeim tíma sem þeir óska eftir. Í fyrsta fasa verkefnisins var um störf á leikskólum Reykjavíkurborgar að ræða en nú hefur fleiri starfsstöðum verið bætt við á skóla- og frístundasviði og á velferðarsviði. Afleysingastofa er nýjung hjá Reykjavíkurborg en byggir á erlendri fyrirmynd og er fyrirkomulagið til dæmis þekkt í Skandinavíu. Hver hefur árangur verið af þessu verkefni þegar kemur að mönnum starfa í skóla- og frístundastarfi? Hve margir hafa verið ráðnir til starfa í gegnum Afleysingastofuna?

SFS2020100185

14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks ítreka tillögu sína frá 25. ágúst sl. Lagt er til að kostnaðarmat verði fengið vegna kaupa á hugbúnaði og vélbúnaði handa öllum kennurum sem starfa hjá Reykjavíkurborg og ekki hafa viðeigandi hugbúnað og vélbúnað til þess að sinna starfi sínu utan skólanna.

Frestað. SFS2020080230

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð fundi vikulega meðan neyðarstig ríkir vegna Kórónuveirufaraldursins. Mikilvægt er að ráðið fylgist vel með stöðu mála hvað varðar skólana og allar þær starfsstöðvar sem undir ráðið heyra. Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á rekstri og skólastarfi í borginni og undir ráðið heyra samtals 27.560 einstaklingar eða 6.200 börn í leikskólum, 500 börn sem dvelja hjá dagforeldrum, 15.100 nemendur í grunnskólum, 250 manns sem stunda nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur og 5.510 starfsmenn sem heyra undir sviðið. Með þessa umfangsmiklu starfsemi í huga er nauðsynlegt að ráðið fundi vikulega til að fylgjast með framvindu mála og geta brugðist hratt við þeim aðstæðum sem geta komið upp vegna farsóttarinnar.

Frestað. SFS2020100186

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir að lagðar verði fram allar fundargerðir Neyðarstjórnar sem snúa að skólamálum á næsta reglulega fundi ráðsins.

SFS2020100187

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að fá stöðu biðlista eftir leikskólaplássi. Óskað er eftir sundurliðun eftir hverfum og ennfremur eftir aldri. Sérstaklega er óskað eftir að fá upplýsingar um hversu mörg börn 12 mánaða og eldri eru á biðlista og sömuleiðis hversu mörg börn 18 mánaða og eldri eru á biðlista. Óskað er eftir að þessar upplýsingar verði lagðar fram á næsta reglulega fundi ráðsins.

SFS2019090106

18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um hvort öllum þeim börnum sem lofað var aðlögun í leikskóla í haust hafi getað hafið hana.

SFS2019090106

19. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um hversu oft skóla- og frístundasvið hefur nýtt sér aðstöðu til funda í Kjarvalsstofu og af hvaða tilefni. Óskað er sundurliðaðs lista yfir tilefni, hverjir sátu fundina og hver var kostnaður hvers fundar. Þá er jafnframt óskað eftir því að kvittanir fylgi með fyrir hvern viðburð. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við aðgangskort að Kjarvalsstofu og hver sé handhafi þess.

SFS2020100188

**Fundi slitið kl. 17:09**

Alexandra Briem  
Marta Guðjónsdóttir

Kolbrún Baldursdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir